



Moses Hightower  
tónlist 20



Viggó og Víóletta  
eftirsótt  
popp 58



spottið 10

Olweusaráætlunin\*

Tekið við  
umsóknum frá  
leik-, grunn- og  
framhaldsskólum

Nánari upplýsingar  
á [www.olweus.is](http://www.olweus.is)

\*styrkt af Pokasjóði



# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

11. ágúst 2012  
187. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt reitmiðlaskerminum Capacent Cellun júlí - mars 2012



Gróðurvin í Nátthaga

Ólafur Sturla Njálsson  
breytti nauðbitnum móa í  
aldingarð á 25 árum.

trjárækt 24



Um eftirlíkingar

Katrín Sigurðardóttir ein-  
beittir sér að því að afhjúpa  
blekkingar yfirborðsins.

myndlist 18

Stefnir á Ólympíuleika

Skagamærin Jófríður Ísdís  
Skaftadóttir er landsmóts-  
meistari í kringlukasti.

krakkar 40

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Fólk | Atvinna | Crossfit



**VINNINGSMYND** Guðmundur Árnason smeltti mynd af heimspekilegum sandlóunga á vappi við höfnina á Grenivík fyrir þremur vikum. Haustlitir höfðu látið á sér kræla vegna þurks í veðráttunni og skreyttu sviðið. Guðmundur fær 1. verðlaun í sumarmyndasamkeppni Fréttablaðsins. **Sjá síðu 22**

## Gagnrýnir skipulag Hörpu

Stjórnarformaður rekstrarfélags Hörpu segir að allt of seint hafi verið farið í að brjóta upp rekstrarfyrirkomulag félagsins. Hún hefur bókað um málið frá því hún tók við eftir hrun. Útilokar ekki afsögn sína.

**STJÓRNSÝSLA** Taka hefði átt upp skipulag Hörpu miklu fyrir að mati Þórunnar Sigurðardóttur sem skipuð var stjórnarformaður Ago, rekstrarfélags Hörpu, af menntamálaráðherra vorið 2009. Þórunn segir að breyta hefði þurft öllu upplaggi Hörpu, ekki síst hvað fjöldi félaga varðar.

„Þetta er tekið beint áfram eins og þetta var fyrir hrun. Ég hefði vilja láta taka þetta allt saman upp og auðvitað hefur það verið gert að

einhverju leyti, en það hefði þurft að gera miklu meira. Ég varaði við því að farið væri út svona rekstrarmódel, sem hvergi er brúkað annars staðar í heiminum í sambærilegum húsum.“

Þórunn segir að málið snúist ekki aðeins um fjölda stjórna, heldur grunnhugmyndafræðina sem hefði þurft að endurskoða. „Ég hef gagnrýnt þá hugmyndafræði að hafa þetta í svona mörgum félögum, en einnig allt skipulagið. Menn héldu að

það væri hægt að græða endalaust á listviðburðum og ráðstefnum. Við sem höfum verið í þessum bransa vitum að svo er ekki.“

Þórunn hefur bókað þá skoðun sína á stjórnarfundum frá því að hún tók við, en rekstri Hörpu er enn skipt upp í mörg félög. Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningar- málaráðherra, sagði í Fréttablaðinu á fimmtudag að ákveðið hefði verið að fá reynslu á reksturinn áður en farið yrði í gagngerar breytingar.

Þórunn tekur undir að ákveðið hafi verið að láta reyna á fyrirkomulagið. „Þetta var spurning um að láta á þetta reyna, ef svo má segja. Útkoman er eins og hún er og það hefði þurft að taka þetta upp miklu fyrir.“

Áætlaður taprekstur Hörpu árið 2012 er 407 milljónir. Þórunn segir stjórnarmenn bera mikla ábyrgð og útilokar ekki afsögn. „Það fer svolítið eftir því hvernig spilast úr þessu núna.“

- kóp / sjá síðu 6





Svavar Steinarr, verður heilmikill glömmugangur í kringum útgáfuna?

Já, það verður villt geim upp um allar gardínur.

Svavar Steinarr Guðmundsson er frá bókaútgáfunni Lesstofnunni sem stendur að endurútgáfu Vögguvísu eftir Elías Mar en í þeirri bók eru slanguryrði með myndarlegasta móti.

Vatnsskortur á Akureyri:

## Vatnsnotkunin óeðlilega mikil

**AKUREYRI** Magn vatnsbirgða á Akureyri er nú komið í samt lag eftir að hafa verið orðið hættulega lítið í gær og fyrradag. Samkvæmt upplýsingum frá Norðurorku spilðu margir þættir saman til þess að hleypa af stað ástandinu síðasta sólarhring.

Verið var að gera við nokkrar lindir, óvenju þurrst hefur verið á Norðurlandi svo lítið vatn var í lindunum, skemmtiferðaskip voru að taka ferskvatn í miklu magni og almenn vatnsnotkun nokkuð mikil.

Ekki er búist við að ástandið endurtaki sig um helgina. - bph



LEITAD Þyrla ferjaði björgunarfólk á slystað. NORDICPHOTOS/AFP

Mannskætt flugslys í Noregi:

## Þrír létust við brotlendingu

**NOREGUR** Þrír létust þegar flugvél af gerðinni Cessna 172 brotlenti í fjallshlíð við Søvnet í Noregi.

Tvær flugvélar flugu samferða þegar slysið varð, en aðeins önnur brotlenti. Fólk í nærliggjandi bæ heyrði háværan hveíl þegar flugvélin lenti á fjallinu, og er vélin gjörónýt.

Sterk bensínlykt var á slystað þegar björgunarlið mætti á svæðið, sem gerði allar aðgerðir mun erfiðari. Slæmt veður, rigning og lélegt skyggni var björgunarfólki einnig til trafala.


Lögreglan vinnur nú að því að bera kennsl á líkin en vélin var skráð í Þýskalandi. - ktg

Þrír gígar á eldfjöllum á reikistjörnunni Merkúrúsi heita eftir Íslendingum:

## Nefna gíg í geimnum eftir Nínu

**VÍSINDI** Örnefnanefnd Alþjóðasambands stjarnvísindamanna (IAU) hefur samþykkt tillögur vísindahóps Messenger-geimfars NASA um nafngiftir á ný gígum við norðurpól Merkúrúsar (Merkúr), innstu reikistjörnu sólkerfisins. Einn þessara gíga var nefndur eftir íslensku myndlistarkonunni Nínu Tryggvadóttur.

Þetta kemur fram í frétt á Stjörnufræðivefnum og jafnframt að stórir gígar á Merkúrúsi séu nefndir eftir heimskættum látnum listamönnum,



**MERKÚR(ÚS)** Er innsta og minnsta reikistjarna sólkerfisins. Messenger-geimfarið hefur verið á braut um stjörnunna frá því í mars 2011.

tónlistarmönnum og rithöfundum, eða öðrum sem lagt hafa sitt af mörkum til að göfga manns-

andann. Á Merkúrúsi eru þannig gígarnir Beethoven, Mozart, Dickens, Hemingway, Goya og Picasso svo dæmi séu nefnd.

Gígurinn Tryggvadóttir er nánast alveg á norðurpól Merkúrúsar, við hlið gígsins Tolkiens. Hann er 31 kílómetri í þvermál.

Nína Tryggvadóttir er ekki eini Íslendingurinn sem minnst er á Merkúrúsi. Gígarnir Sveinsdóttir og Snorri eru nefndir eftir listakonunni Júlíönu Sveinsdóttur og sagnaritaranum Snorra Sturlusyni. Fleiri staðir í sólkerfinu bera íslensk nöfn. - shá

Tvisvar með trollið í skrúfunni:

## Dreginn tvisvar á stuttum tíma

**SJÁVARÚTVEGUR** Þorlákur ÍS var dreginn til hafnar í Bolungarvík á fimmtudag af togaranum Páli Pálssyni, en Þorlákur hafði fengið veiðarfærin í skrúfunu þegar báturinn var að makrélveiðum, samkvæmt frétt á vikari.is.

Þetta er í annað skiptið á nokkrum vikum sem Þorlákur er dreginn til hafnar með veiðarfærin í skrúfunni.

Kafarar hófust strax handa við að skera trollið úr skrúfunni svo hægt yrði að koma skipinu fljótlega til veiða aftur. - shá

# Risavaxinn sveppur fannst í Borgarfirði

Reyndur sveppatínslumaður rakst á tröllvaxinn kóngssvepp í Borgarfirðinum í gær. Um er að ræða vinsælan ætisvepp sem á það til að verða tröllvaxinn, segir sveppafræðingur. Sveppurinn vegur 2,6 kíló og er 33 sentimetrar í þvermál.

**NÁTTÚRA** „Ég held að þetta hljóti að vera stærsti sveppur á Íslandi,“ segir Raimundas Valasinavicius, reyndur sveppatínslumaður, um risavaxinn kóngssvepp sem hann fann í Borgarfirðinum í gær. Raimundas hefur tínt sveppi í meira en þrjátíu ár, bæði í föðurlandi sínu Litháen og hér á landi, hvar hann hefur nú verið búsettur í tólf ár.

„Ég hafði ekki hugmynd um að þeir gætu orðið svo stórir, þó hef ég séð þá marga mjög stóra.“

Hann ætlar sér þó ekki að leggja sér sveppinn til munnis, þar sem líklegt verði að teljast að flugulirfur og önnur skordýr séu búin að gera sig heimakomin í honum sökum stærðar og aldurs.

Raimundas fann kóngssveppinn í einni af sínum árlegu sveppatínsluferðum. Ferlíkið vegur 2,6 kíló, svipað og meðalstórt lambalæri, er 33 sentimetrar í þvermál, sem er örlítið stærra en þvermál Fréttablaðsins, og 30 sentimetrar á hæð, eins og lengdin frá byrjun þessarar fréttar og niður blaðsíðuna.

Guðríður Gyða Eyjólfssdóttir, sveppafræðingur Náttúrufræðistofnunar, segir þessa tilteknu tegund geta orðið mjög stóra. Önnur tegund, jötungíman, getur þó orðið mun stærri, en hún er af öðrum toga og myndar ekki staf og svepp, heldur eina stóra kúlu.

„Allra stærstu sveppir í heimi geta orðið yfir tvö þúsund ára gamlir og náð yfir nokkra hektara. En þeir vaxa ofan í jörðinni og sjálft aldinið verður aldrei svo stórt,“ segir Guðríður.

Kóngssveppur myndar svepprót með mörgum gerðum af trjá-



**SÁ STÆRSTI HINGAÐ TIL** Raimundas hefur tínt sveppi í meira en þrjátíu ár og hefur aldrei séð annað eins ferlíki og þennan kóngssvepp sem hann fann í Borgarfirðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Einn vinsælasti ætisveppurinn

Kóngssveppur, eða ætilubbi (*Boletus edulis*), er algengastur á Vesturlandi og Vestfirðum, en er einnig að finna í Borgarfirðinum og víðar. Hann er líkur kúalubba í útliti (*Leccinum scabrum*) en getur orðið mun stærri. Kóngssveppurinn sem Raimundas fann er með þeim stærstu sem fundist hafa hér á landi. Sveppurinn er kenndur við Karl Jóhann Sviakonung og er einn af vinsælustu ætisveppum hér á landi.

rótum, er mjög fjölhæfur í því, að sögn Guðríðar. „Það er einmitt oft mikið af kóngssvepp í Borgarfirði þar sem þessi fannst,“ segir hún. Eitt af einkennum tegundarinnar er eins konar möskvamunstur efst á stofnin-

um. Annars getur kúalubbinn verið svipaður kóngssveppnum, en hann er mun minni. Guðríður segir þetta sennilega vera einn af stærstu sveppum sem fundist hafa á landinu. sunna@frettabladid.is



**VIÐ STÓRU LAXÁ Í HREPPUM** Mörg góð veiðivötn byggja á stofnum sem ganga upp Hvítá og Ölfusá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bændur við Hvítá og Ölfusá:

## Taka upp netin vegna laxleysis

**NÁTTÚRA** Hópur netaveiðirétt-hafa í Ölfusá og Hvítá mælast til þess að netaveiðibændur dragi úr veiðisókn eða taki upp netin á vatnasvæðinu það sem eftir lifir veiðitíma í sumar. Þetta er gert vegna lítillar laxveiði á svæðinu það sem af er veiðitímans.

Hópurinn fundaði með fulltrúa Veiðimálastofnunar á miðviku-dag til að ræða ástand fiskistofna á vatnasvæðinu.

Í ályktun fundarins segir að nauðsynlegt sé að láta laxastofna á svæðinu með þessari aðgerð njóta vafans, og stuðla þannig að því að fleiri laxar náí að hrygna til að bæta seiðabúskap ána.

Netaveiði á svæðinu hefur lengi verið umdeild en seinkun á netaveiði um tvær til þrjár vikur snemmsumars hefur undanfarið ár verið felld af Veiðifélagi Árnesinga. - shá

### NEYTENDUR

#### Bjöllur fundust í höfrum

Matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur innkallað heila hafra – oatgroats frá Heilsu ehf. eftir að bjöllur fundust í pakkningunum. Um er að ræða pakkningar merktar best fyrir lok desember 2012. Neytendur eru beðnir um að skila vörinni eða farga henni.

# ZUMBA

Dansaðu þig í form með einföldum sporum, skemmtilegri tónlist og góðum félagsskap.

**Jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna**

- Zumba - Þri og fim kl. 17:30
- Zumba Toning - Þri og fim kl. 16:30
- Þjálfari: Eva Suto - 4 vikur
- Hefst 14. ágúst. Verð kr. 12.900,-



**HEILSUBORG**

Faxafeni 14 • Sími 560 1010  
www.heilsuborg.is



Rótgróin tækni læknávisindanna nýtist við íslenska rannsókn á saltfiski:

## Skoda saltfisk með segulómum

**RANNSÓKNIR** Matís og Íslenskir saltfiskframleiðendur (ISF) standa að nýju verkefni þar sem dreifing salts og vatns um vöðva í saltfiski verður rannsökuð og hvernig mismunandi meðhöndlun hefur áhrif á gæði lokaafurðarinnar. Til verkefnisins fékkst styrkur frá AVS-rannsóknasjóði. Meðal markmiða verkefnisins er að finna ástæðu þess að gallar finnast í fiskinum og að koma í veg fyrir myndun þeirra með bættum verkunaraðferðum. Lokamarkmiðið er að bæta vöru sem flutt er á hefðbundna markaði og vinna nýja.

Stuðst verður við nýjustu tækni-framfarir innan matvælarannsóknna, meðal annars segulómum, auk hefðbundinna efna- og eðliseiginleikamælinga. Segulómum kannast flestir við, en þá í samhengi við rannsóknir á sjúkráhusi. Rannsóknir með tækninni innan matvælarannsóknna eru tiltölulega nýjar af



**Í FISKBORÐINUM** Verkun á fiski er ólík milli svæða og ekki á það síður við um helstu saltfiskmarkaði en hér á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

nálinni og hafa fram að þessu ekki verið framkvæmdar í íslenskum verkefnum.

Í verkefninu verður segulóm-tæknin notuð til að veita innsýn í

uppbyggingu vöðvans og dreifingu vatns og salts um hann með myndrænum hætti. Einn helsti kostur þessarar tækni er að hún hefur engin áhrif á sýnin. - shá

# F plús fjölskyldutryggingar í öllum regnbogans litum



GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	119,52 120,10
Sterlingspund	186,55 187,45
Evra	146,63 147,45
Dönsk króna	19,697 19,813
Norsk króna	20,164 20,282
Sænsk króna	17,828 17,932
Japanskt jen	1,5228 1,5318

SDR 179,97 181,05

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
206,4053

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**MANNSHVARF** Norska lögreglan telur það hafa verið rétta ákvörðun að biðja um að aðgangur Schjetne yrði frystur.

Norska lögreglan í vanda:

## Missti aðgang að Facebook-síðu Schjetne

**NOREGUR** Lögreglan í Noregi komst inn á Facebook-aðgang Sigríð Giskegerde Schjetne, sem hefur verið saknað síðan á aðfaranótt sunnudagsins.

Aðganginn fékk lögreglan í gegnum farsíma sem tilheyrði Schjetne og fannst á víðavangi.

Lögreglan hafði samband við forsvarsmenn Facebook í kjölfarið og það um að síða stúlkunnar yrði fryst svo aðrir gætu ekki breytt henni. Við þessu varð Facebook, en við breytinguna var aðganginum læst, líka fyrir lögreglunni, samkvæmt nrk.no.

Facebook neitar nú lögreglunni um frekari aðgang að síðu stúlkunnar en hefur valið upplýsingar af henni fyrir lögregluna sem er afar ósátt. - ktg

### LEIÐRÉTT

Afmalistónleikar Akureyrarbæjar verða haldnir á Akureyrarvöku, að kvöldi 1. september næstkomandi, en ekki miðvikudagskvöldið 29. ágúst eins og skrifað var á baksíðu Fréttablaðsins í gær.

Ranghermt var í frétt blaðsins um mögulega vatnspurrð í Flatey á Breiðafirði, sem birtist í fyrradag, að gert sér ráð fyrir nýrri verslunar- og þjónustulóð í skipulagi eyjarinnar. Aðeins mun gert ráð fyrir þremur nýjum sumarhúsalóðum eyinni.

Bandaríkin sniðgengu fund Írana um átökin í Sýrlandi og Bretar styrkja uppreisnarmenn í landinu enn frekar:

# Vopnabirgðir uppreisnarmanna þverra

**SÝRLAND, AP** Sýrlenskir uppreisnarmenn eiga við vanda að etja því skotfæri þeirra eru nú af skornum skammti. Stjórnarher Bashars al-Assad gerir enn þungar árásir á virkisborgina Aleppo í norðurhluta landsins.

„Við berjumst með AK-47 hríðskotarífflum gegn orrustuþotum,“ sagði Mohammad al-Hassan, uppreisnarmaður í helsta virki uppreisnarmanna í Aleppo, þegar hann lýsti bardögum síðustu daga. „Ég veit ekki hversu lengi við höldum þetta út.“

Annar uppreisnarmaður í Aleppo sagði sýrlenska herinn láta sprengjum rigna yfir hverfi á valdi uppreisnarmanna. Bráðlega væri ekkert eftir til að rústa í borginni eftir tveggja vikna bardaga þar.

Íranar kölluðu saman þrjátíu fulltrúa jafnargra þjóðríkja í gær. Fundurinn var meðal annars sóttur af fulltrúum Rússlands og Kína en ólíklegt er talið að hann hafi mikið vægi á alþjóðavísu. Fundurinn er einnig talinn merki um staðfastan stuðning Írans við stjórnvöld í Sýrlandi. Íranar segja markmiðið hafa verið að skerpa umræðuna í alþjóðasamfélaginu um ástandið í Sýrlandi.

Bandaríkin sniðgengu fundinn og sögðu hegðan Írana hafa vond áhrif á ástandið í Sýrlandi. Þá sendu Bretar uppreisnarmönnum fimm milljón punda hjálparaðstoð til viðbótar við það sem þeir höfðu áður sent. Styrkurinn er að andvirði tæplega eins milljarðs íslenskra króna. - bph



**PUNGAR ÁRÁSIR** Sýrlenskir hermenn taka sér stöðu gegn uppreisnarmönnum sem skortir vopn til að halda aftur af þungum árásum stjórnarhersins. NORDICPHOTOS/AFP

# Tekið tillit til vanda framhaldsskólanna

Katrín Jakobsdóttir segir að um leið og svigrúm skapist verði fjárframlög til framhaldsskólanna aukin. Tekið verði sérstakt tillit til þeirra í fjárlögum 2013. Hún vill að úrræði til að styrkja atvinnulausa til náms verði varanleg.

**MENNTAMÁL** Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir að sérstakt tillit verði tekið til framhaldsskólanna í fjárlagavinnu næsta árs. Eigi það bæði við um skólana í heild, en einnig einstaka skóla sem standa illa. Niðurskurður í rekstri skólanna hafi verið mikill og ýmsir framhaldsskólar eigi mjög erfitt.

„Smærri skólar úti á landi hafa verið nefndir til sögunnar. Þeir eiga í erfiðleikum og ekkert má út af bregða í þeirra rekstri. Skólar eins og bekkjarkefisskólarnir í Reykjavík eiga einnig í vanda. Þeir hafa boðið upp á bóknám og hafa þar af leiðandi ekki getað tekið þátt í verkefninu. Nú er vinnandi vegur. Þeir eru orðnir mjög aðþrengdir með sína starfsemi.“

Katrín segir það verkefni hafa gefið góða raun og fyrstu teikn séu nú á lofti um að brottfall sé að minnka. Tölur séu þó lítt marktækar og lengri tíma þurfi til að meta árangurinn. Aldrei hafi þó fleiri verið í námi en einmitt núna.

Atvinnuleysi hefur lengst af verið lítið hér á landi og Katrín segir að kerfið hafi einfaldlega ekki verið í stakk búið við að taka á móti miklum fjölda atvinnulausra. Margir sem hafi misst vinnuna hafi ekki komist í nám og þurft að þiggja atvinnuleysisbætur.



**SKÓLASTARF** Menntamálaráðherra segir ótækt að sumir skólar ráði ekki við að borga forfallakennurum laun. Tekið verði sérstakt tillit til framhaldsskólanna í fjárlögum næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Varanleg úrræði

Verkefnið Nám er vinnandi vegur er unnið í samvinnu við fulltrúa vinnumarkaðarins og er ætlað að hvetja fólk til náms. Atvinnuleysisstryggingasjóður styður fólk til náms og býður upp á framfærslu.

Verkefnið var í tilraunaskyni, en Katrín segir það hafa gefið góða raun og vill að úrræði af þessu tagi verði varanleg.

„Þó að við sjáum sem betur fer fram á minnkandi atvinnuleysi þarf kerfið samt sem áður að vera tilbúið að takast á við það. Það þarf einmitt að virka þannig að fólk fari frekar í nám. Ég held að við eigum að draga

lærdóm af verkefninu og hafa þessi úrræði varanlega inni í kerfinu.“

Katrín segist ekki geta lofað auknum fjármunum í skólakerfið núna, en ef svigrúm skapist, eins og vonir standi til, séu næg verkefni og horft verði sérstaklega til framhaldsskólanna. Hins vegar sé staða framhaldsskólanna verulegt áhyggjuefni.

„Niðurskurðurinn var þannig að allt aukreitis var skorið af. Það er mjög erfitt og þungt viðureignar ef skólarnir geta ekki einu sinni borgað forfallakennurum laun lengur. Ef þetta hangir á því að enginn má veikjast í kennaraliðinu erum við farin að horfa á að þetta ógni strúktúrnum. Þannig er staðan sums staðar.“ kolbeinn@frettabladid.is

## Þjóðþing Líbíu kys forseta: Óvinur Gaddafi kjörinn forseti

**LÍBÍA, AP** Hið nýstofnaða líbíska þing kaus bráðabirgðaforseta landsins í gærmorgun. Nýr forseti heitir Mohammed el-Megarif en hann var leiðtogi stærsta og rötgrónasta stjórnarandstöðuflokksins í Líbíu á meðan Moammar Gaddafi var enn einræðisherra í Líbíu.

El-Megarif hefur verið í útleög í Bandaríkjunum síðan á níunda áratugnum. Hann mun sitja þar til ný stjórnarskrá hefur verið samþykkt á næsta ári.

Förysta þjóðarinnar til frelsunar Líbíu, flokkur el-Megarif, gerði margar tilraunir til að enda 42 ára valdatíð Gaddafi, meðal annars með morðtilraunum á einræðisherranum. - bph

Margir heimilislausir eftir flóð:

## 60 látnir eftir flóð í Maníla

**FILIPPSEYJAR, AP** Talið er að sextíu manns hið minnsta hafi týnt lífinu í flóðunum í Maníla, höfuðborg Filippseyja, í vikunni. Öllum þeim rúmlega 360 þúsund manns sem höfðu leitað í neyðarskýli var leyft að snúa til síns heima í gær.

Flóðin hafa lagt heimili margra í rúst. „Sumir eiga ekkert heimili lengur, engan mat og engin fót nema þau sem þau eru í,“ segir Benito Ramos, yfirmaður almannaavarna í borginni. Það fólk sem ekki getur snúið aftur heim bíður enn ráðalaust í skýlunum.

Flóðin hafa skilið heilleg heimili eftir full af eðju og eyðilagt innastokksmuni. „Það var erfitt að horfa upp á þetta þegar við flugum yfir,“ segir Ramos. „Nú björgum við ekki fleirum heldur ráðumst í tiltekt.“ - bph

**Billund**  
flug frá **13.900 kr.\***

Flugsæti aðra leið með sköttum. Netverð á mann.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • www.heimsferðir.is

### VEÐURSPÁ

**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**HELLIDEMBA** verður með köflum um vestanvert landið um helgina. Sunnanlands verður einnig væta en magnið mun minna. Áfram verður bjartast og hlýjast á Norð-austurlandi og því ferðavænasta veðrið þar um helgina.

**Á MORGUN** Strekkingur með S-ströndinni, annars hægar.

**MÁNUDAGUR** Strekkingur með S-ströndinni, annars hægar.

HEIMURINN	°C
Alicante	33°
Basel	27°
Berlín	21°
Billund	22°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	24°
Gautaborg	21°
Kaupmannahöfn	21°
Las Palmas	28°
London	22°
Mallorca	34°
New York	29°
Orlando	33°
Ósló	22°
París	26°
San Francisco	26°
Stokkhólmur	20°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# VIÐHALDS DAGAR



VIÐARPARKET  
VERÐ FRÁ:

**3.890**

kr. fermetrinn

PLASTPARKET  
VERÐ FRÁ:

**895**

kr. fermetrinn

GÓLFEFNAKYNNING

## Í DAG

Innanhússarkitekt veitir ráðgjöf og kynnis það nýjasta í gólfefnum í Skútuvogi í dag kl. 13-16. Fáðu ráðgjöf og frábært verð.

**20%**  
afsláttur  
af allri  
Jotun  
innimáningu



VEGGFLÍSA  
VERÐ FRÁ:

**990**

kr. fermetrinn

GÓLFFLÍSA  
VERÐ FRÁ:

**1.490**

kr. fermetrinn



EMMEVI

Emmevi blöndunartæki

**13.995 kr.**

Áður: 15.995 kr.  
Vnr.7900023



Sjáðu úrvalið í netblaðinu  
á [www.husa.is](http://www.husa.is)



**HÚSASMÍÐJAN**

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956

## KJÖRKASSINN



Finnst þér menningarlegur ávinningur tónlistarhússins Hörpu réttlæta taprekstur?

JÁ 18,7%  
NEI 81,3%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér verð á lambakjöti sanngarnt?

Segðu skoðun þína á vísir.is

## Hálfsársuppgjör Icelandair Group sýnir að mikil breyting hefur orðið á afkomu félagsins frá sama tíma í fyrra:

# Hagnaðurinn fjórfalt meiri en á síðasta ári

**VIÐSKIPTI** Icelandair Group hagnaðist um 1,7 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi þessa árs. Það er rúmlega fjórum sinnum meiri hagnaður en félagið skilaði á sama tíma í fyrra, en hagnaður þess frá byrjun apríl til loka júnímánaðar 2011 var 400 milljónir króna á gengi dagsins í dag. Þetta kemur fram í hálfsársuppgjöri félagsins sem birt var í gær.

Hagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta var tæplega 3,5 milljarðar króna og jókst um 1,4 milljarða króna á milli ára.

Þegar horft er á fyrstu sex mán-

uði ársins hefur Icelandair Group hagnast um 135 milljónir króna, en félagið skilar vanalega tapi á fyrsta ársfjórðungi enda markaðir þess í lægð á þeim tíma. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 tapaði Icelandair Group hins vegar um 695 milljónum króna. Því er um 730 milljóna króna viðsnúning að ræða frá síðasta ári.

Í tilkynningu frá Icelandair Group er haft eftir Björgólfi Jóhannssyni, forstjóra félagsins, að afkoma þess á öðrum ársfjórðungi hafi verið góð og talsverð betri en á sama tímabili í fyrra. „Arðbær



**BÆTT AFKOMA** Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segir afkomubættingu vera að stóru leyti tilkomna vegna mikillar fjölgunar á farþegum milli Evrópu og Norður-Ameríku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

innri vöxtur einkenndi fjórðunginn og þá sérstaklega í millilandaflugum félagsins. Farþegum fjölgaði mikið og einkum á markaðinum milli Evrópu og Norður-Ameríku. Einnig var töluverður vöxtur á ferðamannamarkaðinum til Íslands sem hefur jákvæð áhrif á rekstur samstæðunnar og alla íslenska ferðaþjónustu.

Icelandair Group er skráð á hlutabréfamarkað. Stærstu eigendur félagsins eru Framtakssjóður Íslands (19 prósent), Lífeyrissjóður verslunarmanna (14,3 prósent) og Íslandsbanki (11,7 prósent). - þsj



**LÍK** Gera á átak í því að tilgreina rétta dánarorsök í bresku heilbrigðiskerfi.

Átak í heilbrigðiskerfinu:

## Röng dánarorsök oft gefin

**BRETLAND** Læknar á Bretlandi gefa ófullnægjandi upplýsingar um dánarorsök í fjórðungi tilfella. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem gerð var innan breska heilbrigðiskerfisins. Þar kemur einnig fram að í tíu prósentum tilfella sé röng dánarorsök skráð. Guardian segir frá þessu.

Auk óþæginda fyrir ættingja þýðir þetta að skráningu er ábótavant og röng mynd fæst af heilsufarsmálum þjóðarinnar. Algengt er að læknar kynni sér bakgrunn sjúklinga ekki nægilega vel. Sem dæmi er nefnt að hjá krabbameinssjúklingi sem deyr úr lungnabólgu er krabbameinið í raun dánarorsök. - ktg

Óhapp við Leifsstöð:

## Töskugámur rakst í flugvél

**LÖGREGLUMÁL** Töskugámur rakst í flugvél við Flugstöð Leifs Eiríkssonar í gær og var lögreglan kölluð út í kjölfarið.

Atvikið átti sér stað þegar verið var að lesta vélina. Talið er að færiband við lestarlúgu flugvélarinnar hafi ekki verið rétt stillt, með þeirri afleiðingu að töskugámurinn rakst utan í flugvélina. Nokkrar skemmdir urðu á flugvélinni en þær eru minniháttar. - ktg

# Stjórnarformaður útilokar ekki afsögn

Þórunn Sigurðardóttir útilokar ekki afsögn sem stjórnarformaður félags um rekstur Hörpu. Hún segir ábyrgð stjórnarmanna mikla. Áætlaður taprekstur Hörpu í ár er 407 milljónir. Hún segir hugmyndafræði hússins vera ranga.

**STJÓRNSÝSLA** „Ég hef haft miklar efasemdir um að þetta mundi ganga svona áfram. Hins vegar má segja að við sem erum hér í stjórnnum berum auðvitað ábyrgð. Á meðan maður segir ekki af sér, þá ber maður náttúrulega ábyrgð.“ Þetta segir Þórunn Sigurðardóttir, stjórnarformaður Ago, rekstrarfélags Hörpu. Áætlað er að tap Hörpu í ár nemi 407 milljónum króna. En hyggur Þórunn á afsögn?

„Það veit ég ekki, ég hef ekki tekið ákvörðun um það. Það fer svolítið eftir því hvernig þetta spilar núna. Hér var að byrja nýr forstjóri og það er gríðarlega mikilvægt að hann hafi stuðning til þess að taka á þeim málum sem þarf að taka á. Þau eru stór og erfið og ég mun gera það sem ég tel best fyrir húsið, það er það eina sem ég get sagt.“

Þórunn er fulltrúi menntamálaráðherra í stjórn og segist vera í góðu sambandi við hann. Eigendur Hörpu séu hins vegar margir og mikilvægt sé að vinna að því að finna góða framtíðarlausn, að því sé unnið.

„Við sem erum hér í stjórnnum berum mjög mikla ábyrgð, það er auðvitað alveg ljóst. Það talar auðvitað hver fyrir sig, en auðvitað hugsar hver sinn gang í því.“

Þórunn var beðin um að koma að rekstri Hörpu fyrir hrún þegar allir töldu verkefnið á góðri siglingu. Hún segist hins vegar hafa gert sér grein fyrir því að upplaggið væri ekki burðugt. Ljóst hafi verið frá upphafi að húsið yrði dýrt í rekstri, en það megi ekki sliga innra starfið.



**HARPA** Stjórnarformaður segir óþekkt í veröldinni að starfsfólk taki við hálfkláruðu húsi, eigi að opna það og skila tekjum frá fyrsta degi. Hún hafi átt von á þeirri gagnrýni sem fram kom. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við sem erum hér í stjórnnum berum mjög mikla ábyrgð, það er auðvitað alveg ljóst.

**ÞÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR**  
STJÓRNARFORMAÐUR AGO



Þórunn segir að margar áætlanir hafi verið teknar upp þegar hún kom að stjórninni vorið 2009. Sú vinna hafi hins vegar einkennst af því að verið var að bjarga húsinu.

„Það má kannski segja að það hafi kostað það að menn fóru ekki almennilega í hugmyndafræðina á bak við reksturinn. Þetta er ekki bara spurning um fjölda stjórna, þetta er spurning um grunnhugmyndafræðina. Við erfum hana frá því fyrir hrún og það er það sem hefði þurft að taka fyrir upp.“

Þórunn segir að kröfurnar

sem gerðar hafi verið á starfsfólk Hörpu hafi verið fáheyrðar.

„Það hefur verið lagt gríðarlega mikið á starfsfólkið að fara inn í hálfklárað hús, opna það og eiga að skila tekjum frá fyrsta degi. Það er óþekkt í veröldinni. Þess vegna er svo margt í gagnrýninni núna sem ég hef átt von á.“

Starfsfólkið er þrátt fyrir allt það merkilegasta við Hörpu og það hefur staðið sig frábærlega, um það eru allir sem hér hafa komið fram sammála. Núna þurfum við öll að einbeita okkur að framtíðinni.“ kolbeinn@frettabladid.is

## 35 ára Dani í varðhaldi: Vildi sprengja ráðhús í Esbjerg

**DANMÖRK** Ungur Dani hefur nú setið í gæsluvarðhaldi í níu mánuði eftir að hafa skipulagt að sprengja upp ráðhúsið í Esbjerg.

Fyrirverandi eiginkona mannsins sagði til hans en lögreglan fann birgðir af áburði heima hjá manningnum. Einnig fannst mikið magn af efninu nitróglyseríni en aðeins hálfur líter hefði nægt til að jafna ráðhúsið við jörðu.

Sakamálið er fyrst að komast í fréttirnar núna, eftir að Esbjergnetavis.dk komst á snodir um málið í gær.

Maðurinn á langan brotaferil að baki. - ktg

## Hótelíð fékk Svansvottun: Grand Hótel umhverfisvænt

**UMHVERFISMÁL** Grand Hótel hefur nú bæði fengið Svansvottun og vottun frá Túni. Svansvottuninni fylgja afar strangar reglur um notkun á vatni, orku og hreinlætisvörum. Nú notar hótelíð til dæmis aðeins vottuð þvottaefni, en áður rann um eitt tonn af klóri í gegnum þvottahús hótelsins á ári.

Hótelíð fékk síðan vottun frá Túni, fyrir að bjóða upp á lífrænt ræktuð matvæli í morgunverðarhlaðborði sínu. Þetta mun vera fyrsta vottunin af þessari tegund sem veitt er á landinu. - ktg

### SUÐURNES

#### Kvartað undan hundum

Lögreglunni á Suðurnesjum hafa borist ótal kvartanir um lausagöngu hunda í umdæminu. Einn íbúi Njarðvíkur kvartaði undan hundi sem gerði þarfir sínar í garðinum hans. Atvikið er til á myndbandsupptöku og hefur verið tilkynnt til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

# Alicante

Flugsæti, 15. og 22. ágúst

Verð frá 19.900 kr.

Innifalið: Flug til Alicante og flugvallarskattar.

Vikulegt flug út október 2012.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á [VITA.is](http://VITA.is)

VITA er lífið

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | [VITA.is](http://VITA.is)



# Allt í skólann í einni ferð

skólaritföng

skólaföt  
skólatöskur

...og auðvitað  
nestið  
í skólann

Mikið úrval  
af vönduðum  
töskum!

Beckmann

IEVA

Southwest Bound Taska

3.899



Plastmappa

49



Trélitir  
199



Ydvari  
289



Minnisbók

869



Sílabækur  
289

Strokleður

19



Minnisbók  
999



Gildir til 15. ágúst.



**OPIÐ**  
allan sólarhringinn  
Garðabær, Skeifan,  
Eiðistorg & Akureyri

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

## FRÉTTASKÝRING: Mögulegar framkvæmdir við Þríhnúkagíg

## Búast við 500 þúsund gestum á tíu árum

Gert er ráð fyrir að tæplega hálf milljón gesta geti heimsótt Þríhnúkagíg á næsta áratug. Ljóst er að byggja þarf upp aðstöðu fyrir þennan fjölda. Frummatsskýrsla VSÓ gerir ráð fyrir útsýnispöllum og þjónustubyggingu í hellinum og betra aðgengi fyrir ferðamenn.

Áform eru uppi um mikla uppbyggingu í kringum Þríhnúkagíg, en hellirinn, sem er innan Bláfjallafólkvangs, er vinsæll áfangastaður ferðamanna. Fyrirtækið VSÓ ráðgjöf hefur unnið frummatsskýrslu um framkvæmdina. Samkvæmt henni gæti ferðamönnum í hellinum fjölgað gríðarlega á næstu árum og fjöldi þeirra farið að nálgast hálf milljón árið 2023.

Framkvæmdin felur í sér að gera Þríhnúkagíg og gíghvelfinguna aðgengilega almenningi og ferðamönnum. Í dag er hægt að síga niður í hellinn, en aðstaða er öll í lágmarki.

Þríhnúkagígur er innan sveitarfélagsmarka Kópavogsbæjar. Undir honum er 120 metra djúp gíghvelfing sem er sú dýpsta og ein sú stærsta í heiminum. Gígtoppurinn er í 550 metra hæð yfir sjávarmáli. Enginn vegur er að honum í dag, en hægt er að koma að Bláfjöllum eftir Bláfjallavegi og Bláfjallaleið.

## Í jaðri höfuðborgarsvæðisins

Björn Barkarson hefur unnið að verkefninu fyrir hönd VSÓ. Hann segir að miðað við þróun í ferðamannaiðnaðinum sé ekki óraunhæft að gera ráð fyrir sum miklum fjölda við hellinn á næstu árum.

„Þegar þetta er sett í samhengi við þróun og geiranum almennt hvað varðar fjölda ferðamanna er þetta raunhæft. Við sjáum að gestir í Bláa lónið eru á milli fjögur og fimm hundruð þúsund og um 200 þúsund manns koma að Skógafossi árlega.“

Björn bendir á að hellirinn sé skammt frá höfuðborgarsvæðinu, í aðeins um 20 kílómetra fjarlægð. Þá sé hann nánast í leiðinni að Gullna hringnum.

„Þegar litið er til þess að í dag koma yfir 70 þúsund gestir hingað bara á skemmtiferðaskipunum sé ég allar forsendur fyrir því að þangað gæti komið tölulverður fjöldi.“

## Á bilinu 25 til 39 prósent ferðamanna

Verði af framkvæmdunum er gert ráð fyrir að 25 til 39 prósent erlendra gesta sem sækja landið heim komi við í Þríhnúkagíg. Björn

## Þjóðlenda

Landið sem hellirinn er í er þjóðlenda en er á skipulagssvæði Kópavogs. Félagið Þríhnúkar ehf. stendur að hugmyndavinnunni, en að því standa Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Ícelandair, lífeyrissjóðir og stofnendurnir þrír; Björn Ólafsson, Einar Stefánsson og Árni Stefánsson, sem fyrstur seig í gíginn 1974. Félagið kannar nú hvort hugmyndirnar séu fýsilegar.

Ólafsson, framkvæmdastjóri Þríhnúka ehf., segir það ekki óraunhæfar væntingar. „Til samanburðar fara um 90 prósent af ferðamönnum í Bláa lónið og um 75 prósent sækja Gullfoss og Geysi heim. Þessar tölur eru því ekkert út í hött. Gert er ráð fyrir að þetta verði staður sem geti laðað til sín fjölda ferðamanna og við því þarf náttúrulega að bregðast.“

Björn segir að hugsunin á bak við verkefnið sé sú að búa til svæði sem frá upphafi sé hannað sem ferðamannastaður. Þá sé hægt að stjórna þeim fjölda sem kemur og koma í veg fyrir stjórnlausan ágang, en það sé vandamál til dæmis varðandi Gullfoss og Geysi.

„Með því er hægt að tryggja að fólk gangi eftir manngerðum stígum og nýti sér mannvirki. Það kemur í veg fyrir óþarfa átroðning.“

## Dýr framkvæmd

Ekkert hefur verið ákveðið um hvort farið verður út í uppbygginguna. Frummatsskýrsla liggur nú fyrir og hagsmunaaðilum og almenningi gefst kostur á að koma athugasemdum á framfæri. Að endingu er það Skipulagsstofnun sem gefur álit sitt og fjölmörg leyfi verður að fá fyrir framkvæmdinni.

„Þetta snýst í grunninn um það hvort opna eigi gíginn eða ekki. Það er hægt að síga ofan í hann núna með lyftu, en það gengur ekki til langframa. Ef á að opna gíginn þarf að ákveða hvaða leið á að fara,“ segir Björn.

Hann segir að um verulega dýra framkvæmd sé að ræða. „Það er ekki óvarlegt að áætla að þetta kosti í kringum tvo milljarða, sem er meiri fjárfesting en hefur verið í innviðum ferðaþjónustunnar undanfarið ár.“

Kolbeinn Óttarsson  
Proppé  
kolbeinn@frettabladid.is



ÚTSÝNISVALIR Ein þeirra tillagna sem settar eru fram gerir ráð fyrir útsýnissvölum þar sem allt að 100 gestir geti í einu virt hellinn fyrir sér. Um hugmynd er að ræða og hönnun mannvirkja í gígnum liggur ekki fyrir. MYND/VSÓ

## Umfangsmiklar framkvæmdir


Verði af framkvæmdum mun verða lagður 2,7 kílómetra vegur frá skíðasvæðinu í Bláfjöllum að Þríhnúkum. Þar verður komið fyrir bílastæði og 1.500 fermetra þjónustubyggingu neðanjarðar. Frá henni verða 300 metra löng jarðgöng boruð inn að gíghvelfingunni. Við enda hennar verður komið fyrir útsýnissvölum þar sem hægt er að virða hvelfinguna fyrir sér. Þá er gert ráð fyrir þeim valkosti að hringstigi liggja frá svölunum að botni gígsins. Rétt er að ítreka að öll framkvæmdin er enn á hugmyndastigi.



BJÖRN ÓLAFSSON

Björn Ólafsson segir að ef af framkvæmdinni verður muni uppbyggingin verða í áföngum. Ekki verði reist 1.500 fermetra hús í upphafi, heldur sé það sú stærð sem farið verði í á endanum, ef allt gangi vel. „Það er eðli þessarar vinnu að leggja fram áætlanir miðað við það sem mest getur orðið.“

## Spár um fjölda gesta

ÚTHLUTUN ÚR HÖNNUNARSJÓÐI  
AURORU Í NÓVEMBER 2012FRESTUR TIL AÐ SKILA INN UMSÓKNUM  
RENNUR ÚT 17. SEPTEMBER

**H**ÖNNUNARSJÓÐUR Auroru hefur að markmiði að skjóta styrkum stöðum undir íslenska hönnun með því að veita hönnuðum og arkitektum fjárhagslega aðstoð. Nánari upplýsingar um úthlutada styrki og leiðbeiningar vegna umsókna er að finna á [www.honnunarsjodur.is](http://www.honnunarsjodur.is) Umsóknir og fyrirspurnir sendist á [info@honnunarsjodur.is](mailto:info@honnunarsjodur.is) Hönnunarsjóður Auroru



ÞRÍHNÚKAGÍGUR Hellirinn er mikið náttúruundur. Undir honum er 120 metra djúp gíghvelfing sem er sú dýpsta og ein sú stærsta í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Gleðilega hátíð



Mikilvægt að gera ungu fólki kleift að stunda nám fremur en að verða aðgerðaleysi að bráð:

## Menntun er lykill

**M**enntun ungs fólks er ávísun á aukin lífsgæði í framtíðinni. Það er sama hvert lítið er, fylgni milli menntunar og þátta sem almennt flokkast sem gæði í lífinu er mikil.

Menntunarstig þjóðarinnar hefur aukist verulega á umliðnum árum. Engu að síður er hlutfall ungs fólks í námi eftir grunnskóla lægra en á Norðurlöndunum og brottfall nemenda úr framhaldsskólum er yfir meðaltali í ríkjum OECD.

### SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Eitt af verkefnum þjóðarinnar er að að stuðla að áframhaldandi þróun í átt til aukinnar menntunar. Í stefnumörkuninni Ísland 2020 er einmitt að finna það ágæta markmið að lækka hlutfall þeirra sem ekki hafa hlotið

formlega framhaldsmenntun.

Á veltiárunum í aðdraganda hrunsins gætti þess nokkuð að ungt fólk flosnaði upp úr námi vegna þess að því bauðst vinna sem gaf vel í aðra hönd. Þannig hafði góðærið í raun neikvæð áhrif á menntun ungs fólks.

Þegar atvinnuleysi varð hér allt í einu mælanlegt, eftir langt tímabil þar sem það var nærri óþekkt, jókst áhugi ungs fólks á að sækja nám. Framan af var þó ekki mögulegt að vera á bótum frá Vinnuálastofnun og stunda nám um leið. Í fyrrahaust var svo tilbúin leið sem opnaði á þennan möguleika, Nám er vinnandi vegur.

Nám er vinnandi vegur er sett fram sem áttak til þriggja ára og skólaárið sem fram undan er er annað árið af þremur í áttakinu. Átakið var annars vegar ætlað nemendum sem þáðu bætur frá Vinnuálastofnun og hins vegar var um að ræða nemendur á aldrinum 18 til 24 ára sem innrituðust í framhaldsskóla til viðbótar við þá nemendur sem ráð hafði verið fyrir gert. Nærri 1500 nemendur innrituðust í framhaldsskóla undir formerkjum áttaksins.

Talsvert brottfall var úr höpnum á haustmísserinu eða rúmlega 20 prósent. Náms- og starfsráðgjöf var eflað í þeim skólum sem tóku þátt í áttakinu og nemendahópnum fylgt sérstaklega eftir með það fyrir augum að koma í veg fyrir brottfall. Á vorönn sýndi sig sá ánægjulegi árangur að dregið hafði úr brottfalli nánast um helming.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur nú lýst því yfir að hún vilji gera Nám er vinnandi vegur að varanlegu úrræði, jafnvel þótt nú hafi dregið úr atvinnuleysi og líklegt sé að það eigi enn eftir að minnka á komandi mísserum.

Ungt fólk og lítið menntað er og verður alltaf sá hópur sem atvinnuleysi mun bitna hvað mest á og fáar leiðir eru líklega betur til þess fallnar að rjúfa atvinnuleysi ungs fólks en að hvetja það duglega og gera því um leið kleift að bæta við sig menntun.

Fyrir einstaklinginn er menntunin lykill að auknum lífsgæðum, bæði andlegum og efnislegum, og fyrir samfélagið allt er hærra menntunarstig þjóðarinnar lykill að aukinni almennri velsæld. Fé sem varið er til þess að mennta ungt fólk, bæði fólk sem hvort heldur sem er hefði farið í nám og hina sem að öðrum kosti væru aðgerðalitlir á bótum, er vel varið og mun skila sér til samfélagsins aftur með vöxtum.



### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Er möguleiki á framhaldslífi?

**S**tjórnarflokkarnir unnu kosningasigur allra tíma fyrir þremur árum. Skoðanakannanir sýna að samantlagt fylgi þeirra er nú nærri fjórutíu prósentum minna. Þegar rúmir átta mánuðir eru til kosninga er þrátt fyrir þetta alls ekki víst að dagar ríkisstjórnarinnar séu taldir. Hún gæti átt möguleika á framhaldslífi.

Í síðustu kosningum sat Sjálfstæðisflokkurinn uppi með pólitíska ábyrgð á hruni krónunnar og falli bankanna. Afhröð var því óhjákvæmilegt. Hann hefur bætt stöðu sína verulega án þess þó að líkur á stjórnaraðild séu að sama skapi meiri.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Framsóknarflokkurinn axladi líka pólitíska ábyrgð á hruninu þótt hann væri utan stjórnar þegar það varð. Honum hefur ekki tekist að hagnýta stöðu sína í stjórnarandstöðu til að auka fylgið. Það sýnir að hringlandaháttur, upphrópanir og Evrópuandstaða eru ekki sjálfgefin efni í uppskrift að góðum bakstri í pólitík.

Þrír smáflokkar á vinstri vængnum eiga nú fulltrúa á Alþingi. Nái

þeir ekki flugi á næstu mánuðum duga þeir ekki til að gefa ríkisstjórninni framhaldslíf. Einn smáflokkur til hægri stefnir á framboð. Eins og sakir standa virðist það ekki breyta miklu um möguleika Sjálfstæðisflokksins á stjórnarmyndun. Jafnvel er tvísýnt um að samstarf við Framsóknarflokkinn dugi til meirihlutastjórnar.

Af þessu má ráða að framhaldslíf ríkisstjórnarinnar veltur á því hvort henni tekst að fá Framsóknarflokkinn og einn eða tvo af smáflokkunum til liðs við sig. Að öllu óbreyttu verður að telja meiri líkur en minni á að svo fari. Stjórnarstefnan yrði óbreytt en hrossakaupin meiri um einstök hugðarefni.

## Flokksmálin eru veikleiki

**S**tjórnarflokkarnir áttu alla möguleika á að grípa til markvissra aðgerða í efnahagsmálum og skella um leið skuldinni af óvinsælum ráðstöfunum á stjórnarandstöðuna. Það tókst í byrjun að því er varðar ríkisfjármálin. En eftir að efnahagsáætlun Alþjóðagjaldveyrissjóðsins lauk hefur málefna- staðan veikt.

Lausatök á ríkisfjármálum er ein mesta váin sem þjóðin stendur andspænis. Þau eru hins vegar heldur til vinsælda fallin meðan unnt er að fá lán og halda hluta

útgjaldanna utan ríkisbókhaldsins. Ríkisstjórnin ætlar að nota þetta svigrúm til að sannfæra þjóðina um efnahagslegan upp- gang. Það bragð gæti dugað í nokkra mánuði.

Hugsanlega má fá fólk til að trúa því að í raun hafi tekist betur til hér en annars staðar. Þó að það sýnist í fyrstu þverstaðukennt er það samt svo að sýblyja Morgunblaðsins gegn stefnu þeirra ríkja sem sýnt hafa mesta efnahagslega ábyrgð á evrusvæðinu hjálpar ríkisstjórninni með þessa tálsýn.

Þá virðist ríkisstjórnin gera ráð fyrir að vinsældir hennar aukist ef henni tekst að ná höfuðstefnumálum sínum fram. Þau endurspeglja hins vegar þá pólitísku klípu Samfylkingarinnar að hún er nær því að vera sósíalískur vinstri flokkur en jafnaðarmannaflokkur. Náist þessi mál fram mun það styrkja forystuna inn á við en veikja flokkinn að sama skapi út á við gagnvart jaðarfylginu hægri megin sem er að yfirgefa hann. Betra gengi með flokksmálin er því ekki endilega ávísun á meira kjörfylgi, nema síður sé.

## Vandi stjórnarandstöðunnar

**Þ**ó að Framsóknarflokkurinn hafi verið í harðri stjórnarandstöðu er ólíklegt að hann vilji láta kosningarnar snúast um það hvort stjórnarandstaðan eigi að leysa ríkisstjórnina af hólmi. Hann mun því halda hinum kostinum jafn opnum að ganga til liðs við ríkisstjórnina. Það þýðir aftur að enginn veit fyrir hvað flokkurinn stendur. Hann á því litla möguleika á berja í bresti trúverðugleikans.

Vandi Sjálfstæðisflokksins er sá að hann getur ekki bent á Fram-

sóknarflokkinn sem öruggan samstarfsflokk. Þá mun Morgunblaðið ekki fallast á samstarf við Samfylkinguna jafnvel þó að svo ólíklega færi að hægri armur hennar næði undirtökunum. Málefnalega er síðan erfitt að benda á VG sem eftirsóknarverðan kost til að vinna með.

Til að bæta úr þessu þarf Sjálfstæðisflokkurinn að sýna skýrari áætlun um hvernig ná á Íslandi út úr pólitískri blindgötu stjórnarflokka í efnahagsmálum og trúverðugri hugmyndir um stöðu

Íslands í alþjóðasamfélaginu til lengri tíma. Jafnframt þurfa fleiri stjórnarmyndunarkostir en Framsóknarflokkurinn að vera sýnilegir.

Að þessu virtu virðist Sjálfstæðisflokkurinn eiga meiri möguleika en aðrir til að koma ár sinni betur fyrir borð fái hann meiri tíma. Ekki er þó víst að honum takist að nýta hann til þess eða hafi hug á því. En eini öruggi krökur stjórnarflokka á móti slíku bragði er að efna til kosninga í haust. Herkænska af því tagi er þó heldur ólíkleg.

FRÉTTABLAÐIÐ  
ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald  
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Gegn Einelti**  
**Olweusaráætlunin\***

Tekið við umsóknum frá leik-, grunn- og framhaldsskólum fyrir skólaárið 2012-2013.

Námskeið fyrir verkefnisstjóra hefst í lok ágúst og í byrjun árs 2013.

Nánari upplýsingar á [www.olweus.is](http://www.olweus.is) og í síma 8942098.

\*styrkt af Pokasjóði



# Fögnum fjölbreytileikanum á stærsta 3G neti landsins

Til hamingju með  
**Hinsegin daga**



Mánaðarverð  
**1.390 kr.**

### 3 vinir óháð kerfi

Frábær áskriftarleið þar sem þú getur talað í sex hundruð mínútur og sent 300 SMS í þrjá vini og færð 300 SMS til að splæsa fréttum á alla hina. Elskum alla!

## AF NETINU

## Enn fleiri hagnýtar ástæður

Enn langar mig að fá að brýna fyrir lesendum mínum hagnýtar ástæður til að greiða atkvæði með frumvarpi Stjórnlagaráðs til nýrrar stjórnarskrár í þjóðar-atkvæðagreiðslunni 20. október nk. Nú kalla ég Alþingi til vitnis. [...] Það hefur sárásjaldan gerzt í sögu Alþingis, að tillögur séu þar samþykktar einum rómi. Það gerðist þó tveim árum eftir hrun, sjaldan slíku vant, að 28. september 2010 samþykkti Alþingi ályktun einum rómi, þ.e. með 63 atkvæðum gegn engu. Ályktunin var um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis [...] Ég tek fyrir mína parta undir hvert orð í einróma ályktun Alþingis. Frumvarp Stjórnlagaráðs miðar að sama marki.

[dv.is/blogg/thorvaldur-gylfason/](http://dv.is/blogg/thorvaldur-gylfason/)

Þorvaldur Gylfason

„Ófyrirgefanlega gaman og nærandi fyrir sálina!“

## SKAPANDI SKRIF

með Þorvaldi Þorsteinssyni (Skilaboðaskjóðan, Bliðfinnsbækurnar, Vasaleikhúsið, Leitun að jólnum, And Björk of Course...)

20. - 30. ágúst

(mánudags og fimmtudagskvöld)  
Skráningu að ljúka

Aukanámskeið  
vegna mikillar aðsóknar:

21. - 31. ágúst

(þriðjudags og föstudagskvöld)  
Skráning hafin



Umsagnir þátttakenda:

“Frábært nesti til lífstíðar.”

“Meiriháttar upplifun, - opnar óendanlega möguleika.”

“Fær mann til að hugsa upp á nýtt.”

“Hvort sem þú ert að feta þín fyrstu skref eða hefur reynt af skrífum, þá er þetta námskeið sem nýttist þér.”

Nánari upplýsingar hjá [gg@ropeyoga.com](mailto:gg@ropeyoga.com)

Skráning á [ropeyogasetrid.is](http://ropeyogasetrid.is) og [kennsla.is](http://kennsla.is)

# Áætlanir um Hörpu – svar til Hjörleifs Stefánssonar arkitekts

## Skipulagsmál

**Stefán Hermannsson**  
fyrirverandi framkvæmdastjóri Austurhafnar



hafi verið rétt. Svipað má segja um Kaldalón, þó ekki sé hægt að dæma um það fyrir en nýting komandi ára kemur í ljós.

Aðalstækkun hússins var ákvörðun Portusar fyrir hrun. Annars vegar stærra sýningar-rými, tveir veitingastaðir, verslanir og sérstök fundarherbergi sem voru strax tilgreind í tilboði. Hins vegar ný rými m.a. fyrir skrifstofur o.fl. sem ekki höfðu tilgreinda nýtingu í upphaflegum áætlunum. Þessi rými gerðu mögulegt að bæta Óper-

Loks ásakar HS Austurhöfn um að hafa vísitandi vanáætlað fasteignagjöld og almennt hafi menn séð fyrir að reksturinn gæti ekki gengið upp fjárhagslega en skellt við því skollae-yrum. Alveg frá byrjun þessa verkefnis hefur það legið fyrir að fasteignamat skuli endurspegla markaðsvirði og vera metið út frá rekstrarafkomu, þannig litum við á málið. Ráðgjafar Portusar eru á sama máli. Það er því ekkert sjálfgefið, eins og Hjörleifur telur vera sjálf-



Alveg frá byrjun þessa verkefnis hefur það legið fyrir að fasteignamat skuli endurspegla markaðsvirði og vera metið út frá rekstrarafkomu, þannig litum við á málið. Ráðgjafar Portusar eru á sama máli. Það er því ekkert sjálfgefið, eins og Hjörleifur telur vera sjálfsgagt, að matið taki mið af stofnkostnaði.

unni við sem föstum leigjanda í húsinu. Um þetta má deila en allt lá það fyrir fyrir hrun. Þess má þó geta að flest svipuð tónlistarhús eru bara opin rétt á meðan á tónleikum stendur, en hér er alltaf opið, sem er jákvætt, en kostar auðvitað sitt í rekstri.

Þessa sömu stækkun aðalsalar tengir HS svo við hugmyndir núverandi stjórnenda Hörpu um hækkun á leigu Sinfóníuhljóm-sveitar og Íslensku óperunnar. Undirritaður telur að unnt sé að benda á nokkrar breyttar forsendur sem geta réttlætt að hækka leigu þessara aðila lítilsháttar. Hvorki í þeim hugleiðingum sem settar hafa verið fram um þetta efni, né í neinum öðrum gögnum hefur þetta atriði verið nefnt og á það ekki með neinum hætti að geta haft áhrif á niðurstöðu þessa máls.

sagt, að matið taki mið af stofnkostnaði. Í okkar tilfalli er svo hluti stofnkostnaðar tilkominn fyrir hrun sem almennasjóðir munu aldrei borga. Við töldum við yfirtöku að markaðsvirði verksins eins og það stóð væri núll, enginn myndi kaupa á þeim tíma og því bæri fyrst og fremst að líta á kostnað eftir hrun.

Til að taka dæmi til samanburðar þá liggur fyrir samkvæmt opinberum tölum að Óperan í Kaupmannahöfn sem er skráð 29.500 m<sup>2</sup> að stærð, hafi kostað 2,5 milljarða danskra króna, en fasteignamat 2011 er 14,6 milljarða danskra króna eða um 58% af stofnkostnaði. Fasteignagjald á m<sup>2</sup> í þessu húsi er það sama og Hörpu er nú ætlað að greiða. Bella Center sem er 137.000 m<sup>2</sup> að stærð greiðir það sama í fasteignaskatt og Hörpu er nú ætlað að gera. Aarhus Koncerthus sem er 35.000 m<sup>2</sup> að stærð og að ýmsu sambærilegt við Hörpu greiðir 44 milljónir íslenskra króna í fasteignagjöld á ári, en Hörpu er gert að greiða 326 milljónir króna og yfirtökuáætlunin gerði ráð fyrir 180 milljónum á ári.

Ég tel því að okkar áætlanir hafi verið eðlilegar hvað þetta atriði snertir. Það skal tekið fram að stjórn Austurhafnar hefur ekki fjallað ítarlega um fasteignaskattinn og ekki gert neinar ályktanir þar um, framanskráð eru mínar skoðanir.

Mér þykir ásakanir HS um mat stjórnenda á rekstrarafkomu ansi þungar og ómaklegar. Upphaflegar áætlanir voru unnar af ýmsum aðkeyptum ráðgjöfum og voru vandlega unnar. Þegar kom að því að meta viðskiptaáætlanir bjóðendanna voru fengin tvö íslensku ráðgjafar fyrirtæki sem gáfu umsagnir um viðskiptaáætlanirnar. Viðhöfn átti í vissum erfiðleikum við að ná endum saman ekkert síður varðandi stofnkostnað heldur en rekstur eins og HS minnst á núna. Frá upphafi var ætlað að hafa ráðstefnur og aðstöðu fyrir þær í húsinu og töldu menn að það væri til bóta til lengri tíma lítið. Ég tek eftir því í viðtali við HS að hann virðist ekki ánægður með ráðstefnuaðstöðuna. Hvort sú ákvörðun var rétt eða ekki skal ég ekkert fullyrða um en hún var hluti af forsendum samnings ríkis og borgar um verkefnið. Hvað sem um gæði og framsýni upphaflegra áætlana má segja vil ég fullyrða að þær voru settar fram af heilindum. Nú er best að gefa stjórnendum Hörpu tólm til að gera áætlun til nokkurra ára og láta bíða umfjöllun um einstök álitamál þangað til hún kemur fram.

# Auktu möguleika þína

## Flugrekstrarfræði 46 einingar

Námið er sniðið að þörfum starfsmanna í flugtengdum rekstri og tekur tvö ár í dreifnámi með staðlotum. Námið er þróað af Tækniskólanum í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og er til viðurkenndra háskólaeininga. Inntökuskilyrði eru starfsmenntun, stúdentspróf eða sambærilegt nám.

Kennsla hefst 15. ágúst.

Innritun er til 13. ágúst á [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is).

## Útvegsrekstrarfræði 46 einingar

Námið er sniðið að þörfum sjávarútvegarins og tekur tvö ár í dreifnámi með staðlotum. Útvegsrekstrarfræði hentar þeim sem hafa starfsmenntun og reynt úr sjávarútvegi. Námið er þróað af Tækniskólanum í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og er til viðurkenndra háskólaeininga. Inntökuskilyrði eru starfsmenntun, stúdentspróf eða sambærilegt nám.

Kennsla hefst 15. ágúst.

Innritun er til 13. ágúst á [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is).

## Lýsingarfræði

Námið er 60 framhaldsskólæiningar og tekur tvö ár. Námið er skipulagt í samvinnu við PLDA, *Professional Lighting Design Association*. Námið tekur tvö ár í dreifnámi með staðlotum. Námsmat byggir á raunhæfum verkefnum.

Kennsla hefst 28. ágúst.


Innritun er til 25. ágúst á [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is).

## Meistaraskólinn

Nám til iðnmeistarar í öllum iðngreinum.

Námið er dreifnám, þ.e. fjarnám með staðlotum.

Kennsla hefst 27. ágúst. Innritun stendur yfir.



Nánari upplýsingar fást í Endurmenntunarskólanum:  
Sími: 514 9601, [amp@tskoli.is](mailto:amp@tskoli.is), [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)

**Tækniskólinn**  
skóli atvinnulífsins



# Alltaf lágt verð



**5 ÁRA**  
BAUHAUS  
ABYRÐ

**FEIN**  
**FEIN MULTIMASTER START**  
Multimaster start FMM 250. Sagar, slípar og sker. Aukahlutir fylgja. Fyrir handlagna sem vilja gæði á góðu verði.

**28.990,-**



**5 ÁRA**  
BAUHAUS  
ABYRÐ

**BOSCH**  
**BÚTASÖG**  
PCM 8S. 1200 W. 4700 snún./mín. Pv. 210 mm hjólsagarblað, með laser, borðframlengingu og fótum.

**49.995,-**



**5 ÁRA**  
BAUHAUS  
ABYRÐ

**Toolson**  
**LOFTHAMAR**  
PRO-AH 43. 1600 wött. 1500 snún./mín. Hjálpargrip sem hægt er að snúa. Flatur og oddmjör meitill fylgir.

**28.995,-**



**5 ÁRA**  
BAUHAUS  
ABYRÐ

**BOSCH**  
**RAFHLÖÐU BORVÉL**  
IXO IV. 3,6 volt. 180 snún./mín. 3,3 ah. 5 tíma hleðslutæki og skrúfbitar fylgja með.

**4.995,-**



**5 ÁRA**  
BAUHAUS  
ABYRÐ

**BOSCH**  
**STINGSÖG**  
PST 800 PEL. 620 wött. 500-3100 snún./mín. Skurðardýpt tré/stál 80 mm/6 mm. Með pendúl. Kemur í tösku.

**13.995,-**



**5 ÁRA**  
BAUHAUS  
ABYRÐ

**BOSCH**  
**HJÁMÍÐJUÐARI**  
FSX 200 INTEC. 240 wött. 125 mm snúningur. Gripvænt handfang. Innbyggð ryksuga. Snúningsþvermál 2,7mm. Kemur í tösku.

**14.995,-**



**5 ÁRA**  
BAUHAUS  
ABYRÐ

**BLACK & DECKER**  
**18V BOR/ SKRÚFVÉL**  
HP186F4LK-QW. 18W. 0-1200 snún./mín. Hámarks snúningstog 33 Nm. 24 stillingar. 1,5 Ah Lithium-rafhlaða.

**24.995,-**



**Kids Club**

Krakkar, það verða andlitsmálarar í **BAUHAUS** á laugardaginn frá kl 12-17 og maurinn mætir á svæðið.



**Er laus skrúfa, eða þarftu að bora...**

Hjá **BAUHAUS** bjóðum upp á fjölbreytt úrval af rafmagns-handverkfærum, hvort sem um er fyrir rafhlöðu eða beint í rafmagn og henta fyrir hvaða heimili sem er. Einnig erum við með gott úrval fyrir iðnaðarmanninn m.a. Dewalt, Bosch, Metabo og Black & Decker... borvélar, stingsagir, skrúfvélar, juðara, sverðsagir, hjólsagir, slípirokka og fræsara sem dæmi. Hvar annarstaðar en í **BAUHAUS** getur þú látið koma þér skemmtilega á óvart með ótrúlegu vöruúrvali

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 9. ágúst til og með sunnudagsins 12. ágúst 2012. Gildir á meðan birgðir endast.



- GÆÐI
- ÞJÓNUSTA
- GJAFVERÐ
- VÖRUÚRVAL

# RISAUÚ

ÚTVÖRÞ  
BÍLHÁTALARAR  
BÍLMAGNARAR

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

**ALLT AÐ 75%**

UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR  
PVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR  
HRAERIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL  
FRYSTIKISTUR PURRKARAR  
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN  
OFNAR

## NOKKUR VERÐDÆMI

Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti

Smáraftæki á ótrúlegu verði – frá kr. 995

Philips sjónvörp með allt að 200.000 kr. afslætti

Panasonic sjónvörp með allt að 100.000 kr. afslætti

Whirlpool helluborð með allt að 50.000 kr. afslætti

Hátalarar fyrir Android og Apple með miklum afslætti

Medisana nuddtæki með allt að 50% afslætti

**TAKMARKAÐ MAGN**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO

Lenco

NAD

KENWOOD

PHILIPS

Panasonic

DENON

UNITED

BEKO

scan  
domestic

DVD SPILARAR BÍLTÆKI  
MP3 SPILARAR MAGNARAR  
PRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ  
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL  
REIKNIVÉLAR

# HT IS SALLA

MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ  
STRAUJÁRN RAKVÉLAR  
RYKSUGUR

Vidal Sassoon hárvörur með allt að 43% afslætti  
Kenwood brauðristar með allt að 40% afslætti  
Þvottavélar frá kr. 59.995  
Whirlpool ofnar í miklu úrvali  
á frábæru verði

Sjá allt  
úrvalið  
á [ht.is](http://ht.is)

**OPIÐ ALLA  
HELGINA!**

Laugardag 11-16 og sunnudag 13-17



**Heimilistæki**

[www.ht.is](http://www.ht.is)

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa friete Bauknecht elna exido VESTFRÖST indesit DeLonghi Whirlpool

# VINSÆLUSTU FARTÖLVURNAR OKKAR



## TOSHIBA

### HAGKVÆM MEÐ INTEL ÖRGJÖRVA

Ein allra bestu kaupin hjá okkur fyrir skólann og heimilið frá Toshiba. Sérstaklega gott verð vegna magnkaupa. 15,6" með Intel Dual Core örgjörva, 4 GB vinnsluminni og 320GB hörðum disk. Hægt að tengja tölvuna við sjónvarp eða hljómtæki í bestu gæðum með HDMI. Tífoldur gagnaflutningshraði í gegnum háhraða USB3 tengi. Windows 7 Home Premium. Mikið fyrir peninginn.

Toshiba C850-12V

69.990



### INTEL PENTIUM

**TOSHIBA** Toshiba C850-131

Ein af okkar vinsælustu fyrir skólann og heimilið. Hagstætt verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel Pentium B950, 4GB minni og 500GB hörðum disk. Windows 7 Home Premium.

89.990

### 6GB MINNI OG 640GB DISKUR

15,6"

**TOSHIBA**

Toshiba SAT C855-11F

Kemur í flottum rauðum lit með Intel Pentium Dual Core örgjörva, 6GB vinnsluminni og stórum 640GB disk. Windows 7 Home Premium.

99.990



### NÝJASTA KYNSLÓÐ AMD



**TOSHIBA**

Toshiba SAT L850D-11M

Kemur með nýjstu kynslóð af AMD A6 örgjövanum, 4400M og AMD HD7520G grafikkjarna. Kemur í flottum lit og með 1600MHz DDR3 vinnsluminni. 6,5 klst. rafhlöðuending.

99.990



### ÓDÝRASTA INTEL CORE i3

acer

Acer Aspire 5749G-2354G

Intel Core i3 2350M SandyBridge örgjörvi sem er öflugri en eldri gerðir með endurbættri Intel HD3000 skjástýringu. 500GB harður diskur.

99.990

### HVÍT MEÐ INTEL CORE i3

13,3"

**TOSHIBA**



Toshiba L830-10F

Flott 13,3" fartölva með öflugum Intel Core i3 örgjörva og allt að 6,5 klst. rafhlöðuendingu. Stór 500GB harður diskur.

109.990



Opið í verslunum um allt land á laugardag frá 11-16 en 13-17 á sunnudag á Suðurlandsbraut

6 VERSLANIR  
UM ALLT LAND

0% VEXTIR  
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI



# MEIRA ÚRVAL Á LÆGRA VERÐI!

OPIÐ ALLA  
HELGINA  
Á SUÐURLANDSBRAUT



INTEL CORE i5  
IVY BRIDGE

**TOSHIBA** Toshiba Satellite L850-1CX

Mjög öflug vél með nýjstu kynslóð af Intel Core i5 3210M örgjörvanum og bættri skjástýringu með Intel HD4000 og DirectX11. 4GB 1600MHz DDR3 minni sem er stækkanlegt í 16GB, 640 GB harður diskur, 2x USB 3 tengi og HDMI til að tengja við sjónvarp og hljómtæki.

**129.990**

HAGKVÆMSTA  
ULTRABOOK

acer

Acer Aspire S3-951

Ótrúlegt verð á Ultrabook fartölvu með Intel Core i3 örgjörva, 4GB vinnsluminni, stórum 500GB hörðum disk. Aðeins nokkrir millimetrar á þykkt og fislétt í skólann eða á ferðina. Virkilega góð kaup.

**139.990**



AMD RADEON SKJÁKORT

**TOSHIBA** Toshiba SAT L850-14J

Kemur með Ivy Bridge Intel Core i5 3210M örgjörva og AMD Radeon HD7670M skjákorti með 1GB minni. 4GB 1600 MHz DDR3 minni og 640GB harður diskur.

**139.990**



13,3"

EIN FLOTTASTA ULTRABOOK

**ASUS** Asus Zenbook UX32A-R3001V

Örþunn 13,3" fartölva með burstaðri stálumgjörð sem er í senn létt og meðfærileg. Bæði töff og kraftmikil. Kemur með Intel Core i3 2367M örgjörva, 4 GB minni og 500 GB hybrid SATA3 diskur með 24GB SSD. Ekki spillir fyrir að hún er með allt að 7 tíma rafhlöðuendingu.

**169.990**

EIN SÚ ÖFLUGASTA  
MEÐ i7



**TOSHIBA** Toshiba L855-10U

Ódýrasta i7 fartölvun í Toshiba línunni. IvyBridge Intel Core i7 Quad Core 3610QM örgjörvi, AMD Radeon HD7670M skjákort og 640 GB harður diskur.

**149.990**



TVÖFALT VINNSLUMINNI

MacBook Pro Z0MT

Glæný 13" Macbook Pro með nýjstu kynslóð af Intel i5 örgjörvanum, háhraða USB tengi og Thunderbolt. Við bjóðum hana með 8GB vinnsluminnis í stað 4GB.

**229.990**



**TÖLVU  
LISTINN**

REYKJAVÍK  
SUÐURLANDSBRAUT 26  
Sími 414 1700

AKUREYRI  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

KEFLAVÍK  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

SELFOSS  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRDUR  
REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750



**KATRÍN SIGURÐARDÓTTIR** Er langt komin í undirbúningi fyrir Feneyjartvíæringnum sem haldinn verður eftir tíu mánuði og spár að verkið eigi eftir að koma á óvart. „Þetta verk verður eins og önnur verk sem ég hef gert en um leið allt öðruvísi.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Að sjá í gegnum yfirborðið

**Katrín Sigurðardóttir** myndlistarmaður verður fulltrúi Íslands á Feneyjartvíæringnum að ári en fyrir tveimur árum hélt hún sýningu í Metropolitan-safninu í New York. Katrín er með vinnustofu þar í borg en er í stuttu frí á Íslandi. Hún sagði *Bergsteini Sigurðssyni* frá undirbúningi tvíæringssins og sjónhverfingum yfirborðsins sem sé gegnumgangandi stef í öllum hennar verkum.

**F**erill Katrínar Sigurðardóttur myndlistarmanns hefur verið á miklu flugi undanfarin misseri. Fyrir tveimur árum hélt hún sýningu í Metropolitan Museum of Art í New York (og er annar tveggja Íslendinga sem safnið hefur keypt verk af) og nokkru áður í PS1-safninu, auk annarra sýninga í Chicago, Brasilíu og Frakklandi svo fátt eitt sé nefnt. Hún er nú með með tvær sýningar í undirbúningi: aðra fyrir gallerí í New York – Eleven Rivington – og svo auðvitað Feneyjartvíæringnum þar sem hún verður fulltrúi Íslands á næsta ári.

Verkið sem hún er að vinna fyrir sýninguna í New York hefur verið nokkur ár í smíðum og er gert út frá húsi í Hlíðunum, æskuheimili Katrínar.

„Þetta er sjálfsævisögulegt verk, já,“ segir Katrín á vinnustofu sinni við Holtsgötu. „Heimilið er klassískt viðfangsefni og nokkuð sem hefur algilda skírskotun. Oft eru verk mín sértæk og vísa í ákveðna staði; stundum eiga staðirnir sér fyrirmynd eða eru hálfraunverulegir. En í þessu tilfelli er ég að taka þetta ákveðna hús og taka söguna úr því og gera að abstrakt formi.“

## Langt komin fyrir tvíæringinn

Nú eru um tíu mánuðir þangað til sýning Katrínar verður opnuð á Feneyjartvíæringnum. Hún segir verkið vera komið á góðan rekspól. „Við erum um það bil hálfnuð, sem er nokkuð gott.“ Hún vill hins vegar lítið segja um verkið enn sem komið er, annað en að sýningin eigi ábyggilega eftir að koma á óvart.

„Þetta verk verður eins og önnur verk sem ég hef gert en um leið allt öðruvísi. En ég vil síður ræða hugmyndina enn sem komið

er, það er eins og að gefa barni nafn áður en það er fætt.“

Spurð um muninn á að taka þátt í Feneyjartvíæringnum og að halda einkasýningu segist Katrín fyllilega meðvituð um að á Feneyjartvíæringnum sé hún fulltrúi.

„Ég er ekki bara að gera þetta í eigin nafni; þetta snýst ekki bara um áhorf eða að vekja athygli á mér og mínum verkum, heldur að ég mæti þarna sem fulltrúi samfélags listamanna á Íslandi.“

hugann að því hvernig sé hægt að sameina tvo staði þar sem maður getur ekki verið samímis.“ Í tilfelli Katrínar á það ekki aðeins við um hlutbundna staði heldur einnig hið óhlutbundna, minnið og fortíðina. „Mér finnst spennandi að velja því fyrir mér hvernig maður samtvinnar fortíðina og nútíðina – hvernig er hægt að hnoða því saman í eitt verk? Svo kemur þetta saman með efnisaðferðum mínum, hvernig ég byggji og bý til. Frásögnin og efnis-

– hlutur sem er bara yfirborð. Ef maður einblínir á yfirborðið nær það oft að gabba mann; maður hugsar ekki um það sem yfirborð, heldur sem vidd eða rými, einhvers konar veruleika. En veki maður athygli á að þetta sé bara yfirborð þá erum við farin að tala um allt annað – hvernig sjónhverfingin verður til og um leið hvernig við sjáum, hvernig við munum og hvernig við túlkum. Þess vegna er ekki hægt að tala um módelin sem

Katrín er með vinnustofu í New York og ver tíma sínum nokkurn veginn jafnt þar í borg og á Íslandi. Það er hægara sagt en gert að hasla sér völl í New York, enda óvíða jafn margir myndlistarmenn um hituna. Katrín segir lykilinn að velgenginni fyrst og fremst vera vinnu-semi.

„Hlutverk listamannsins er að vinna verkin sín og gera þau vel – eins og gildir um allt. Ég hef alltaf unnið mikið og látið myndlistina ganga fyrir. En það er erfitt að fá athygli sem listamaður upp á eigin spýtur, þar þurfa aðrir að koma að; fólk sem trúir að maður hafi eitthvað fram að færa, svo sem fólk innan gallería, skrifbentar, sýningarstjórar og svo framvegis. En það sem skiptir mestu máli er að fá áhorf – að fólk sjái verkin manns. Ég lít svo á að fyrir mig sem listamann sé takmarkinu náð þegar verk mín koma fyrir augu fólks. Og ég hef verið mjög lánsöm að þessu leyti.“

„Hlutverk listamannsins er að vinna verkin sín og gera þau vel – eins og gildir um allt. Ég hef alltaf unnið mikið og látið myndlistina ganga fyrir. En það er erfitt að fá athygli sem listamaður upp á eigin spýtur, þar þurfa aðrir að koma að; fólk sem trúir að maður hafi eitthvað fram að færa, svo sem fólk innan gallería, skrifbentar, sýningarstjórar og svo framvegis. En það sem skiptir mestu máli er að fá áhorf – að fólk sjái verkin manns. Ég lít svo á að fyrir mig sem listamann sé takmarkinu náð þegar verk mín koma fyrir augu fólks. Og ég hef verið mjög lánsöm að þessu leyti.“

## Vinnur öðruvísi heima en úti

Katrín kveðst þakklát fyrir að geta unnið jöfnum höndum í New York og á Íslandi. „Það er mjög gefandi og ég vinn á mjög ólíkan hátt eftir því hvar ég er. Úti vinn ég oft að stærri framleiðslu því ég hef stærri vinnustofu. Þegar ég er hér heima er ég meira að teikna, hugsa og búa verkin til í höfðinu á mér.“

Hún segir allan gang á því hversu mikinn þátt hún taki í að búa til verk sín; stundum leggi hún upp með hugmynd sem hún feli samstarfsfólki sínu að framkvæma; í öðrum taki hún virkan þátt frá upphafi til enda og hugi að smæstu smáatriðum. „Þetta er eiginlega hvort tveggja. Það verður til hópur af fólki í kringum hvert verk og ég er hluti af honum; er bara verkamaður eins og hinir.“

Nema hún ræður.

„Já, ég ræð.“



Úti vinn ég oft að stærri framleiðslu því ég hef stærri vinnustofu. Þegar ég er hér heima er ég meira að teikna, hugsa og búa verkin til í höfðinu á mér.

Með tvær sýningar í farvatninu á næstu mánuðum sér Katrín ekki fram á að sýna hér á Íslandi áður en hún fer til Feneyja. „Nei, en um leið og sú sýning hefur runnið sitt skeið úti verður hún sett upp og sýnd hér. Og ég hlakka mjög mikið til að sýna þetta verk á Íslandi!“

## Efni og innihald verða eitt

Talið berst að fagurfræðinni í verkum Katrínar sem hverfast gjarnan um hið manngerða umhverfi en snúa upp á sjónarhorn áhorfandans og setja í nýtt sambengi, til dæmis með bjögum á stærðarhlutföllum. Hún leitar fanga í byggingarlist, borgarskipulagi, kortagerð og landslagsskrásetningu og nýtir sér gjarnan módelsmíði.

„Ég held að þessi fagurfræði hafi þróast smátt og smátt,“ segir hún. „Eflaust hefur það haft með það að gera að ég hef dvalið mikið erlendis og flakkað mikið á milli Íslands og Bandaríkjanna aðallega. Eins og líklega flestir, sem eru í þeirri stöðu, leiðir maður

gerðin sameinast og verða eitt. Það er ekki hægt að skilja að innihald og efni.“

## Sjónhverfing yfirborðsins

List Katrínar er skilgreind sem hugmyndalist en hún er ekki auðflokkaður listamaður; verk hennar eru oft innsetningar sem samanstanda af módelum með sterka skírskotun í málverkið. Katrín segir það sjálfsagt stafa af því að upphaflega byrjaði hún í tvívíðri list, málverkinu.

„Skúlptúrarnir mínir eru flatir á vissan hátt, hafa framhlið og bakhlið, og það tengist hugmyndinni um málverkið. Ég fór á ákveðnu stigi að hafa áhuga á málverkinu sem hlut – annars vegar framhliðin með sitt yfirborð sem býr til eins konar sjónhverfingu um dýpt og hins vegar bakhliðin með tómmum striga, sem sýnir hvernig þessi sjónhverfing er búin til.“

Ég er alltaf að fjalla um þetta á einhvern hátt; þetta er gegnumgangandi stef í verkum mínum

eftirlíkingar, jafnvel þótt þau byggja á fyrirmyndum. Þau eru hins vegar um eftirlíkingar – um þá iðju að líkja eftir.“

## Alltaf látið myndlistina ganga fyrir

Það hefur verið mikið annríki hjá Katrínu undanfarin misseri, því auk sýningarinnar í Metropolitan-safninu hefur hún haldið fjölmargar einkasýningar; í New York og Chicago, Brasilíu og Frakklandi. Hún hefur náð langt síðan hún hélt sína fyrstu einkasýningu hjá Sævari Karli árið 1993.

„Það er gaman að rifja upp þessar gömlu sýningar, þá var ég að vinna á allt annan hátt en í dag. Í þá daga voru sýningarnar meiri einstaklingsverkefni sem hefur sína kosti, til dæmis mikið persónulegt frelsi. Í gegnum tíðina hafa verkefni orðið miklu stærri og fleiri sem koma að þeim – þetta eru að miklu leyti hópverkefni. Ég er þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að vinna á mismunandi forsendum.“

# VIÐ ÓSKUM ÍSLENDINGUM TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN OG BJÓÐUM UPP Á GLEÐIFLUG!

KÖBEN / LONDON FRÁ:

**14.900 KR.\***

Í tilefni dagsins bjóðum við fjölda flugsæta til London og Köben á hinsegin verði, frá aðeins **14.900 kr.**, aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Bókunartímabil:** Í dag frá kl. 12.00-23.59

**Áfangastaðir:** Kaupmannahöfn og London.

**Ferðatímabil:** 12. ágúst-30. september.

Pú bókar á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

\*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

ICELAND EXPRESS  
ER STOLTUR  
STYRKJARADILI  
HINSEGIN DAGA  
Í REYKJAVÍK

**12**  
TÍMA TILBOÐ  
- hefst á hádegi -

**Iceland Express**   
-lækkar verð





**MOSES HIGHTOWER** Sveitin heldur útgáfutónleika í Iðnó fimmtudaginn 16. ágúst og nokkrir fleiri tónleikar fylgja í kjölfarið. Frá vinstri: Daníel Friðrik Böðvarsson gítarleikari, Andri Ólafsson, bassaleikari og söngvari, Magnús Tryggvason Eliassen trommari og Steingrímur Karl Teague, hljómborðsleikari og söngvari.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Þurfum að hafa fyrir hlutunum

Sálarpopsveitin **Moses Hightower** sendi í vikunni frá sér sína aðra breiðskífu, sem ber titilinn Önnur Mósebók, og heldur útgáfutónleika í Iðnó á fimmtudag. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við Andra Ólafsson og Steingrím Karl Teague, meðlimi sveitarinnar.

**Þ**egar blaðamaður hittir þá Andra Ólafsson og Steingrím Karl Teague úr hljómsveitinni Moses Hightower yfir kaffibolla er einungis liðinn um stundarfjórðungur síðan íslenska handknattleikslandsliðið féll úr leik á Ólympíuleikunum í London.

Andri, sem leikur á bassa og syngur, og Karl, sem er hljómborðsleikari og þenur raddböndin einnig, voru þó ekki meðal þeirra fjölmörgu sem sátu sveittir og gargandi yfir leiknum við Ungverja sem lauk svo miður far-

formaður frjálsíþróttadeildar Ármanns.

Þá er töluvert um áhuga á NBA-körfuboltadeildinni bandarísku í kringum sveitina, eins og Steingrímur útskýrir. „Maggi trommari [Magnús Tryggvason Eliassen] er með gríðarlegt blæti fyrir „vintage“ NBA-fatnaði og á það til að koma fram á tónleikum í Charlotte Hornets-alklæðnaði.“ Blaðamaður bendir á að þetta ákveðna félag hafi flutt sig um set fyrir allmörgum árum og leiki nú undir nafninu New Orleans Hornets. „Já, en Charlotte Hornets lifir í Magga,“ segir Steingrímur. „Danni [Daní-

á kontrabassa í Amsterdam og Danni stundar gítarnám í Berlín.“

**Andri:** „Maggi trommari er líka duglegur við að fara til útlanda og spila og tekur skrepitúra til ólíklegustu landa. Hann spilar auðvitað með mun fleiri hljómsveitum en Moses Hightower, til dæmis Tilbury, Sin Fang, ADHD, Amiinu og Borko.“

**Steingrímur:** „Það er orðið dálítið erfitt að átta sig á þessu. Ég geri yfirleitt ráð fyrir því að Maggi sé í öllum hljómsveitum þangað til annað kemur í ljós. Ég starfa sjálfstætt sem þýðandi og er líka í reggisveitinni Ojba

„Við vorum varla orðnir að hljómsveit þegar fyrsta platan okkar kom út fyrir tveimur árum. Við höfðum reyndar spilað mikið saman en komumst að því hvað við vorum að gera um leið og við gerðum það. Á nýju plötunni mótuðum við ákveðnari stefnu, þar á meðal að reyna að gera ekki sömu plötuna aftur, en auðvitað heyrir vel að þetta er sama bandið.“

sælega enda gaf sveitin út sína aðra breiðskífu á fimmtudaginn og því mikið um að vera. „Við heyrðum blálökin á lýsingunni á leiknum í bílnum,“ segir Andri og bætir við að allur gangur sé á því hvort meðlimir Moses Hightower fylgist með íþróttum eður ei. „Sjálfur er ég dálítill skylduáhorfs-íþróttááhugamaður en hef reyndar mjög gaman af frjálsum íþróttum, þar sem bræður mínir þrír eru allir frjálsíþróttanóttarar og einn þeirra meira að segja

el Friðrik Böðvarsson gítarleikari er líka íþróttafíkill en talar minna um það.“

#### Allir á landinu

*Nýja platan ykkar, Önnur Mósebók, kom út á fimmtudaginn og hefur hlotið fyrirtaks dóma. Fylgir því ekki mikið annríki að standa í slíkri útgáfu?*

**Steingrímur:** „Þetta kemur í hryðjum. Núna erum við til dæmis allir á landinu, sem er afar sjaldgæft. Andri er að læra

Rasta, sem er að gefa út plötu á næstunni. Þegar Danni er á landinu starfar hann með nánast öllum hljómsveitum á Íslandi og Andri er með swingband í Hollandi.“

**Andri:** „Já, og swingbandið mitt spilar einmitt á Íslandi í ágúst í samstarfi við gríðarsterka lindihoppensu landsins. Ég dansa reyndar ekki sjálfur heldur læt konuna mína um það.“

**Steingrímur:** „Ég veit ekki hversu oft ég hef komið í heim-



**SJALDGÆF SJÓN** Afar sjaldgæft er að allir meðlimir Moses Hightower séu í einu á landinu.

sókn til ykkar og konan þín hefur verið að horfa á einhver úrkynjuð Youtube-myndbönd af fólki að taka heljarstökk.“

*Þannig að væntanlega þarf samstillt átak til að ná ykkur*

*öllum saman í eigin persónu. Þið hafið líka haldið fremur fáa tónleika, í það minnsta miðað við marga aðra, frá því fyrsta platan ykkar, Búum til börn, kom út fyrir tveimur árum og meðlimir*

sveitarinnar kannski ekki verið sérlega áberandi þótt lögin ykkar hafi notið mikilla vinsælda?

**Steingrímur:** „Nei, enda er engin ástæða til þess að vera áberandi.“

**Andri:** „Vissulega þarf samstillt átak til að ná okkur saman og við hefðum spilað meira ef við hefðum allir verið á landinu, enda var stór hluti plötunnar unninn á Internetinu, stundum á síðustu stundu. Við lögðum grunnana allir saman „læf“ í stúdíóinu hjá Magnúsi Óðer á segulband, sem okkur fannst gera heilmikið fyrir hljóminn á plötunni, en megnið af til dæmis söngnum var tekið upp annaðhvort í Amsterdam eða Steini einn síns liðs hér í Reykjavík.“

**Steingrímur:** „Já, bograndi niðri í kjallara. Við erum farnir að kunna ágætlega á þetta fyrirkomulag.“

**Andri:** „En það er allt að því slítandi að vinna plötur á þennan hátt. Svólítið eins og að spila handboltaleik í sandölum eða lopapeysu. Maður veit hvað þarf að gera og vinnur að því hörðum höndum en það tekur miklu lengri tíma. Það er líka seinlegra að fá lýðræðið til að virka, til dæmis að taka sameiginlegar ákvarðanir, ef bæjarstjórnin eða Alþingi hittist aldrei.“

#### Kennararnir svag fyrir bandinu

Hvernig samræmist hljómsveitarstússið náminu í Hollandi?

**Andri:** „Ég hef oft komið seint frá Íslandi og þurft að útskýra fjarveruna, svo óhjákvæmilega vita kennararnir mínir af Moses Hightower. Þeir eru reyndar mjög svag fyrir hljómsveitinni.“

**Steingrímur:** „Einn þeirra, slagverksleikarinn og hljóðfærasmíðurinn Bart Fermie, spilar meira að segja á plötunni okkar.“

**Andri:** „Annars er lífið í Hollandi frekar ljúft. Ég og konan mín [Sigríður Ása Júlíusdóttir, sem er grafískur hönnuður og hannaði umslögin á báðum plötum Moses Hightower] vorum svo heppin að komast bæði inn í skólana sem við sóttumst eftir. Reyndar er mikill skortur á húsnæði fyrir námsfólk í Amsterdam, ekkert aðgengilegt kollégí-kerfi eins og víða í Evrópu, og meðan beðið er eftir íbúð er algennt að fólk flækist milli skítafbúða á uppsprengdu verði.“

**Steingrímur:** „Ég veit um einn nema í Amsterdam sem reiddi sér húsnæði með því að passa gamalt sendiráð fyrir hústökufólki. Hann var einn í risastóru glæsihýsi en það var engin sturta í húsinu, svo hann þurfti að leiða slöngu í gegnum marmaraveggi og baða sig í bala í þvottahúsinu. Húsið var fullt af risastórum herberjum sem voru öll tóm fyrir utan fatahrúgu og trommusettið hans.“

Þegar maður er hættur að taka eftir Rauða hverfinu og öllum hassbúllunum er Amsterdam afskaplega fín borg. Til dæmis er mjög gott að geta hjólað alls staðar. Eg gæti trúað að Amsterdam sé hjólavænasta borg í Evrópu.“

#### Knúnir áfram af ótta

Hvernig kemur nafnið á plötunni, Önnur Mósebók, til?

**Steingrímur:** „Liggur þessi titill ekki beint við?“

**Andri:** „Já, því þetta er okkar Exódus. Nei, ég segi svona.“

**Steingrímur:** „Það héldu reyndar margir að við værum einhvers konar Fíladelfíusafnaðarhljómsveit þegar fyrsta platan kom út, vegna Moses-nafnsins, en yfirleitt var það fólk sem hafði ekki heyrt í okkur.“

**Steingrímur:** „Við vorum varla orðnir að hljómsveit þegar fyrsta platan okkar kom út fyrir tveimur árum. Við höfðum reyndar spilað mikið saman en komumst að því hvað við vorum að gera um leið og við gerðum það. Á nýju plötunni mótuðum við ákveðnari stefnu, þar á meðal að reyna að gera ekki sömu plötuna aftur, en auðvitað heyrir vel að þetta er sama bandið. Önnur Mósebók er líklega aðeins ágengari en Búum til börn, sem var svo voðalega kurteis.“

**Andri:** „Við erum aldrei neitt rosalega fljótir að neinu, þurfum að hafa dálítið fyrir hlutunum, og sérstaklega eru textarnir [sem Andri og Steingrímur semja] lengi að fæðast. Lögin okkar koma á undan textunum, sem er seinlegra, og eftir síðustu plötu lofuðum við sjálfum okkur því að semja lög og texta samhliða. Það gekk ekki eftir og við þurftum að rembast við að klára textana.“

*En eru íslenskir textarnir ekki einmitt eitt af því sem gagnrýndur og fleiri hafa hrósað ykkur fyrir?*

**Steingrímur:** „Við erum aðallega knúnir áfram af ótta við að textarnir séu ömurlegir. En textarnir á nýju plötunni fjalla um fleiri hluti en á fyrstu plötunni.“

#### Erykah Badu áhrifavaldur

Moses Hightower á rætur sínar að rekja til Menntaskólans í Hamrahlíð, þar sem þrír af fjórum meðlimum stunduðu nám. Hvernig lágu leiðir ykkar saman þar?

**Andri:** „Við kynntumst í raun í gegnum ýmsar hljómsveitir sem urðu til innan veggja skólans. Ég er sveitastrákur, ólst upp í Landeyjum þar sem ég lærði á klarinett og píanó og söng í kórum.“

**Steingrímur:** „Þú varst líka vandræðalega góður í að spila á hljómborðströmmur.“

**Andri:** „Já, ég var einna helst að nördast í því í sveitinni. En þá stefndi ég ekki að því að hella mér út í tónlistina heldur ætlaði ég að verða verkfræðingur. Þegar ég þurfti að fara að læra

heima í stærðfræði í MH urðu hljóðfærin skyndilega mun meira freistandi.“

**Steingrímur:** „Þegar ég náði eina eðlisfræðiáfanganum sem ég þurfti að taka í MH tók kennarinn í höndina á mér og horfði hræður í augun á mér, því hann var svo viss um að ég myndi falla.“

**Andri:** „Í MH varstu bæði rokkhundur og kórdrægur.“

**Steingrímur:** „Já, í rokkhljómsveitinni sem ég var í olli það vissri spennu þegar ég mætti of seint á æfingar því ég var að syngja einhver angurvær kórlög.“

*En hvernig kom til að þið lögðuð sálarpoppið fyrir ykkur?*

**Steingrímur:** „Mitt sálaraugnablik var þegar ég fór á Hróarskelduhátíðina til að sjá Alec

Empire, Slayer og eitthvað fleira subbulegt og svaðalegt. Þar villtist ég inn á tónleika með Erykah Badu og það má segja að það hafi breytt lífi mínu.“

**Andri:** „Ætli ég hafi ekki verið í 8. eða 9. bekk þegar ég keypti plötu með Jagúar. Ég hlustaði mikið á plötuna og áhrifavalda hljómsveitarinnar í menntaskóla og við vorum litaðir af þessu þegar við byrjuðum að vinna saman. Sammi Jagúar spilar einmitt á nýju plötunni okkar, svo þetta bitur allt í skottið á sér.“

*Hvernig sjáðið þið svo framtíð Moses Hightower fyrir ykkur?*

**Steingrímur:** „Við erum ekki með kvartaldarplan en það kemur potþétt önnur plata frá okkur.“

**Andri:** „Já, við reynum að halda dampi.“



# Eina mótið þar sem þú getur bókað fugl!

## Opna Iceland Express mótið í Leirunni 16. ágúst

Opna Iceland Express mótið verður haldið í Leirunni fimmtudaginn 16. ágúst. Skráðu þig á [golf.is](http://golf.is), það kostar aðeins 5.900 kr. að vera með. Fjöldi glæsilegra vinninga fyrir 1.-3. sæti hjá báðum kynjum auk skemmtilegra aukavinninga og teiggjafa.

Iceland Express  
**Golf**

#### Þú gætir unnið einhvern eftirfarandi vinninga:

- Flugmiðar fyrir 2 með Iceland Express
- Fatnaður frá Cintamani
- Símar frá Vodafone
- Gjafabréf frá Tapasbarnum
- Gjafabréf frá Fiskmarkaðnum
- Gjafabréf fyrir gistingu og kvöldverð á Radison SAS
- Gjafabréf frá NTC
- Gjafapakkingar frá Forval heildverslun



### SPÁNN

ALICANTE/PERALEJA

Ferðatímabil: 1. sept.-13. okt.  
Vikuferðir í samstarfi við Spánargolf

Gisting: Einbýlishús með tveimur svefnherbergjum við golfvöllinn og 300 m<sup>2</sup> einkagarði með útisundlaug

Verð á mann m.v. 8 í húsi  
**154.000 kr.**

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 7 nætur og ótakmarkað golf. Hægt er að bæta við akstri og kvöldverði.



### BRETLAND

3 ferðir í haust

Gisting: 4\* Lingfield Park Marriott hotel

Verð á mann í tveggja manna herbergi  
**105.900 kr.**

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 3 nætur, morgun- og kvöldverður og 3 golfhringir.



### KYNNING Á STAÐNUM

Komdu og hittu fulltrúa frá Spánargolfi og frá hótelnunum Lingfield Park Marriott og Mannings Heath Golf Club sem verða hjá okkur fimmtudaginn 16. ágúst til að kynna þá kosti sem eru í boði.

Söluskrifstofu Express ferða, kl. 9-12  
Golfvöllinum Leirunni, kl. 13-17

**Express ferðir**

590 0100 | [www.expressferdir.is](http://www.expressferdir.is)

# Fegurðin í því stóra og smáa

**Náttúran** var þema þriðja hluta sumarmyndakeppni Fréttablaðsins. Þátttaka var geysigóð og ber þess órækt vitni að náttúran höfðar til þeirra fjölmörgu sem ferðast um landið okkar með myndavélar. Hlutskarpastur varð Guðmundur Árnason í Reykjanesbæ sem á forsíðumynd blaðsins í dag og hlýtur tvo farmiða með flugfélaginu Wow Air til Evrópu að launum.



## Fyrstu skrefin í 1. sæti

**H**vað segirðu, það er æðislegt!“ segir handhafi fyrstu verðlaunanna, Guðmundur Árnason, kátur þegar hann fær þær fréttir að hann sé á leiðinni út í heim fyrir mynd sína af sandlóunga sem hann nefnir Fyrstu skrefin. „Hann stillti sér upp þessi ungi og foreldrarnir sveimuðu í kringum mig,“ segir Guðmundur sem tók verðlaunamyndina 20. júlí rétt ofan við höfnina á Grenivík.


Guðmundur vinnur í vopnaleitinni í Leifsstöð en kveðst vera áhugaljósmyndari með atvinnumannaáhuga. „Ég fékk algera myndabakteríu eftir að ég keypti mér Nikon D-90 myndavél í ágúst í fyrra. Svo fjárfesti ég í D-800 í apríl í vor sem er enn fullkomnari vél og síðan er ég óstöðvandi. En þetta er í fyrsta skipti sem ég sendi myndir í svona keppni.“



**2. SÆTI** Gunnar Jónatansson smellti þessari mynd af Seljalandsfossi í sumar. Hann kveðst vera að sækja í sig veðrið í myndatökunum en þó aldrei hafa tekið þátt í samkeppni fyrr.



**4. SÆTI** Valdís Leifsdóttir skokkaði upp á Vífilsfell á forsetakosningadaginn og fangaði útsýnið yfir höfuðborgina og Faxaflóann, með fjallgöngumann í forgrunni en Snæfellsjökul út við sjóndeildarhring.



**5. SÆTI** Silke Schrom var í Kerlingarfjöllum 16. júlí í sumar. Hún skynjaði sterkt smæð mannsins gagnvart því stóra í náttúrunni og varð hugsað til Davíðssálms 8.4+5.

Verðlaun fyrir **1. sætið** eru farseðlar fyrir tvo til Evrópu með flugfélaginu Wow Air. Þeir sem fengu **2. og 3. verðlaun** hljóta gjafakort með leikhúsmiðum fyrir tvo í Borgarleikhúsið. Dómnefndina skipuðu **Vilhelm Gunnarsson**, ljósmyndari Fréttablaðsins, **Steinunn Stefánsdóttir** aðstoðarráttgjafi og **Hólmfríður Sigurðardóttir** blaðamaður.

Næsta þema: Svona er sumarið

ljósmyndasamkeppni@frettabladid.is



**3. SÆTI** „Ég var búinn að liggja dálitla stund við Skorradalsvatn með kriuungann í fókus og bíða eftir að foreldrið kæmi með fæðu. Samt hef ég oft legið lengur yfir fuglum,“ segir Kári Kolbeinsson sem tók þessa mynd.

**30%  
AFSLÁTTUR**

Koddi  
50 x 70 sm.  
**2.995**

**ANDADÚNSÆNG**

**KRONBORG®**  
OF DENMARK

**KRONBORG COMFORT  
ANDADÚNSÆNG**

Mjög góð sæng, fyllt með 60% af dúni og 40% af fiðri. Þyngd: 900 gr. Má þvo við 60°C. Sæng: 135 x 200 sm. fullt verð **9.995** nú **6.995**  
Koddi: 50 x 70 sm. **2.995**

FULLT VERÐ: 9.995

**6.995**

4341004

4011550

**SÆNGURVERASETT**

Efni: 100% polyestermikrófíber.  
Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm. Fæst í 3 litum.

131-3936210

FULLT VERÐ: 1.995

**995**

**50%  
AFSLÁTTUR**

**ÖKKLASOKKAR**

Flottir, svartir ökklasokkar. 10 pör í bunti. Stærðir: 35-41.

10 PÖR ÁÐUR: 1.295

**775**

**40%  
AFSLÁTTUR**

20112-001

# ÚTSALA!

*Sweet Dreams*

90 x 200 sm. **69.950**  
120 x 200 sm. **49.950**  
140 x 200 sm. **109.950**  
153 x 203 sm. **119.950**  
183 x 203 sm. **89.950**

**Kári Steinn  
Karlsson  
Hlaupari**



**SPARIÐ  
40.000**

120 X 200 SM. FULLT VERÐ: 89.950

**49.950**

801-11-1010

**STÆRD: 120 X 200 SM.**

**FÆTUR OG BOTN FYLGJA**

**SWEET DREAMS AMERÍSK DÝNA**  
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu. Í efra lagi er áföst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru u.þ.b. 140 BONNELL gormar pr. m<sup>2</sup>. Fætur og botn fylgja með.

**RAFMAGNHÆGINDASTÓLL**

Rafmagnshægindastóll með brúnu mikrófíber-áklæði. Bak og skemill með fjarstyringu. Upplýfting fyrir þá sem kjósa.

888000443

FULLT VERÐ: 99.950

**69.950**

**30%  
AFSLÁTTUR**

**BORÐSTOFUSTÓLL**

FULLT VERÐ: 8.995

**5.995**

Fallegur borðstofustóll með brúnu PU áklæði og ljósum fótum.

708-11-1029

**33%  
AFSLÁTTUR**

**TILBOÐIN GILDA TIL 15.08.12**

# Breytti eyðimörk í aldingarð

Nátthagi í Ölfusi var nauðbitinn mói fyrir aldarfjórðungi en þar dafna nú epla-, kirsuberja- og plómutré í iðjagrænum skógi sem teygir sig yfir tíu hektara lands. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* og *Vilhelm Gunnarsson* ljósmyndari heimsóttu fyrsta ábúanda jarðarinnar, **Ólaf Sturlu Njálsson**, og fræddust um hans hjartans mál, sem öll hverfast um náttúruna í sínum fjölbreytilegu myndum.

Þeir sem leggja stund á trjá- og garðrækt þekkja margir hverjir til Ólafs Sturlu Njálssonar. Undanfarin 25 ár hefur hann búið í Nátthaga í Ölfusi, ræktað þar skjólsælan skóg og smám saman skapað sér sérstöðu á meðal garðplöntustöðva landsins. Nátthaga er gaman að heimsækja á fallegum sumardegum, virða fyrir sér framandi trjáplöntur í bland við þær hefðbundnu og njóta kyrrðarinnar sem ríkir á jörðinni.

Blaðamann og ljósmyndara Fréttablaðsins ber að garði í Nátthaga um sólbjartan sumardag. Tilgangurinn er að líta inn til Ólafs og forvitnast um ávaxtatré hans, en hann ræktar epla-, kirsuberja-, plómu- og perutré í Nátthaga með góðum árangri. Það teygist þó úr heimsókninni, enda Ólafur fróður um flest það er snýr að gróðri og hefur gaman af því að miðla af þekkingu sinni.

„Það gerir svo mikið fyrir Ísland að vera með sígrænan gróður. Það er svo nakið hérna og bert allan veturinn og þá er að gera að útbúa stað í garðinum þar sem við getum haft sígrænar breiður,“ segir Ólafur, þar sem hann stendur við fagurlega skapað beð.

Þá þylur hann upp fjölda plöntunafna sem hljóma framandi í eyrum gestanna, eins og japansýr og stjörnusnepla, en þær búa í beðinu ásamt tugum annarra tegunda. „Sigrænar krúttunnar eins og þessir, sem vaxa rólega, eru með stutta sprotta og verða svolítið dverg-vaxnir, þykja mér fallegir. Það er gaman að hafa þá saman í beði, láta þá vaxa saman og mynda samfélag. Þá færðu svona sígrænt beð sem býður fólki velkomið.“

Svona margar tegundir í einu beði? Sumum gætu nú fallist hendur. En Ólafur segir að fólki eigi

ekki að vera hrætt við að blanda saman tegundum eftir eigin smekk og dutlungum. „Það má klippa allt, færa allt, breyta öllu. Það skemmtilegasta við beð og garða er að þeir eru eins og stofan hjá manni. Maður getur endalaust verið að rímöblera.“

## Ekki má meiða trén

Ólafur var ekki hár í loftinu þegar ástarsamband hans við plöntur hófst. „Ég var fimm til sex ára að leika mér í garði ömmu minnar og afa á Reynimelum. Mig langaði til að klifra í reynitrjúnum en afi kom til mín og sagði: „Óli, farðu varlega, þú meiddir trén. Það má ekki klifra í þeim.“ Það var eins og augun opnust í litla stráknum. Ég fór að sjá gróður allt öðruvísi. Þegar ég var tólf til þrettán ára tók ég yfir garð foreldranna og fjórtán ára var ég farinn að vinna hjá Guðmundi Gíslasyni heitnum, skrudgarðyrkjumanni, við að þrifa garða. Næst vann ég hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur og svo hjá Skógrækt ríkisins í eitt sumar og kyntist Sigurði Blöndal skógræktarstjóra, sem sagði mér frá nyrsta garðyrkjuskóla í heimi á 69°N í Norður-Noregi. Þangað fór ég sumarið 1975 og svo þaðan í þann syðsta í Noregi og kláraði garðyrkjumenntunina.“

Við tók frekari menntun í Landbúnaðarháskólanum á Ási og heim kominn vorið 1984 byrjaði Ólafur að vinna í Gróðrarstöðinni Mörk í Reykjavík, en stóð heldur stutt við þar, þar sem skólastjóri Garðyrkjuskólans á Reykjum vildi fá hann strax árið eftir í kennslu. Hinn 17. ágúst 1987 keypti hann svo Nátthaga, eftir að hafa skoðað sig víða

um í Árnessýslu árin tvö á undan. „Mér fannst þetta vera draumastaður. Mig langaði alltaf að hafa fjallið á bak við mig og láglendið fyrir framan mig, eins og ég hef hér, og ekki skemmir fyrir að það rennur lækur hér í gegn. Svona eru þessar rómantísku hugleiðingar sem maður hefur um lífið.“

## Syndir á móti straumnum

Ekkert er Ólafi óviðkomandi þegar kemur að vinum hans, plöntunum, og hann hefur sterkar skoðanir á öllum málum er varða þær. Oft er hann vel á skjön við áberandi raddir í umræðunni. Hann vill til að mynda passa upp á aspirnar í Reykjavík, hann er aðdáandi lúpíunnar og hann gróðursetur tré seint að hausti. Maðurinn er sérfróður um gróður, svo það er ekki annað hægt en að heyra hvað hann hefur að segja um þessi vinsælu deilumál.

Leggur þú virkilega til að fólk fari að gróðursetja þegar tekur að hausta og jafnvel á veturna? Fer það ekki illa með þær að vera í kaldrí jörð? „Nei, það er misskilningur að plöntum líði betur í pottum, þeim líður alltaf best með ræturnar ofan í jörðinni. Það er langbest að gróðursetja í ágúst, september, október og jafnvel á veturna, þegar jörðin er þíð. Snemma vors er líka ágætt, en ekki á sumrin, því þá eru plöntur í vexti og þurfa frið.“

Hann hefur ekki bara ákveðna skoðun á því sem Íslendingar setja niður í garða sína í dag, heldur einnig á því hvað gera eigi við aspirnar og háu grenitrén í gömlu hverfunum í Reykjavík, sem margir hatast við, þar sem þau skyggja á sólina. „Það má alls ekki taka þessi gömlu tré, því þá verða hverfin aftur skjóllauss. Borgaryfirvöld ættu að hjálpa til við að velja hvaða tré skuli fara og hver skuli standa eftir. Þannig verða

smám saman eingöngu fallegustu trén eftir og hverfin halda þessari mikilvægu loðnu, sem kemur í veg fyrir að vindurinn komi aftur niður í garðana. Skjólíð er það mikilvægasta fyrir okkur á Íslandi.“

## Lúpínan er hjálparhella

Umræðan um skjól leiðir okkur að öðru og öllu eldfimara umræðuefni. Nefnilega umræðunni um lúpíuna, þessa fagurbláu jurt sem sumir telja plágu en Ólafur kallar mestu hjálparhelli Íslands, hvorki meira né minna. „Lúpínan er mesta hjálparhella á Íslandi, því hún getur hjálpað okkur að græða landið. Flóra Íslands býr ekki yfir plöntu sem kemur strax og græðir upp flög eins og lúpínan gerir. Í heimkynnum hennar í Alaska er þetta þannig að um leið og flag opnast er hún komin, búin að sá sér og loka því. Það besta við hana er að hún hverfur svo smám saman, því hún þolir illa samkeppni. Það sama á eftir að gerast á Íslandi, en það getur vissulega tekið tíu, tuttugu eða jafnvel fimmtíu ár, áður en hún hverfur og annar gróður tekur við. Hefði íslensk flóra haft lúpínu alveg frá því ísöld lauk væri landið hvanngrænt.“

Hann horfir ekki fram hjá því að lúpínan veður yfir aðrar plöntur, skemmir berjalýng og breytir ásynð landsins. „Hún gerir þetta í byrjun en skilur svo landið eftir frjótt og gerir það laglegt fyrir sterkari gróður. Vissulega er vont að sjá berjalönd hverfa undir lúpínu, en þar er þetta spurning um að maðurinn stýri lúpínunni. Ég reiti til dæmis lúpínu hér í Nátthaga, því



**BÝR EINN Í NÁTTHAGA** Ólafur Sturla Njálsson hefur verið með konum megnið af sinni ævi, en skildi síðastliðið haust eftir að hafa komið út úr skápnum sem bisexual. Hann býr því einn í Nátthaga og kann því ágætlega, þó hann sakni þess á stundum að hafa félagsskap og aðstoð við flóknu verkin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ég vil ekki hafa hana á ákveðnum stöðum.“

Hann nefnir umhverfi Nátthaga sem dæmi um hvað lúpínan hafi gert gott. „Fjallið hér fyrir ofan grænkaði alls ekki. Hér á móbergssvæðinu er gróðurframvandan svo hæg, þrátt fyrir friðun fyrir beit í tuttugu ár, að melurinn hefur ekkert gróid upp. Þar sem lúpínan er komin og hefur lokað flögnum, þar sjáum við smám saman birki, víði, grös og annan gróður spretta upp, sem annars hefði aldrei náð rötfestu í flaginu sem var. Fjallið mun gróa upp með hjálp lúpíunnar og verða skógi vaxið af sjálfu sér. Þess vegna eiga menn ósköp einfaldlega að safna lúpínufraði, fara í fjallgöngur og sá fræinu út efst í fjöllunum og láta hana græða upp og flæða niður fjöllin. Nágrannar mínir í Gljúfri, Rósa og Jón, ættu að fá fálkaorðuna fyrir ræktunarstarf sitt. Þar sem voru rýrir móar og melar hjá þeim er núna iðjagrænt teppi af gróðri á stóru flæmi fyrir ofan bæinn þeirra. Þeirra vinna er skólabókardæmi um gagnsemi lúpíunnar.“

## Farið út fyrir skóginn! Þar er kalt

Nú í ágústmánuði eru 25 ár liðin frá því að Ólafur keypti Nátthaga og varð fyrsti ábúandi jarðarinnar. Í Nátthaga var ekki ein einasta trjáplanta. „Það var ekkert hérna. Þetta var nauðbitinn mói, urð og grjótt. Það var líka vatnslaut og rafmagnslaut, enda er þetta frumbýli hjá mér.“

Í heild tilheyrir Nátthaga um 25 hektarar og af því er tæpur helmingur að verða skógi vaxinn. En sá Ólafur það fyrir sér strax að hann gæti búið til skóg á þessu landi? „Já, ég var harðákveðinn í því. En þetta var erfitt í tíu ár. Það var alltaf rok hérna. Núna segir fólk sem kemur hingað: „Er alltaf svona heitt hjá þér?“ „Nei!“ segi ég. „Ég bjó þetta til! Farið út fyrir skóginn. Þar er enn kalt!“ Þetta er það sem fólk þarf að skynja og skilja. Með því að fara skynsamlega í skógrækt er hægt að búa til hita. Og okkur vantar alltaf hita á Íslandi.“

## Kominn út úr skápnum

Ólafur býr í húsi sem eitt sinn var vinnuskúr, en er hið huggulegasta fjörutíu fermetra einbýli í dag, þó

hvorki sé það íburðarmikið né stórt. Með honum búa nokkrir bengalkettir, en Ólafur er eini ræktandi þeirra á landinu. Engar manneskjur eru þó í Nátthaga að honum undanskildum. „Ég skildi við konuna mína síðastliðið haust, eftir að ég ákvað að koma út úr skápnum sem bisexual. Ég hef verið með konum megnið af minni ævi en nú finnst mér það ekki ganga lengur. Það er erfitt að vera bisexual, ég held það sé miklu betra að vera annaðhvort eða og hreinar línur. Í haust ákvað ég að ég vildi ekki samband ef ég gæti ekki sjálfur verið stöðugur. Ég vil ekki vera inni í skápnum. Þetta er ekki spurning um að hafa þörf fyrir framhjáhald, heldur að maður hefur þörf fyrir bæði kynin og það geta ekki margir búið með manni í svoleiðis sambandi, eða hvað? Ég bjástra því þetta einn áfram eins og ég hef svo oft gert áður á löngum tímabilum. Ég var einu sinni kvæntur í fimm ár og á með þeirri yndislegu konu, Margréti Gísladóttur, tvær dætur, sem báðar standa sig frábærlega í háskólanámi, eru hamingjusamar og líður vel. Þær eru demantar lífs míns.“



# FORD **KUGA** Titanium S AWD beinskiptur frá 5.390.000 kr. FORD **KUGA** Titanium S AWD sjálfskiptur frá 6.290.000 kr.

Nú fæst Ford Kuga Titanium S AWD sportjeppinn frá 5.390.000 kr. Kaupu nýjan og ríkulega búinn Ford Kuga. Ford Kuga fæst bæði 140 hestafla dísil beinskiptur og 163 hestafla dísil sjálfskiptur. Gerðu góð kaup. Línurnar eru fallegar. Hönnunin er grípandi. Aksturseginnleikar framúrskarandi. Allt þetta sameinar Ford Kuga. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

[ford.is](http://ford.is)



**NOTAÐIR FORD  
AÐ SELJAST UPP!**

Komdu með notaðan  
Ford til okkar og settu  
hann upp í nýjan

FORD **KUGA** TITANIUM S AWD

FRÁ

**39.477 kr./mán.\***



\* Ford Kuga Titanium S AWD 5 dyra 2.0TDCi dísil, 140 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,0 l/100 km. Losun koltvísýrings CO<sub>2</sub> 159 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og upptökubíl / útborgun að verðmæti 3.100.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppi nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,70%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

TILBOÐIN GILDA 9. - 12. ÁGÚST

# nettó

Kræsingar & kostakjör



1/2  
LAMBASKROKKUR  
SAGAÐUR

~~ÁÐUR 1.392 KR/KG~~

**999kr/kg**



**-37%**

HELGARSTEIK  
GRAND ORANGE

~~ÁÐUR 3.169 KR/KG~~

**1.996kr/kg**



KJÚKLINGUR  
FROSINN

~~ÁÐUR 849 KR/KG~~

**679kr/kg**



MJÚKIS  
SÚKKULAÐI  
VANILLA  
1 LTR

**-40%**

~~ÁÐUR 559 KR/STK~~

**335kr/stk**



EMERGE  
ORKUÞRYKKUR  
250 ML

**-42%**

~~ÁÐUR 119 KR/STK~~

**69kr/stk**



CROISSANT  
BAKAÐ & STAÐNUM

**-50%**

~~ÁÐUR 115 KR/STK~~

**58kr/stk**

**COOP**

# MEXICO DAGAR

**-25% afsláttur**



SALSASÓSA  
CHUNKY 300G  
HOT/MEDIUM

ÁÐUR 299 KR/STK  
**224kr/stk**

JALAPENO  
220 G

ÁÐUR 999 KR/STK  
**254kr/stk**

GUACAMOLE 20 G  
TACO SPICE MIX 40 G

ÁÐUR 199 KR/STK  
**104kr/stk**

TACO SÓSA  
HOT/MED/MILD  
230G

ÁÐUR 229 KR/STK  
**172kr/stk**

TACO SKELJAR  
135 G

ÁÐUR 299 KR/PK  
**224kr/pk**

TORTILLA FLÖGUR  
NATUREL  
150 G

ÁÐUR 199 KR/PK  
**149kr/pk**

TORTILLA KÖKUR  
8X20 CM

ÁÐUR 299 KR/PK  
**224kr/pk**

TORTILLA KÖKUR  
HEILHVEITI/HVITLAUKS  
370 G

ÁÐUR 919 KR/PK  
**239kr/pk**

**Verði ykkur að góðu!**





Í MARK Argentínumaðurinn Miguel Antonio Correa fagnar því að komast í mark í tvímenningskajakróðri.

NORDICPHOTOS/AFP



TIGNARLEGT Japanar fóru í kostum í samhæfðum sundæfingum.

# Ólympíuleikarnir í allri sinni dýrð

Ólympíuleikunum í London, þeirri miklu íþróttaveislu, lýkur á morgun. Af því tilefni birtir Fréttablaðið hér frábærar ljósmyndir frá síðustu dögum.



ENGIN ÁHÖLD UM ÞAÐ Hin kínverska Deng Senyue sýndi lipurð í einstaklingskeppni áhaldafimleika.




Í HÁLOFTUM Mikið var um stökk og byltur í BMX-hjólreiðakeppninni.



FRÁ! Candace Parker, framherji bandaríska kvinnaliðsins í körfuknattleik, stendur í ströngu í leiknum gegn Áströllum.



GRÆTILEGT Hinn japanski Shinichi Yumoto harmar tap sitt fyrir Georgíumanninum Vladimer Khinchevashvili í glímukeppninni.



einfaldlega betri kostur

30-80%  
AFSLÁTTUR



© ILVA Island 2012

RÝMINGAR-  
RÝMUM FYRIR  
HAUSTLÍNUNNI  
SALA

VISA Lán

- VAXTALAUST

Bjóðum uppá  
vaxtalaust  
lán til 6 mánaða



sendum um allt land

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30

# Hringt til árlegrar messu í Ábæ

Eitt sinn stóð **Ábæjarkirkja í Austurdal** í Skagafirði í miðri sveit. Nú er hún langt frá byggðum bólum. Þar er þó árvisst helgi-hald á hverju sumri og koma kirkjugestir hvaðanæva að, akandi, gangandi og ríðandi. **Gunnþóra Gunnarsdóttir** brá sér í messu.

**K**irkjuklukku Ábæjarkirkju í Skagafirði er hringt til guðsþjónustu einu sinni á ári, á sunnudegi verzlunarmannahelgar. Þetta árið voru kirkjugestir áreiðanlega um hundrað talsins og á öllum aldri. Þeir komu um langan veg og ógreiðfæran að hluta, sumir af Suðurlandi, aðrir af höfuðborgarsvæðinu og að minnsta kosti ein hjón austan af landi. Norðlendingar hafa samt eflaust verið í meirihluta, einkum Skagfirðingar, enda orðin hefð hjá mörgum að sækja messu í hið afskekktu guðshús að Ábæ. Skagfirðingar eru þekktir fyrir sína góðhesta og þennan dag þykir tilheyra að leggja á suma þeirra og ríða til kirkju. Veðrið lék við ferðafólkið síðasta sunnudag og fegurð og mikilleiki náttúrunnar í Austurdal naut sín vel í glampandi sólinni.

## Á puttanum frá Skuggabjörgum

Svo síðasta hluta leiðarinnar til Ábæjarkirkju sé lýst þá er ekið í Austurdalinn yfir háls úr Vesturdal og komið þar að býli sem heitir Bústaðir, því eina sem eftir er í byggð. Þar er nýreist íbúðarhús til viðbótar því sem fyrir var og ungt fólk að hefja búskap.

Hinum megin í dalnum, gegnt Bústöðum, sker hið mikilúðlega gljúfur Merkgil hlíðina en nokkru innar stendur samnefndur bær í grónu túni. Hann er nú í eyði en mannmargt var þar í hátíðarkaffi síðdegis þennan dag.

Undirlendi er lítið í dalnum vestan megin og liggur vegurinn skammt frá gljúfurbrún. Þar byltist Austari Jökulsá sem ofurhugar stunda flúðasiglingar í. Reyndar þarf líka hálfgerða ofurhuga til að aka veginn þarna inn eftir því hann er grófur og illfær á fólksbíl, eins og sú sem þetta ritar komst að.

Skammt frá eyðibýlinu Skuggabjörgum er brú yfir Jökulsá en austan hennar bíða mun meiri torfætur. Um tvennt var því að velja fyrir undirritaða, að paufast á blikkdósinni lengra með fram vesturhlíðinni, að eyðibýlinu Skatstöðum, spila sig á kláf yfir gilið og ganga þaðan til kirkju eða freista þess að komast á puttanum austur yfir brúna og áfram þaðan. Seinni kosturinn var valinn og lukkaðist vel því tveir menn á jeppa reyndust sannir herra menn.

Ferðafélagarnir fræddu mig um að í Austurdal væri sauðland gott og fremur snjólétt en erfiðar samgöngur og aðdrættir hafa verið stærstu ókostir búsetu þar.

Ekið var í lága drifinu það sem eftir var leiðar og bílarnir skildir eftir á sléttri flöt, neðan undir bröttum hjalla. Svo var gengið síðasta spölinn, yfir Ábæjará á brú og þaðan upp sneiðing með kafagras á báðar hendur. Þarna var komið inn á tún býlisins Ábæjar sem fór í eyði árið 1941 en rústir standa eftir. Hestarnir sem sumir voru svo heppnir að vera á komust þar í góðan haga.

## Söngur ómaði í fjallasalnum

Verið var að þrifa kirkjuna og koma fyrir hljóðkerfi með stórum hátalara úti við meðan fólk var að tínast að. Prestarnir skryddust og kórinn söng sig saman úti í veðurblíðunni.

Uppgerð leiði voru notuð sem sæti meðan messugjörðin fór fram svo og garðurinn umhverfis og grundin í kring, því aðeins brot af kirkjugestum rúmaðist inni. Sá yngsti var utandyra, varla nema nokkurra vikna, hann fékk sér hressingu úr brjóstum móður sinnar þegar honum hentaði.

Hvort það var af trúrækni, ræktarsemi við staðinn eða af



VIÐ ÁBÆJARKIRKJU Margir hlýddu á messuna utan dyra og gældu jafnvel við fararskjótana sem biðu rólegir í túninu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNÞÓRA



Á HLADI MERKIGILS Aðstandendur síðasta ábúandans buðu upp á myndarlegt messukaffi.



AÐ ATHÖFN LOKINNI Prestarnir séra Jón Aðalsteinn Baldvinsson og séra Dalla Þórðardóttir þökkðu öllum fyrir komuna.

## LEIÐI HELGA SKER SIG ÚR



**K**irkjan í Ábæ var byggð 1921-1922. Hún var teiknuð af ekki ómerkari manni en Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins. Sjö bæir tilheyrðu Ábæjarsókn þegar mest var, allir austan Jökulsár, enda áin mjög torveld yfirferðar áður en brúin kom árið 1969. Síðasta sóknarbarnið féll frá árið 1997 og hafði þá verið

eitt í nokkur ár. Það var Helgi Jónsson, bóndi á Merkgili, sem hrapaði til bana í hinu hrikalega Merkgili. Leiði hans sker sig úr öðrum í kirkjugarðinum í Ábæ því það er langnýjast. Systkini Helga hafa gefið kirkjunni skírnarfont til minningar um bróður sinn, gerðan úr birkitré sem óx í gili Austari-Jökulsár.

# CROSSFIT

LAUGARDAGUR 11. ÁGÚST 2012

## Kynningarblað

Mikil fjölbreytni  
Góður félagsskapur  
Sagan  
Hollur matur  
Fæðubótarefni

## Árangursrík og örugg fæðubótarefni

**EAS-vörurnar** eru leiðandi í flokki fæðubótarefna. Unnur Lára Bryde, vörumerkjastjóri EAS, segir markmiðið að nýta niðurstöður vísindarannsókna á sviði næringarfræði til að framleiða árangursríkustu og öruggustu fæðubótarefni. EAS-vörur fást í Hagkaupum, Krónunni, Nóatúni, Fjarðarkaupum, 10-11, Flexor, Atlas og á næstunni verður opnuð stór söludeild í Hreysti með alla vörulínu EAS.

**A**nnie Mist Þórisdóttir, tvöfaldur heimsmeistari í crossfit, notar vörurnar frá EAS og er hluti af EAS-liðsheildinni. „Hún notar Phos Force fyrir æfingu, sem er orku- og kreatínsprengr. Eftir æfingu fær hún sér Muscle Armor og Recovery Protein. Uppáhaldið hennar er svo prótínstangir og drykkir sem kallast AdvantEdge,“ segir Unnur.

Recovery Protein er ætlað fyrir fólk sem vill byggja upp vöðva og viðhalda þeim. „Ef þú drekkur þetta innan 30 mínútna frá æfingu nærðu upp orkunni hratt og verður endurnærður.“ Recovery Protein er vinsælt innan ýmissa íþróttagreina: „Hlauparar hafa komið að tali við okkur og finnst þetta algjörlega frábært, sérstaklega langhlaupurum sem oft eru þreyttir eftir hlaupin.“

Muscle Armor er drykkur sem dregur úr vöðvapreytu og kemur í veg fyrir að vöðvavefirnir skemmist. Jafnframt eykur hann prótínupptöku. „Aðalsníldin er að drykkurinn dregur úr harðsperrum en það segir manni að hann er að gera gagn, því harðsperrur eru merki um að maður hafi gengið of nærri sjálfum sér,“ segir Unnur.

### Fyrir alla með markmið

Vörurnar eru hugsaðar bæði fyrir íþróttafólk á erfiðum æfingum og fyrir fólk sem er að koma sér af stað í ræktinni. „Aðalvaran okkar fyrir þá sem vilja greinast er ný prótínblanda sem heitir Lean 15 en hann inniheldur aðeins 100 hitaæiningar. Það er prótínblanda með trefjum sem örva meltinguna. Eins eru til næringarstangir í þessum flokki,“ segir Unnur. „Betagen er einnig sniðug vara fyrir þá sem vilja greinast. Það er létt kreatín-

blanda með aminosýrublöndu sem hefur verið þróuð hjá EAS, en hún kemur í veg fyrir slit á vöðvum og harðsperrum. Blandan viðheldur grönnum vöðvamassa og eykur brennslu.“

Unnur segir að þeir sem vilja greinast fái sér gjarnan máltíðarbréf í stað léttra máltíða. „Við mælum þó alltaf með því að fólk borði mat líka. Efnin okkar er best að taka eftir æfingu eða sem millimál.“ Máltíðarbréfin kallast Myoplex Lite en einnig er hægt að kaupa þau í tilbúnum drykkjum í stórmörkuðum eða á líkamsræktarstöðvum.

### Hentar fyrir fólk í crossfit

Flestir sem stunda crossfit hugsa um mataræðið. „Margir vilja halda fæðunni hreinni og lausri við sykurlaus við sykurlaus,“ segir Unnur.

EAS veitir viðskiptavinum ráðgjöf og hægt er að hafa samband í síma eða með tölvupósti eða einfaldlega á Facebook. „Facebooksíðan okkar er mjög virk. Þar eru sérfræðingar sem svara fyrirspurnum.“

### Áhyggjulaus í lyfjaprófum

Það mikilvægasta við vörurnar frá EAS fyrir íþróttamenn er líklega að hver einasta vörulota er prófuð fyrir efnnum sem gætu fellt íþróttamenn á lyfjaprófi. „Allir notendur EAS eru 100% öruggir um að þeir falli ekki á lyfjaprófi. EAS er eina fæðubótarefnið sem er með þennan öryggisstimpil,“ segir Unnur og bætir við: „Annie Mist fer til dæmis reglulega í lyfjapróf og hefur staðist þau öll. Það skiptir hana auðvitað mestu máli að þurfa ekki að hafa áhyggjur af vörunni sem hún notar.“



Annie Mist Þórisdóttir, tvöfaldur heimsmeistari í crossfit, notar eingöngu vörurnar frá EAS. Þannig er hún ekki í hættu á að falla á lyfjaprófi.

MYND/STEFAN



Unnur Lára Bryde, vörumerkjastjóri EAS.

**„ÉG GERI MIKLAR KRÖFUR“**

ANNIE MIST - TVÖFALDUR HEIMSMEISTARI Í CROSSFIT

**EAS**  
ENERGY • ATHLETIC • STRENGTH

www.eas.is

# Frábær valkostur fyrir flest fólk

Annie Mist hefur stundað crossfit í rúm þrjú ár og unnið tvo heimsmeistararitla. Nú ferðast hún um heiminn og kynnir íþróttina auk þess sem hún þjálfar í CrossFit Reykjavík. Vinsældir íþróttarinnar hafa vaxið mikið undanfarin ár.

Heimsmeistarinn Annie Mist hóf að stunda crossfit árið 2009 og hefur náð á toppinn á mjög skömmum tíma. Hún stundaði ýmsar íþróttir á yngri árum, til dæmis stangarstökk og dans, en þó lengstum fimleika sem hún stundaði frá sjö ára aldri. „Mig vantaði eitthvað nýtt eftir að ég hætti að stunda fimleika sextán ára gömul. Vinur minn, Evert Víglundsson, skráði mig í fyrstu crossfit-keppnina sem haldin var hér á landi árið 2009. Ég ákvað að taka þátt og vann keppnina. Þannig öðlaðist ég keppnisrétt á heimsmeistaramótinu sama ár. Þar sem ég var nýbúin að kynnast íþróttinni þurfti ég að eyða næstu tveimur mánuðum í að læra crossfit betur.“ Annie segist ekkert hafa vitað hverju hún átti von á þegar hún tók þátt í heimsmeistaramótinu í fyrsta skiptið. „Þetta var algjört ævintýri og ég var heppin með greinarnar fyrsta árið. Ég fór eiginlega út með því hugarfari að gera mitt besta og sjá til hvað myndi gerast.“ Annie endaði í ellifta sæti af 50 keppendum og hefur síðan gert fátt annað en að keppa, kynna og þjálfar crossfit. Fjölbreytileikinn í crossfit er það sem hefur alltaf heillað Annie mest. Um er að ræða mismunandi samsettar æfingar og ólíkar útfærslur af hverri æfingu fyrir sig. „Mér hefur ekki enn tekist að fá

leið á neinni æfingunni enda eru þær mjög fjölbreyttar. Við erum að tala um ólympískar lyftingar, kraftlyftingar, hlaup, æfingar með ketilbjöllum og margt fleira. crossfit er líka frábær valkostur fyrir fólk sem til dæmis finnur sig ekki í hefðbundnum íþróttgreinum eða vill nýja áskorun á miðjum aldri. Síðan ertu umkringdur svo skemmtilegu fólki þegar þú stundar crossfit. Allir svitna vel saman og ganga í gegnum sömu æfingarnar saman.“

Fólk á öllum aldri stundar crossfit hérlendis, frá unglingum upp í ellilífeyrisþega. Annie segir þó fjölmennustu hópana vera annars vegar ungt fólk á framhaldsskóla- og háskólaaldri og hins vegar fólk á miðjum aldri. „Foreldrar mínir stunda til dæmis crossfit og stór vinahópur þeirra. Elsti iðkandiinn í stöðinni okkar nálgast bráðum áttætt.“

Vinsældir crossfit hafa aukist mjög mikið síðustu árin. Sem heimsmeistari hefur Annie ferðast um heiminn undanfarin ár og kynnt íþróttina, meðal annars í Suður-Kóreu og Suður-Ameríku. Hún segir íþróttina hafa verið vinsæla í Bandaríkjunum í mörg ár en nú sé að verða algjör sprenging í Evrópu. Einnig séu vinsældir hennar að aukast mikið í Suður-Ameríku og víða í Asíu. „Ég kenndi á þjálfaranámskeiðum í Evrópu í fyrra.



Fjölbreytileikinn í crossfit er það sem heillar Annie Mist mest við íþróttina.

MYND/GVA

Fyrst um sinn vorum við með eitt til tvö námskeið í mánuði en undir lokin vorum við að halda jafnvel tvö námskeið hverja helgi. Margir sem sækja námskeiðin stofna seinni meir eigin crossfit-stöðvar. Í dag eru um 4.000 stöðvar starfræktar í heiminum og þeim fjölga stöðugt.

Vinsældirnar aukast svona hratt því fólk hefur svo rosalega gaman af þessari íþrótt.“

Árið í ár verður sem fyrr viðburðaríkt hjá Annie. Hún heldur áfram að ferðast um heiminn og kynna íþróttina auk þess sem hún þjálfar í CrossFit Reykjavík en

hún festi kaup á hlut í stöðinni fyrr á árinu. „Svo stefni ég auðvitað á að verja titilinn á heimsmeistaramótinu á næstu árum. Sjálfsagt mun ég stunda keppni næstu árin áður en ég dreg mig í hlé. Kannski sný ég svo aftur og keppi í eldri aldursflokkum eftir það, hver veit.“



Köld tómatsúpa er full af vítamínum og afar bragðgód.

## Köld tómatsúpa að hætti Spánverja

Gazpacho er köld tómatsúpa, spænskur þjóðarréttur sem búinn var til í Andalúsíu. Súpana er upplagt að hafa á heitum sólarðögum, enda er hún hressandi. Súpan er þar fyrir utan afar heilsusamleg og næringarrík. Hana er því gott að borða þegar fólk er í æfingum. Tómatar eru afar góðir um þessar mundir og því upplagt að nota þá nýja í þessa súpu.

Í súpana má nota mismunandi grænmeti en tómötum má ekki sleppa. Súpan er maukuð í matvinnsluvél áður en hún er borin fram.

### Það sem þarf

1 agúrka  
1 rauð paprika  
½ rauður chili-pípar  
4 hvítlauksrif  
900 g tómatar, skornir í báta og fræhreinsaðir

1 tsk. tómaturé  
1 tsk. pípar  
1 tsk. salt  
5 dl ískalt vatn  
3 msk. rauðvínasedik  
2 msk. ólífuolía  
Skreyting:  
1 gul paprika  
fersk basilíka  
2 msk. ólífuolía

Skolið grænmeti og skerið í litla bita.  
Fínhakkjið chili-pípar og hvítlauk.

Léttsteikið hvítlauk og chili í ólífuolíu. Bætið grænmetinu, tómötum og tómaturé saman við á pönnuna. Látið allt malla smá stund. Maukið súpana með töfrasprota eða í matvinnsluvél og bætið köldu vatni smám saman við. Bragðbætið súpana með salti, pípar og ediki.

Berið súpana fram kalda og setjið smátt skorna gula papriku, basil og ólífuolíu ofan á hana.

# Árangurinn skiptir mestu máli

CrossFit Hafnarfjörður er persónuleg líkamsræktarstöð þar sem áhersla er lögð á að ná að bæta sjálfan sig en ekki einblínt á kíló eða fituprósentu.

CrossFit Hafnarfjörður er lítil og persónuleg crossfit-stöð á Melabraut 17 í Hafnarfirði. „Hjá okkur ríkir mjög góður andi og liðsheild. Fólk er fljótt að kynnast hvert öðru og félagsskapurinn er mikilvægur þáttur í starfsemi okkar. Við erum með þéttan hóp og höfum haldið árshátíð og grillpartí,“ segir Helga Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri og eigandi CrossFit Hafnarfjarðar.

Crossfit Hafnarfjörður hefur starfað í rúm tvö ár en flutningar eru í kortunum því aðsókn í stöðina hefur aukist svo mikið undanfarin ár að finna þarf hentugra húsnæði. Í CrossFit Hafnarfirði er gerð krafa um að fólk fari fyrst á grunnnámskeið þegar það byrjar að æfa crossfit. „Við leggjum mikla áherslu á að fólk læri æfingarnar og geri þær á réttan hátt. Það er í boði að fara á fjögurra vikna grunnnámskeið eða á hraðnámskeið sem tekur eina helgi. Einkatímar eru líka í boði í grunnþjálfun fyrir einstaklinga eða smærri hópna sem eru í ágætis formi.“

Í CrossFit Hafnarfirði er boðið upp á crossfit fyrir börn og unglinga. „Við erum búin að sækja sérstök námskeið í crossfit fyrir krakka. Þar eru hlutirnir einfaldaðir og æfingar til dæmis kallaðar öðrum nöfnum og reynt að vísa í eitthvað sem börnin þekkja. Til dæmis er talað um að lyfta leysibyssunum þegar lyfta á olnbogunum í ákveðnum æfingum. Við reynum að hafa allar æfingar skemmtilegar og krökkunum á að finnast gaman að æfa hjá okkur.“

Helga segir crossfit vera bæði skemmtilegt og árangursríkt. „Við viljum hafa ákveðin gæði í æfingunum hjá okkur og þetta snýst fyrst og fremst um að bæta eigin árangur. Crossfit snýst ekki um kílóatölu eða fituprósentu. Hér er ekki einblínt á útlit heldur lögð áhersla á hreysti. Markmiðið er að byggja upp þol og styrk og allir miða að því að ná árangri í æfingunum. Við skráum allan árangur á vefsíðu þar sem



Helga Guðmundsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri CrossFit Hafnarfjarðar, segir crossfit-íþróttina eiga vaxandi vinsældum að fagna.

MYND/ÚR EINKASAFNI

fólk getur séð hversu mikið það hefur bætt sig þegar það tekur sömu æfingu aftur einhverjum vikum eða mánuðum síðar. Þetta tekur tíma en fólk nær alltaf að bæta sig eitthvað. Árangurinn kemur hraðar í ljós í crossfit en í flestum öðrum íþróttum. Svo er það líka svo fjölbreytt og skemmtilegt.“

Nánari upplýsingar um CrossFit Hafnarfjörð má finna á heimasíðunni cfh.is.



# Annie Mist mælir með heilsuréttunum frá Nings

## Trölla trefjar

EKKERT salt  
ENGINN sykur

Annie Mist heimsmeistari 2011 og 2012  
veit að til að ná árangri skiptir mataræði öllu máli.

Uppáhalds réttur hennar er Tröllatrefjar sem samanstendur af:  
Rauðum hrísgrjónum sem eru næringar- og trefjaríkustu grjón sem völ er á, íslensku lífrænt ræktuðu byggi, heilum höfrum ásamt kjúklingi, eggjum og grænmeti, kryddaður með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

Heimsmeistari í Crossfit 2012  
Heimsmeistari í Crossfit 2011  
Silfurhafi á heimsleikum í Crossfit 2010  
Evrópumeistari í Crossfit 2009 og 2010  
ásamt því að vera margfaldur  
þrekmótsmeistari Íslands

### Næringargildi í 100g:

Orka	448 kJ / 107 kkal
Fita	1,4g
þar af mett. fitusýrur	0,7g
Kolvetni	10,2g
Trefjar	1,1g
Prótein	10,8g

TRANS  
FITA

MSG

# NINGS

Suðurlandsbraut 6  
Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12  
Sími 588 9899 • [www.nings.is](http://www.nings.is)

Njóttu vel!  
**NINGS**

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12  
sími: 588 9899 • [www.nings.is](http://www.nings.is)

Endurskiptur, umskiptur, hvarfu, engi öflugur



### FYNDIN NÖFN Á ALVÖRU ÆFINGUM

Æfingarnar sem tilheyra Crossfit nefnast ýmsum nöfnum. Annars vegar er um að ræða ákveðnar æfingar eins og „bóndagönguna“ þar sem gengnar eru langar vegalengdir með þung lóð í hvorri hönd og „þjónagönguna“ þar sem aðeins ein ketilbjalla er notuð en henni er haldið hátt yfir höfðinu meðan gengið er um.

Hins vegar er um að ræða æfingarútínur sem hafa manna-nöfn. Sem dæmi má nefna æfinguna Angie sem samanstendur af 100 upphífingum, 100 armbeygjum, 100 magagæfingum og 100 hnébeygjum. Fólk getur svo tekið tímann á hverri rúttínu og borið sig saman við æfingafélagana.



### LÍKAMSRÆKT FRÆGA FÓLKSINS

Vinsældir Crossfit hafa aukist mikið síðustu árin. Að sjálfsgöðu hafa stjórnurnar í Hollywood hrifist af líkamsræktinni og margar þeirra stunda hana af miklu kappi. Vöðvatróllin Sylvester Stallone og Jason Statham stunda báðir Crossfit en þeir léku meðal annars saman í The Expendables 1 og 2. Báðir byggja á góðum grunni, Statham keppti fyrir hönd Bretlands í dýfingum á árum áður og Stallone hefur að mestu leyti boxað og lyft lóðum á löngum kvikmynduferli. Frægar leikkonur stunda líka Crossfit. Þannig stunda leikkonurnar Jessica Biel og Cameron Diaz báðar Crossfit til að koma sér í gott form þegar þær undirbúa tókur fyrir kvikmyndir.

Söngkonan Kelly Clarkson, sem vann meðal annars American Idol árið 2002, er mikill aðdáandi líkamsræktarinnar og segir stærsta kost hennar vera fjölbreytni og hversu stuttan tíma hún tekur. Sjálf hefur hún dregið marga aðstoðarmenn sína með í fjórið. Af öðrum stjórnurum sem stunda Crossfit má nefna leikarana Matt Damon og Brad Pitt og söngkonuna Madonna.

## SAGA CROSSFIT

Greg Glassman var fimleikamaður á yngri árum. Þegar hann var átján ára, árið 1974, hóf hann að þjálfa fimleikafólk hjá KFUK í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Í kjölfarið fór hann að þjálfa frægt fólk og íþróttahetjur í fjölmörgum líkamsræktarstöðvum í Kaliforníu. Hann áttaði sig fljótlega á hvað vantaði upp á í almennum lyftinga- og æfingakerfum og þróaði sitt eigið kerfi þar sem hann sameinaði lyftingar og hlaup.

Árið 1995 var Glassman ráðinn til að þjálfa lögreglueldina í Santa Cruz og sama ár opnaði hann fyrstu Crossfit-stöðina þar. Fljótlega fór hróður hans að berast víða í gegnum afburða-íþróttafólk og lögreglumenn, sem báru honum vel söguna.

Árið 2001 opnaði Glassman síðuna Crossfit.com þar sem hann kom upplýsingum um æfingataknina á framfæri. Tveimur árum síðar hóf hann samstarf við aðrar stöðvar og átján stöðvum var komið á laggirnar fyrir árið 2005. Eftir það fór stöðvunum ört fjölgaði en nú er áætlað að fjöldi Crossfit-stöðva sé um 4000. Heimsleikarnir í Crossfit hafa verið haldnir árlega frá árinu 2007. Annie Mist Þórisdóttir sigraði í flokki kvenna síðustu tvö ár.



## Ryðgaður og stífur?

### Aumir og stífir vöðvar?

**Voltaren gel** er verkjastillandi og bólgueyðandi hlaup við verkjum í mjóðaki, öxlum og vöðvum.

**Voltaren** 

NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR



#### LESA SKAL VANDLEGA LEIÐBEININGAR Á UMBÚÐUM OG FYLGISEDLI.

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Samantekt á eiginleikum lyfs – stýrtur texti SPC. Inniheldur 11,6 mg af díklófenakvítylamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi (sem jafngildir magni á stærð við kirsuber til valnetu) er borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stökkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafð samband við lækni ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir díklófenaki eða einhverju hjálparefnum. Ofnæmi fyrir acetylsalísýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum acetylsalísýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Á síðustu þremur mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglungum 14 ára og yngri. Meðganga og brjóstgjöf: Ef þú ert barnshafandi máttu eingöngu nota Voltaren í samráði við lækni. Þú skalt nota eins litla skammta og hægt er og nota Voltaren í eins skammta tíma og mögulegt er. Þú mátt ekki nota Voltaren á síðustu þremur mánuðum meðgöngunnar. Ef þú ert með barn á brjósti máttu eingöngu nota Voltaren í samráði við lækni. Konur með barn á brjósti mega hvorki bera Voltaren á brjóstin né á stór húðsvæði og eiga að nota lyfið í eins skammta tíma og mögulegt er. Aukaverkanir: Algengar (≥1/100 til <1/10): Útbrot, exem, hörundroði, húðbólga (þ.m.t. sneriofnæmi), kláði. Sjaldgefar (≥1/1.000 til <1/100): Brunatilfinning á meðferðarstað, roði, punktblæðingar í húð, ofnæmishúðbólga. Mjög sjaldgefar (≥1/10.000 til <1/1.000): Blóðruhúðbólga. Koma órsjaldan fyrir (<1/10.000): Útbrot með graffarnöbbum, ofnæmi (þ.m.t. ofsakláði), ofnæmisþjúgur, berkjukrampi, astmi, þurrkur, ljósnæmi. Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að ákvarða tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum): Bráðaofnæmisviðbrögð. Við langvarandi notkun (>3 vikur) og/öð þegar verið er að meðhöndla stór húðsvæði geta komið fram almennar aukaverkanir. Einkenni eins og kvíðverkir, meltingartuflanir og truflanir á maga og nýrnastarfsemi geta komið fram. Ofskömmun: Ef of stór skammtur af Voltaren hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógati tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða citrunarmiðstöð (sími: 543-2222). Hafðu umbúðir lyfsins við höndina. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## FLOTT STÓRSÝNING

Handverkshátíðin við Hrafnagilsskóla var sett í gær en hún stendur yfir til 13. ágúst. Í tilefni af 80 ára afmæli Búnaðarsambands Eyjafjarðar er stór landbúnaðarsýning einnig á svæðinu. Mikið er því um að vera og margt að sjá.

## Herra Hafnarfjörður lokar?

Öll jakkaföt  
15.000 kr.

Stakir jakkar  
10.000 kr.

Kakí buxur  
5.000 kr.

Gallabuxur  
2.000-5.000 kr.

Skýrtur  
5.000 kr.

Bolir  
1.000-2.000 kr.

FJÖRÐUR

www.fjordur.is

Herra  
hafnarfjörður

Firði Hafnarfirði | Sími 572 3400



## Ekvador - milli fjalls og fjöru

16. október - 8. nóvember

Fararstjóri: Ari Trausti Guðmundsson

Ekvador er eitt allra litríkasta og forvitnilegasta land Suður-Ameríku, um 230 þúsund ferkílómetrar að stærð og með um 14 milljón íbúa. Meirihluti þeirra er af frumbyggjaættum. Landsvæðið nær yfir þurrlendi við Kyrrahafið, upp í hásléttur og jökulbakin eldfjöll og niður í hlýjan og rakan frumskóg Amazon-svæðisins. Í þessari ferð er farið um fyrrgreinda landshluta til þess að kynna mannlífi, náttúru, menningu og sögu sem nær mörg þúsund ár aftur fyrir okkar tímatal. Ferðin hefst í Quito, en gamli borgarhlutinn er á heimsminjaskrá UNESCO. Síðan er ferðast norður í land á eldfjallaslóðir en þar á eftir allt suður til borgarinnar Cuenca, sem er talin með fegurri borgum álfunnar, skoðaðar inkarústir og þjóðgarðar, og bærinn Banos undir virka eldfjallinu Tungurahua heimsóttur í leiðinni. Stærsta borg landsins, Guayaquil er einn viðkomustaðurinn, ásamt fiskimannapörpum norðar á ströndinni. Þar er farið í ýmsar skoðunarferðir, á sjó og landi. Að lokum er farið austur um í frumskóginn við Rio Napo þar sem Quechua-frumbyggjar kynna sitt land fyrir hópnum.

Ari Trausti fararstjóri verður til viðtals hjá Bændaferðum vegna ferðarinnar mánudaginn 13. ágúst kl. 12:30 - 15:00. Við bjóðum ykkur velkominn í kaffi, en að sjálfsgöðu er einnig hægt að slá á þráðinn í síma 570 2790.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR



www.baendaferdir.is

s: 570 2790



Spj. ehf.

### SYNDANDI Í HAFI

Gaman verður að sjá vagninn í ár sem innblásinn er af sundmóti samkynhneigðra sem haldið var fyrir í sumar. Sjávarguð, hafmeyja og lagardýr munu vappa þar um í mikilli litadýrð og gleði. MYND/HEIDA



## PALLI ÆTLAR AÐ TOPPA SJÁLFAH SIG

**SYNDIR Í GLEÐIGÖNGUNNI** Páll Óskar mun að venju vera í aftasta vagni í Gleðigöngu samkynhneigðra sem fer um miðbæinn í dag. Þar mun hann trylla lýðinn í gervi sjávarguðs með fiska og hafmeyjar sér til halds og trausts.

Páll Óskar Hjálmtýsson hefur undanfarin ár látið útbúa risaleikhús á hjólum fyrir Gleðigönguna sem farin er árlega um miðbæ Reykjavíkur. Í ár slær hann ekki slöku við og segir gönguna nauðsynlega baráttu samkynhneigðra fyrir réttindum sínum til jafns við aðra í samfélaginu. „Trukkurinn í ár er óbein tilvitnun í sundmót samkynhneigðra sem haldið var í sumar og var hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Atriðið er því skírskotun í að samkynhneigðir hafa alla tíð stundað íþróttir og stunda enn. Oft hefur verið erfitt fyrir samkynhneigt fólk í íþróttahæiminum að koma út úr skápnum. Þess vegna gerum við vagninn eins litríkan og sýnilegan og mögulegt er til að undirstrika það að samkynhneigðir íþróttamenn eiga ekki að skrifa með framveggjum.“

### SJÁVARDISKÓTEK Á HJÓLUM

Margir leggja hönd á plóg við að útbúa trukkin. „Ég gæti aldrei gert þetta einn þó ég sé með yfirumsjón. Það er gott teymi sem veit nákvæmlega hvað það er að gera sem fylgir mér enda sjötti trukkurinn sem við gerum saman. Trukkurinn er í sjálfu sér stórt diskótek á hjólum og í raun risastór leikmynd. Í ár mun hafið sjálft fljóta fram. Fiskar í öllum regnbogans litum og alvöru hafmeyjar. Svo verður

aðvitað sæguð sem trónir yfir öllu, og hver heldur þú að það verði?“ segir Páll Óskar með glettnistöni.

Það er ekki ókeypis að útbúa risastór-an trukkin sem skapar gleðistemninguna sem einkennt hefur gönguna og vagn Páls Óskars öll þessi ár. „Ég legg reglulega til hliðar smá pening til að standa straum af kostnaðinum. Sumir safna sér fyrir sólarlandafærð en ég safna fyrir Gleðigöngunni. Það er mikilvægt að gangan spretti frá grasrótinni og við viljum engar auglýsingar. Viða erlendis eru fyrirtæki sem styrkja gönguna og þar sjást risavagnar merktir þekktum vörumerkjum. Það tekur alveg pólitíska broddinn úr göngunni.“

### STAÐA SAMKYNHNEIGÐRA

Spurður um stöðu samkynhneigðra segir Páll Óskar margt hafa breyst til batnaðar en nauðsynlegt sé að standa vaktina áfram. „Enn í dag er fullt af fólki sem þorir ekki út úr skápnum af einhverjum ástæðum og einangrar sig út af ötta við nánasta umhverfi. Uppnefningar og fúkyrði í netheiminum og kommentakerfum eru ekki óalgeng og samkynhneigðir unglingar eru enn þá í áhættuhópi hvað varðar sjálfsvíg. Á meðan slíkar staðreyndir blasa við okkur mun ég halda áfram baráttunni. Ég er ekki að biðja um að einhver umberi mig. Ég vil ekkert hrós, ég vil enga vorkunn. Ég



**GLEÐIGANGAN 2011** Í fyrra var Páll Óskar í þessum glæsilega buntingi og sprengdi confetti yfir alla með tónlistina í botni.

FRAMHALD Á SÍDU 2



## HOLLT OG GOTT

1.250 kr

1.250 kr

PHO vietnamskur veitingastaður  
Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868

## VIETNAM MARKET

### 3 ára

## AFMÆLISDAGAR

Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík - Sími: 534 7268

ALLT FYRIR  
AUSTURLENSKA MATARGERÐ

## 30-70% afsláttur

gildir til 10. ágúst  
af völdum vörum

Opið: mán - föst Kl. 11 - 20  
lau - sun Kl. 12 - 18



# LÍFRÆNT Á SÓLHEIMUM

Lífræni dagurinn verður haldinn hátíðlegur á Sólheimum í dag. Boðið verður upp á fjölbreytta og áhugaverða dagskrá.

Þetta er árlegur viðburður hjá okkur hér á Sólheimum og við höfum fengið til okkar um hundrað manns á þessum degi í gegnum tíðina en þetta er sjötta árið sem við höldum Lífræna daginn hátíðlegan,“ segir Erlendur Pálsson, forstöðumaður atvinnusviðs Sólheima.

Lífræni dagurinn er lokadagur menningarveislu Sólheima sem staðið hefur yfir í allt sumar með tónlistarmönnum, fræðsluerindum og síðast en ekki síst sýningum af verkum heimamanna sem kallast „Svona gerum við“.

Ljósmyndasýning Péturs Thomsen, „Svona erum við“, hefur verið í íþróttahúsinu en á henni má sjá myndir af íbúum Sólheima.

Dagskráin í dag er fjölbreytt en hún hefst klukkan tvö með tónleikum Ragga Bjarna og Þorgeirs Ástvaldssonar í Sólheimakirkju. „Það hefur verið fullt út úr dyrum á tónleikunum hjá þeim en þeir hafa haldið tónleika áður hjá okkur. Strax að loknum tónleikum þeirra félagar flytur Gunnþór Guðfinnsson garðyrkjufræðingur fyrirlestur um lífræna og lífeflda ræktun. Að honum loknum mun Hafdís Huld Prastardóttir vera með tónleika í Grænu könnunni, kaffihúsi Sólheima.“

Á torginu á Sólheimum verður markaður með afurðir úr garðyrkjustöðvum, bakaríi, matvinnslu og snyrtivöruframleiðslu Sólheima. „Dagurinn verður líka notaður til að kynna snyrtivörurnar okkar formlega og framleiðslu bakarísins. Við höfum verið að þróa snyrtivörustarfsemina í rúm ár en hér snýst allt um að skapa atvinnutækifæri fyrir heimilissólkíð,“ segir Erlendur.

Kaffihús Sólheima, verslunin, garðyrkjustöðin og markaðurinn opna klukkan tólf.

**HAFDÍS HULD**  
Hafdís Huld verður með tónleika á Grænu könnunni, kaffihúsi Sólheima, í dag í tilefni lífræna dagsins.



**VÆNGURINN ÞANINN** Róbert segir svifvængjaflug léttasta form svifflugs og auðvelt að taka með sér hvert sem er þar sem búnaðurinn vegi ekki nema 10-15 kíló.



# SVIFID UM LOFTIN BLÁ

**SVIFVÆNGJAFLUG** Róbert Bragason stundar svifvængjaflug af kappi. Árið 2003 féll hann flatur fyrir svifvængnum svo ekki varð aftur snúið. Í dag sér hann um kennslu í svifvængjaflugi fyrir Fisfélag Reykjavíkur.

Róbert kynntist sviffluginu fyrst í gegnum vin sinn og fór upp úr því á námskeið hjá þýskum kennara hér á Íslandi árið 2003. Síðan þá hefur hann sótt fjölda námskeiða til að afla sér meiri þekkingar á svifvængjaflugi. „Svifvængjaflug er léttasta form svifflugs og auðvelt að stunda hvar sem er sökum þess hve fyrirferðarlítill búnaðurinn er. Allt sem þarf til að fljúga tekur maður með í einum bakpoka sem vegur ekki nema um 10-15 kíló. Fluginu fylgja líka aðrir kostir eins og fjallanga og útvist.“

Róbert segir mikla vakningu hafa orðið í svifvængjaflugi undanfarin misseri og í ár hafi verið metþátttaka á námskeiðum Fisfélags Reykjavíkur sem gefur út nauðsynleg réttindi til svifvængjaflugs hér á landi. Flugstaðir eru óteljandi margir og ekki takmarkaðir nema af loftuppstreymi og veðri. „Það eina sem þarf er fjall og réttar veðurfarsaðstæður. Hafgolan streymir að landi og upp í loft hjá fjöllum sem standa allt að 20 kílómetra frá ströndinni. Það uppstreymi er notað til að svífa um á vængnum.“

Margir halda að svifvængjaflug sé mjög áhættusamt en Róbert blæs á þær vangaveltur og segir vel hægt að stunda

það með lítilli áhættu. „Allt flug er í sjálfu sér hættulegt en það er hægt að stjórna því hversu hættulegt það er. Ef flotið er um í hafgolunni sem myndast við fjöll nálægt strandlengjunni er lítil hættu á ferð. Sé hins vegar reynt að fljúga einhverjar vegalendir og leita uppi hitauppstreymi eykst hættan. Listflug er erfiðast og jafnframt hættulegast.“

Svifvængjaflug er kjörið til að stunda hvar sem er í heiminum enda búnaðurinn fyrirferðarlítill og kemst hæglega fyrir í farangurstösku. Einnig er töluvert magn upplýsinga um vinsæla flugstaði aðgengilegt hjá flugklúbbum víða um heim og flugmenn veita hver öðrum upplýsingar eftir fremsta megni. „Ég hef flogið víða um heim; í Kólumbíu, á Spáni og í Tyrklandi. Þetta gefur manni færi á að skoða löndin á annan hátt en fótgangandi. Einnig eru flugstaðir oftast utan hefðbundinna ferðamannastaða.“

Spurður um uppáhaldsflugstaði segir Róbert það vera Ölu Deniz í Tyrklandi og svo Hafrafjall og Herdísarvík hér heima á Íslandi. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér meira um svifvængjaflug er bent á að líta inn á heimasíðu Fisfélags Reykjavíkur, [www.fisflug.is](http://www.fisflug.is). ■ [vidir@365.is](mailto:vidir@365.is)

## STUTT Í HÁLOFTIN

Ekki er langt að fara til að stunda svifvængjaflug. Engin þörf er á séráðstöðu, annarri en fagurri fjallshlíð og örlítilli golu. Við Hafrafjall eru kjöraðstæður til svifvængjaflugs og ekki óalgengt að sjá þar fólk á sveimi.

# ÚTSÖLULOK

Í dag 11-16

allt að 60% afsláttur



**Lín DESIGN**

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 [www.lindesign.is](http://www.lindesign.is)

## FRAMHALD AF FÓRSÍÐU

vil samþykki. Það er stór munur á að umbera eitthvað og samþykkja.“

### HÁTÍÐARDANSLEIKUR Á BROADWAY

Páll Óskar mun ekki vera með ball líkt og undanfarin ár sem kemur ekki til af góðu. „Vaninn hefur verið að halda ball á Nasa en þar sem það er ekki í boði hef ég ákveðið að sleppa því. En það er verið að vinna í því að bjarga Nasa og komnar þrettán þúsund undirskriftir inn á vefinn [www.ekkihotel.is](http://www.ekkihotel.is). Ég hvet alla til skrifa undir og mótmæla.“ Fólk ætti þó ekki að örvænta því Páll Óskar mun stíga á sviðið fyrir neðan Arnarhól og trylla lýðinn ásamt fleiri góðum listamönnum að lokinni gleðigöngunni. Um kvöldið verður svo Hinsegin hátíðardansleikur á Broadway þar sem hann tekur nokkur af sínum bestu lögum.

### VEÐUR OG VINDAR

Að lokum vill Páll Óskar minna fólk á að fylgjast með veðrinu. „Það spáir ekkert æðislega og gæti blásið örlítið og rignt smá og fólk ætti því að klæða sig eftir veðri. Við sem erum í göngunni munum hins vegar lifa það af þó rigni örlítið eða blási, enda höfum við staðið af okkur miklu verri storma í gegnum tíðina en það.“ Gangan mun halda af stað frá Vatnsmýrarvegi klukkan 14 í dag eftir tjörninni og að Arnarhóli. ■ [vidir@365.is](mailto:vidir@365.is)



### GOTT VEÐUR?

„Við sem erum í göngunni munum hins vegar lifa það af þó rigni örlítið eða blási, enda höfum við staðið af okkur miklu verri storma í gegnum tíðina en það.“ MYND/SNORRI

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir  
Sölumenn: Jónína María Hafsteinsdóttir, [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is), s. 512 5473 | Sverrir Birgir Sverrisson, [sverrirbs@365.is](mailto:sverrirbs@365.is), s. 512 5432 | Elsa Jensdóttir, [elsaj@365.is](mailto:elsaj@365.is), s. 512-5427

# ego dekor

-30%



Borð - Hvítt háglans  
Stærð: 180x100  
Verð: 83.000,-

ÚTSÖLUVERÐ  
58.100,-

-30%



ATH! BREYTANLEGUR Í  
3JA SÆTA SÓFA OG SKEMIL

ACE tungusófi  
Stærð: 240x157  
Verð: 169.900,-

ÚTSÖLUVERÐ  
118.930,-

-20%



CAVIAR tungusófi  
Stærð: 315x165 Verð: 248.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 198.400,-

-25%



GOTCHA horn/tungusófi  
Stærð: 302x213x152 Verð: 288.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 216.000,-

## ÚTSALAN ER HAFIN

## 20-50% AFSLÁTTUR

-25%



TV skenkur - dökk eik  
Breidd: 200cm Verð: 98.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ 73.500,-



Hnotuborð og 6 Prima stólar  
ÚTSÖLUVERÐ: 149.220,-

-20%



Parker Sófaborð  
Stærð: 123x60 Verð: 68.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ 54.400,-

-20%

Hnotuborð  
Stærð: 180x100cm  
Útsöluverð: 79.920,-

-30%

PRIMA Stóll  
Útsöluverð: 11.550,-

-20%



ASPEN tungusófi  
Stærð: 289x156 Verð: 219.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 175.200,-

-25%



MONTANA Stóll  
Verð: 16.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 12.675,-

-20%



MAX Stóll  
Verð: 15.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 12.720,-

-20%



OPAL Stóll  
Verð: 16.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 13.520,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18:00  
Opið um helgina: Lau 10:00 - 17:00 Sun 13:00 - 17:00

Ego Dekor - Bæjarlind 12  
S: 544420 - [www.egodekor.is](http://www.egodekor.is)

**BÍLAR &  
FARATÆKI****ISBAND.IS**  
BILANINFLUTNINGUR

NÝTT COLEMAN CHEYENNE 10 fet, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábræra verði aðeins 2.389.800kr, Komdu og skoðuðu



NÝTT COLEMAN SEDONA 8 fet, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábræra verði aðeins 1.789.800kr, Komdu og skoðuðu,

Íslensk-Bandaríska ehf  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ  
Sími: 534 4433  
Opíð virka daga 10-18.00  
<http://www.isband.is>



LINCOLN Mark 4wd LT 35". Árg. 2008, ek. 46 Þ.KM, bensín, sjálfsk, Einn með öllum aukahlutum, 2x dekkjagangar á felgum omfl, Verð 5.500.000. Rnr.116320. Er í salnum hjá okkur,



FORD E350 Tio Motorhome. Árg 1992, ek aðeins 86 Þ.KM, bensín, sjálfsk, Truma miðstöð, Markísa, Rosalega fluttur og vel búinn bíll í topp standi, Ásett verð 3.990.000. Rnr.117626. Er á staðnum,



JAGUAR XKR Coupe . Árg 4/2008, ek. 10 Þ.KM, 420hó, Sá flottastí, Ein með öllu, Fluttur inn nýr, Ásett verð 14.900.000. Rnr.114909. Er á staðnum,

100 bílar ehf  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opíð virka daga 10-18.00.  
Lokað á laugardögum  
[www.100bilar.is](http://www.100bilar.is)



Viðspá á 3...  
Börn eiga rétt á  
heilbrigðum lífinum

**Parftu að kaupa  
eða selja bíl?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. [www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is) Sími 522-4610.

Bilauppbod - Krókur  
Sími: 522 4610  
[www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is)

**LITLA** *bílasalan*  
[www.litla.is](http://www.litla.is) 587 7777

**Vantar bíla á skrá  
og á staðinn!****Skráðu bílinn á  
[www.litla.is](http://www.litla.is)****20 ára traust og góð  
þjónusta!**

Litla bílasalan  
Eirhófa 11, 110 Rvk.  
Sími: 587 7777  
[www.litla.is](http://www.litla.is)

**Bílar til sölu**

Til sölu Chevrolet van húsbíll. árg.'99. Ek. 88 þ. km. 38" dekk. Fullbreyttur. Ásett v. 3,3 m. Nánari uppl. 821 7513 eða vilhelm@gmail.com



Audi V6, samskipt 44, B turbo. Allt raðdrif. Árg. '01 des. Ek. 170 km. S. 616 2597.



Mmc eclipse 2001. Ek. 150þ. Verð 990þ. eða besta boð. S. 666-8888.



BMW M5 árgærd 2005, ekinn 138þús, hlaðinn búnaði, 507 hö. SUMARTILBOÐ 5,5 STAÐGREITT. Uppl. í s. 895 1655.



Til sölu Dodge Ram árg. '98. Ek. 320þ. Dísel. Verð 999þ. S. 777-2510.



Til sölu Landcruiser 80, árg.'90 (1,5 ár í fornbi) Billinn er mikið endurnýjaður s.s. motor, turbo, bremsur, driflæsingar ofl. Breyttur fyrir 38" er á 35" Verðhugmynd 2.290.- Tilboð óskast, skipti ath. Uppl. í s: 6600108.

**Yaris 2007 ekinn aðeins  
39 þúsund**

Beinsk. 5. g. Nýsk. og ný smurður. Verð 1.390 þ. S. 822 8071.



Citroen C4, VTR, árg '06. Ek. 70þ. Ásett verð 990þ. Fæst á 850þ. stgr. S. 699-3393



Til sölu Toyota Corolla 1998 ekinn 193.000 km Nýskoðaður Upplýsingar í síma 8614412.



Þjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leiðið tilboða í búnað og ísetningu - sparið með MetanLán til allt að 48 mánaða. [velras.is](http://velras.is)



Renault Clio árg 05 bsk. ek. '94 þ. Ný skoðaður án ath nýleg Tímareim og ný kúpling, spameitinn bíll í góðu standi eyðsla ca 51 skoða skipti á ódýrara. uppl. í s. 778-8884.



Ford Econoline 150 húsbíll til sölu. Bensín árg'95. Eins drifs með læstu drifi. Ný dekk og felgur. Keyrður 140 þús Km. Með fylgir eldavel, ísskápur, miðstöð,sólarsella Verð 2.5M Uppl. í s. 894-4089.



Til sölu Mercedes Benz 230E árg. 1990. Ekinn 247000 km. Mjög góður bíll - tilboð óskast í síma 8691047



Til sölu Mitsubitsi Lancer Vagon '98 4x4. Sk'13. Mikild endurnýjaður Tilboð 260 þús. S. 554 7675 og 869 9620.




Volvo S40 2,4 árg. '08, ekinn 80þ. verð 2790þ. Sjálfsk, álfelgur og leðurakláði S. 698-4828.



VW Polo Árg. 2007. Ek. 76 þús. km. Bensín, 5 girar. Verð 1.290 þús. S: 699 6119.



Ford F350 46" árg. '05 ek.97km m/öllu, ný dekk. Verð 5,5mkr. S:663-4383.



Subaru Legacy '05 ek. 101þ. Sjsk, krókur, nýleg s+v dekk á felgum. Ný tímareim og kerti. V. 1300þ. stgr. S. 8594232.




Toyota Aygo árg. 07 ek.41þ. V. 1050þ Nýsk, nýl. bremsuklossar. S. 664-1143.



TOYOTA LAND CRUISER 120 LX Árgærd 2004, ekinn 110.þ km, sjálfskiptur. Einn eigandi frá upphafi. Verð 3.390.000 kr. Rnr:111775



Til sölu Dodge Grand Caravan. árg.'02. Ek. 131 þ. km. sjálfsk., krókur. 7 manna. Skoða skipti. Verð 1.250 þ. Uppl í s: 860 0866.



Honda CR-V. Litur: Titanium Metalik. Ek. 19 þús. km. . Ásett verð: 4.950.000. Athuga skipti. Uppl. í s: 896 2362.



Ford fiesta 5 dyra, árg. '04, ek. 65000 km. V. 850 þ. S. 770 3670.

Range Rove, Dísel, árg.'96 til sölu. Ek319þ.km, í góðu ástandi með skoðum til sept '13. Uppl. í s. 858 4410.

Cadillac escalade, svartur, árg.'02 til sölu. Ek.162þ.km. Uppl. í s. 8584410.

**Mitsubishi Pajero dísel  
2004**

Er með til sölu Mitsubishi Pajero árgærd 2004. Bilinn er 7 manna, dísel, leður, með toppplügu, keyrður 137 þúsund, sílfurlitaður. Ásett verð 2.650þús skoða skipti á ódýrari. Uppl. í s. 691-1102.

**Ódýr Corolla 195þús!!!**

Toyota Corolla 1300 árg.'94 ek.220þús. sk. '13 beinsk. 3 dyra. Verð 195þús. Uppl. s. 891 9847.



R.Rover '89 árg, leður, sjsk,ný dekk, allur yfirfarinn, ny smurður. Krókur. Verð 950,000. S.7728100



VW polo árg '01 nýskoðaður, nýtt þúst. Nýjar bremsur, nýjar legur ad framan. Ekinn 169þús Verð 390.000kr Gsm 8433282



Til sölu Ford Mondeo Chia station árg. 2003. Sjsk. ek. 136.000 km. Nýtt í bremsum og þústi. Nýjar hjólalegur og ný kerti. 2 dekkjagangar. Tilboð kr.690.000. S. 660-5514.



Subaru Legacy '05 ek. 101þ. Sjsk, krókur, nýleg s+v dekk á felgum. Ný tímareim og kerti. V. 1300þ. stgr. S. 8594232.




Toyota Aygo árg. 07 ek.41þ. V. 1050þ Nýsk, nýl. bremsuklossar. S. 664-1143.



TOYOTA LAND CRUISER 120 LX Árgærd 2004, ekinn 110.þ km, sjálfskiptur. Einn eigandi frá upphafi. Verð 3.390.000 kr. Rnr:111775



SUBARU LEGACY 2,0 WAGON Árgærd 2006, ekinn 115.þ km, sjálfskiptur. Einn eigandi frá upphafi. Verð 1.750.000 kr. Rnr:105670



Mmc pajero stuttur 2.5 dísel 5gíra ekinn 240þ. ný skoðaður '13, ný dekk krókur. Vel við haldinn og mikið endurnýjaður. Verð 690þ. eða TILBOÐ 400þús stgr. uppl. s. 777-3077.

**Ódýr station bíll**

Opel astra station ssk. ek. 260 þ. Skipti um tímareim í 220 þ. Ný skoðaður án athugasemda. Selst á 120 þ. S. 7788884.

Til sölu traustur eðalvagn. Renault Laguna árg. '00. Ssk, ek. 190þ. Verð 200þ. eða tilboð. Ári 820-7119.

Óska eftir smábíl syrka árg.'05-11 yarir, jazz, vw, getz. Uppl. í s. 695 9543.

**TILBOÐ 550þús**

Citroen Berlingo árg. '05 ný kúpling, tímareim og fl. Ek. 119þús. Verð 550þús Uppl. í s. 861 1508.

**0-250 þús.****TILBOÐ 130þús!!!**

Opel Vectra 2,0 ssk. árg.'00 ek. 180þús Þarfnað smá lagfæringar f. skoðun. Verð 130þús uppl. s. 866 4904

**500-999 þús.**

Skoda Fabia, 2006. Keyrður 78 þús. Beinsk. Góð dekk. iPhone tengi. Fjarstýrðar samlæsingar. Verð: 970.000. Egill s. 690-7890.

Subaru Ipreza '99 árg. ekinn 183þ. nýskoðaður og ný kúpling, verð 550þ. S. 893-3287 og 477-1657.

**1-2 milljónir**

TILBOÐ 7 MANNA GRAND CARAVAN ST WAG Nýsk 1.09.2006, ek. 62 mílur, skoðaður 2013, filmur, álfelgur, rafmagns hurðar. Verð 2390þús en TILBOÐ 1990 ÞÚS. Áhvíldi 1300 þús ca 33 þús á mánuði, skoða skipti. Uppl. s:693-5053.

**Bílar óskast**

Óska eftir eyðslu grönnum bíl, skoðuðum ekki eldri en árg.'98 verðbilinu 0-250þús. uppl. í s. 844 0478.

**0-250 staðgreitt**

Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólkabil. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

**Jeppar**

Mitsubishi Pajero. Árg.'98, ekinn 280 þús, sjálfskiptur, dísel. Verð 590 þús. Uppl. í síma 858 5222.



TILBOÐ 400ÞÚS STGR !!! Mmc pajero stuttur 2.5 dísel 5gíra ekinn 240þ. ný skoðaður '13, ný dekk krókur. Vel við haldinn og mikið endurnýjaður. Verð 690þ. eða TILBOÐ 400þús stgr. uppl. s. 777-3077.



Capacent Ráðningar

## FRAMKVÆMDASTJÓRI



Icelandic Group er alþjóðlegt net sjálfstæðra framleiðslu- og sölufyrirtækja á sviði sjávarafurða. Félagið rekur fyrirtæki á Íslandi, í Evrópu og Asíu sem munu starfa hvert á sínum markaði við framleiðslu og sölu á sjávarfangi. Áætluð heildarvelta Icelandic Group er rúmlega 80 milljarðar króna.

Icelandic Group leitar að öflugum einstaklingi í stöðu framkvæmdastjóra Fiskvals ehf. Um er að ræða krefjandi og áhugavert starf hjá fyrirtæki sem á viðskipti um heim allan. Fiskval er dótturfyrirtæki Icelandic Group og heyrir framkvæmdastjóri Fiskvals beint undir forstjóra Icelandic Group.

### Starfssvið

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri
- Ábyrgð á fjármálum félagsins
- Aðkoma að stefnumótun félagsins í samvinnu við móðurfélag
- Stýring á markaðsstarfi félagsins
- Erlend samskipti

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla og þekking úr sjávarútvegsgeiranum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði
- Þekking á vinnslu og markaðssetningu fiskafurða
- Frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta

Fiskval er sérhæft framleiðslu og útflutningsfyrirtæki á ferskum og frosnum afurðum úr íslensku sjávarfangi. Kjarnaframleiðsla félagsins er framleiðsla á flatfiski og ýsu fyrir smásölumarkaði í Bandaríkjunum, Bretlandi og meginlandi Evrópu.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

**Matreiðslumaður**  
Viljum bæta við öflugum matreiðslumanni í eldhúsið hjá UNO. Hafid samband við **Gumma** í síma 891 8465 eða **Kjartan** í síma 663 4392.  
Einnig vantar þjóna í vetur, sem búa yfir söluhæfileikum og hafa gaman af því að gleðja aðra.  
**Sendið ferilsskrá á [uno@uno.is](mailto:uno@uno.is)**  
UNO er líflegur ítalskur veitingastaður við Ingólfstorg, í hjarta borgarinnar.

## Leiðbeinandi óskast

**í Vin, athvarf Rauða krossins fyrir fólk með geðraskanir, Hverfisgötu 47, Reykjavík.**  
Starfið er krefjandi en um leið gefandi. Um er að ræða fullt stöðugildi. Vinnutími er frá 9 – 16 virka daga. Markmiðið með starfsemi Vinjar er að rjúfa félagslega einangrun, auka virkni og lífsgæði gesta. Karlmennt eru sérstaklega hvattir til að sækja um. Ekki er krafist sérstakrar menntunar en áhugi á skák og matreiðslu er æskilegur.  
**Eiginleikar sem starfsmaður þarf að hafa:**

- Samskiptahæfni og reynsla af því að vinna með fólki
- Áreiðanleiki, áhugi og jákvæðni
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórdís Rúnarsdóttir í síma 862 4889. Umsókn ásamt ferilsskrá sendist á [thordis.runarsdottir@redcross.is](mailto:thordis.runarsdottir@redcross.is).  
**Umsóknarfrestur er til og með 15. ágúst nk.**  
Um Vin: <http://raudikrossinn.is/vin>

**Rauði krossinn**  
Reykjavík

## VIÐ RÁÐUM

Nýherji óskar eftir að ráða kraftmikinn og heilsteyptan einstakling sem vill verða hluti af öflugum teymi úrvals sérfræðinga.

### Sérfræðingur í hugbúnaðarlausnum

Rekstrarlausnir Nýherja byggja á langri hefð í þjónustu við öflugustu tölvukerfi landsins. Þar sem hraði, öryggi og áreiðanleiki skipta sköpum. Lögð er rík áhersla á trausta þjónustu og vönduð vinnubrögð.

Starfið felur í sér þjónustu tölvukerfa, s.s. uppsetningar, breytingar, viðhald, rekstur vefgátta og öryggislausna. Einnig er tekist á við þróun lausna og endurbætur.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólagráða á sviði verkfræði eða tölvunarfræði er kostur
- Reynsla eða þekking á IBM hugbúnaði
- Reynsla og/eða þekking á veflausnum æskileg

Umsjón með starfinu hefur Kristján Geir Mathiesen, deildarstjóri Rekstrarlausna, [kristjan.geir.mathiesen@nyherji.is](mailto:kristjan.geir.mathiesen@nyherji.is). Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað. Umsókn skal fyllt út á vef Nýherja, [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is). Umsóknarfrestur er til og með 21. ágúst nk.

Nýherji hf. er samstæða framsækinnar þekkingarfyrirtækja í upplýsingatækni með 550 starfsmenn á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð.

**NÝHERJI**  
BETRI LAUSNIR

Landsvirkjun starfar eftir jafnréttisáætlun og leggur áherslu á að gæta fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla. Mannauðsstefna fyrirtækisins byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu.

## Landsvirkjun leitar að öflugum fólki

### FORSTÖÐUMAÐUR REKSTRARÞRÓUNAR

Forstöðumaður rekstrarþróunar heyrir beint undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Um nýja stöðu er að ræða og ber viðkomandi ábyrgð á fjárhagslegu aðhaldi og eftirliti Landsvirkjunar.

Helstu verkefni:

- Breytingastjórnun
- Fjárhagslegt aðhald við hönnun nýrra virkjunarkosta
- Fjárhagslegt aðhald með virkjunum í byggingu
- Almenn aðhald og eftirlit með fjármálaþrengingum
- Þátttaka í fjölbreyttum úrbótaverkefnum

### SÉRFRÆÐINGUR Í FJÁRMÁLAGREININGU

Starf sérfræðings í fjármálagreiningu heyrir undir forstöðumann fjármálaeildar. Viðkomandi verður hluti af samhentum hópi sem sér um greiningar innan fjármálasviðs.

Helstu verkefni:

- Tölfræðilegar greiningar á rekstri félagsins
- Markviss framsetning upplýsinga um rekstur
- Framsetning og gerð kynningarefnis
- Aðstoð við hönnun og innleiðingu mælikvarða sem styðja við stefnu fjármálasviðs (e. KPI)
- Þátttaka í fjölbreyttum úrbótaverkefnum

### SÖLUSTJÓRI

Sölustjóri á markaðs- og viðskiptaþróunarsviði heyrir undir forstöðumann sölu og viðskiptaþróunar. Markaðs- og viðskiptaþróunarsvið hefur að markmiði að hámarka tekjur Landsvirkjunar til lengri tíma með sölu orku og grænna skírteina.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á sölu grænna skírteina
- Tengiliður skilgreinds hóps utanaðkomandi söluaðila og viðskiptavina Landsvirkjunar
- Ábyrgð á undirbúningi og gerð viðskiptasamninga
- Þátttaka í leit að nýjum viðskiptavinum
- Þátttaka í þróun nýrra viðskiptatækifæra
- Verkefnastjórnun

Sótt er um störfin á vef Capacent.

Nánari upplýsingar veita Hilmar G. Hjaltason (hilmar.g.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is). Umsóknarfrestur er til 20. ágúst nk.



Landsvirkjun





# DEILDARSTJÓRI FJÁRMÁLA- OG REKSTRARÞJÓNUSTU



Reykjavíkurborg er skapandi og metnaðarfullur vinnustaður með hátt í átta þúsund starfsmenn. Verkefni eru fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti.

## Reykjavíkurborg óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan einstakling í fjármála- og rekstrarþjónustu skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf deildarstjóra í fjármála- og rekstrarþjónustu laust til umsóknar. Næsti yfirmaður deildarstjóra er fjármálastjóri sviðsins. Deildarstjóri er jafnframt staðgengill fjármálastjóra. Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar og starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar og skólahljómsveita. Jafnframt greiðir sviðið framlög til sjálfstætt starfandi dagforeldra, leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Skóla- og frístundasvið þjónustar yfir 20 þúsund börn og fjölskyldur þeirra. Útgjöld sviðsins eru tæpir 35 milljarðar kr. á ári.

### Helstu verkefni deildarstjóra fjármála- og rekstrarþjónustu skóla og frístundasviðs:

- Áætlanagerð
- Uppgjör og frávikagreining
- Þróun á lykiltalagreiningu
- Eftirfylgni til að tryggja að útgjöld séu innan fjárheimilda
- Ýmsar greiningar og útreikningar
- Fjárhagslegt eftirlit
- Svörun fyrirspurna

Auk þess kemur deildarstjóri að öðrum verkefnum fjármála- og rekstrarþjónustu.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólagráða í viðskiptafræði með áherslu á fjármál eða endurskoðun
- Framhaldsmenntun á háskólastigi í viðskiptum æskileg
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum æskileg
- Reynsla af vinnu við uppgjör og áætlanagerð
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum
- Lípurð í samskiptum ásamt færni til að leiða hóp
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við stéttarfélag starfsmanna.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglir það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

# NÝ TÆKIFÆRI



Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækid þjónustufyrirtæki með öflugra liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki. Hjá Landsneti starfa u.þ.b. 100 manns.

## RAFORKUKERFI – VERK-/TÆKNIFRÆÐINGUR

Um er að ræða krefjandi starf við stýringu og vöktun raforkukerfisins frá stjórnstöð Landsnets auk annarra verkefna sem tengjast rauntímastýringu og áætlanagerð. Starfið er unnið á dag- og næturvöktum.

Hlutverk kerfisstjórnar Landsnets er að annast stýringu og samhæfingu raforkukerfisins skv. raforkulögum. Í stjórnstöð Landsnets er rekið umfangsmikið stjórnkerfi fyrir raforkukerfi Íslands.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stýring og vöktun raforkukerfisins
- Aðgerðastjórnun og áætlanagerð um rekstur flutningskerfisins
- Hönnun og endurbætur á verkferlum
- Úrvinnsla gagna og skýrslugerð
- Eftirlit með að öryggiskröfum Landsnets og annarra opinberra aðila sé framfylgt
- Þátttaka í rekstri reglunarafslmarkaðar

### Við leitum að einstaklingi sem hefur:

- Menntun á sviði rafmagnstækni- eða rafmagnsverkfræði, sérhæfing á raforkusviði er æskileg
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna undir álagi
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og taka óhindrað ákvarðanir
- Samvinnu liðsheildar að leiðarljósi og leggur áherslu á þjónustu við viðskiptavinum

### Í boði er:

- Faglegt vinnuumhverfi og góð vinnuaðstaða
- Fjölbreytt verkefni í góðum hópi sérfræðinga
- Áhersla á þjálfun og tækifæri til starfsþróunar
- Fjölskylduvænn vinnustaður

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst í bæði störfum.

## SKJALASTJÓRI

Um er að ræða nýtt starf á upplýsingatækisviði. Leitað er að kraftmiklum og árangursdrifnum einstaklingi til að leiða krefjandi verkefni við uppbyggingu skjalasafns fyrirtækisins.

### Starfssvið:

- Ábyrgð og stjórnun á skjalastjórnunarkerfi og tæknigagnasafni
- Uppbygging, þróun og viðhald skjalastjórnunarkerfis og gagnasafna
- Mótun stefnu í skjala- og gagnamálum og gerð ferla
- Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsmenn í skjala- og gagnamálum
- Úttektir á skjalakerfi og gagnasöfnun
- Umsjón og eftirlit með aðgangsstýringum skjala og gagna

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun eða góð reynsla af bókasafns- og upplýsingafræðum
- Góð almenn tölvufærni og geta til að tileinka sér nýja tölvutækni
- Sérhæfing eða reynsla af rafrænum skjalastjórnunarkerfum er kostur
- Þekking eða áhugi á tækniskjölum/tæknigögnum
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Metnaður og hæfni til að meta og koma til móts við þarfir innri viðskiptavina
- Farsæl reynsla af samskiptum og þjónustu við stjórnendur og starfsmenn
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfum á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## VEFSTJÓRI



Flugfélag Íslands er markaðsdrifið þjónustufyrirtæki sem starfar á innanlandsmarkaði og þjónar einnig öðrum vest-norrænum löndum svo sem Færeyjum og Grænlandi. Flugfélagið leggur áherslu á jákvæð viðhorf, fagmennsku og sveigjanleika. Hjá félaginu starfa um 250 manns sem allir gegna lykilhlutverki í starfseminni.

Flugfélag Íslands leitar að kraftmiklum og markaðsþenkjandi vefstjóra til starfa sem býr yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum. Í boði er spennandi starf hjá öflugum fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullum og samhentum hópi starfsmanna.

## Starfssvið

- Þátttaka í stefnumótun fyrir vefmál Flugfélags Íslands
- Umsjón og ábyrgð með innihaldi og framsetningu efnis á vef félagsins
- Mótun og framkvæmd markaðsaðgerða á netinu og samfélagsmiðlum
- Umsjón með innri vefmálum
- Önnur verkefni á sviði markaðsmála

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Brennandi áhugi á vef- og markaðsmálum
- Þekking á þjónustu, sölu- og markaðslausnum í vefumhverfi
- Þekking á notendaviðmóti og virkni vefumhverfis
- Góð íslenskukunnátta skilyrði og færni í rituðu máli á íslensku og ensku, þekking í þýsku eða dönsku er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Umsjón með starfinu hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

Capacent

## VIÐSKIPTATENGILL

capacent

## Langar þig að vinna hjá einu stærsta þekkingarfyrirtæki landsins?

Rannsóknarsvið Capacent leitar að öflugum viðskiptatengli með metnað til að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu.

Starfið felst í samskiptum við núverandi viðskiptavini og öflun nýrra, greiningu á þörfum viðskiptavina fyrir upplýsingar, hönnun rannsókna og kynningu og túlkun niðurstaðna fyrir viðskiptavinum.

Þú þarft að hafa þekkingu á rannsóknum, vera með háskólagráðu og reynslu sem nýtist í starfi ásamt góðri færni í mannlegum samskiptum.

## Einnig þarftu að:

- Eiga gott með að vinna bæði sjálfstætt og með öðrum
- Eiga auðvelt með að tala fyrir framan hóp
- Búa yfir miklu frumkvæði
- Vera metnaðarfull(ur)
- Geta unnið undir álagi

Rannsóknir Capacent eru m.a. á sviði markaðs-, ímyndar-, þjónustu-, starfsmanna- og kjaramála. Capacent er í eigu starfsmanna og býður upp á þjónustu á sviði rannsókna, ráðgjafar og ráðninga. Capacent er eitt af stærstu þekkingarfyrirtækjum landsins og þar starfa metnaðarfullir starfsmenn með víðtæka menntun og þekkingu.

Umsjón með starfinu hafa Gunnar Haugen (gunnar.haugen@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á [WWW.CAPACENT.IS](http://WWW.CAPACENT.IS)

capacent

# MEN&MICE

## Snillingar óskast

Vegna nýrra og spennandi tækifæra, bæði í vöruþróun og verkefnum fyrir alþjóðlega viðskiptavinum, þurfum við að bæta við okkur öflugum hugbúnaðarsérfræðingum með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu. Starfsumhverfið er mjög áhugavert, verkefnið krefjandi og viðskiptavinirnir spennandi.

### Sérfræðingar í hugbúnaðarþróun

Spennandi störf við hönnun og þróun á stöðluðum, alþjóðlegum hugbúnaði í öflugum og kröfuhörðu þróunarteymi með góðan starfsanda.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærileg menntun
- Haldgóð reynsla af þróun hugbúnaðarkerfa
- Metnaður, öguð vinnubrögð og góð samstarfshæfni

### Hugbúnaðarprófanir

Tækifæri til að byggja upp öflugt umhverfi fyrir prófanir á lausnum fyrir kröfuharða alþjóðlega viðskiptavinum.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Haldgóð reynsla af prófunum
- Háskólamenntun á sviði upplýsingatækni æskileg
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg

### Tæknileg sérfræðiráðgjöf

Fjölbreytt tækifæri í þjónustu og ráðgjöf á sviði DNS, DHCP og IP-stjórnun. Við þjónum alþjóðlegum stórfyrirtækjum á okkar fagsviði.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærileg menntun
- Haldgóð reynsla af þjónustu hugbúnaðarkerfa og netkerfum
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg

Menn og mýs er rótgróið hugbúnaðarfyrirtæki, stofnað árið 1990. Menn og mýs þróar staðlaðar hugbúnaðarlausnir fyrir alþjóðlegan markað. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun og sölu hugbúnaðarlausna fyrir IP address management í Microsoft og Linux netumhverfum.

Viðskiptavinir okkar eru alþjóðleg stórfyrirtæki sem þurfa heildstæða lausn við stjórnun og eftirlit á DNS, DHCP og IP-skilgreiningum. Verkefni fyrir Microsoft, Intel, Xerox, HP, Shell, IMF, Sprint, Nestlé, Unilever, Monsanto, Bosch, T-Mobile og VMWare eru meðal viðfangsefna okkar.

intellecta

Upplýsingar um störfin veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225.


Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst nk.

Allar umsóknir og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is). Umsókn um störfin þarf að fylgja starfsferilskrá.

Capacent Ráðningar

## INNKAUPASTJÓRI MATVÖRU




Samkaup hf. er framsækið verslunarfyrirtæki sem starfrækir 48 verslanir víðsvegar um landið. Meðal vörumerkja verslana Samkaupa hf. eru Nettó, Kaskó, Samkaup Úrval og Samkaup Strax. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Reykjanesbæ.

Samkaup leitar að innkaupastjóra matvöru í krefjandi, áhugavert og gefandi starf. Við leitum að einstaklingi sem hefur gaman af samskiptum og samningamálum. Innkaupastjóri ber ábyrgð á innkaupum, verðlagningu, vöruvali og markaðsmálum frá innlendum birgjum. Innkaupastjóri upplýsir starfsfólk verslana um nýja samninga og áherslur í matvörudeildum fyrirtækisins.

### Helstu verkefni

- Skipulag markaðsaðgerða á einstökum vöruflokkum
- Samskipti við birgja
- Skipulag á innkaupum og pöntunum á matvöru
- Sölu- og framlegðargreining á matvöru
- Skipulag á framstillingum í verslunum
- Greining á samkeppnisaðilum og samskipti við verslanir
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum eða sambærilegur starfi er kostur
- Styrkleikar í mannlegum samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagshæfni, drifkraftur og frumkvæði eru mikilvægir eiginleikar
- Vilji og geta til að vinna undir álagi ásamt þörf til að ná árangri

Viðkomandi starfsmaður mun hafa starfsstöð í Reykjanesbæ. Boðið er upp á góðan starfsanda í skemmtilegu og krefjandi umhverfi. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000




# FAGLEGUR OG KRAFTMIKILL LEIÐTOGI

## Deildarstjóri gæðamála

Við leitum að leiðtoga sem hefur brennandi áhuga á að vinna að gæðamálum með það að leiðarljósi að einfalda og bæta ferla. Framundan er áframhaldandi uppbygging gæðakerfis í samræmi við Solvency II tilskipunina og ISO 27001 staðalinn. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af því að beita skipulegri verkefnastjórnun til að ná tókum á flóknum viðfangsefnum og búa yfir miklum hæfileikum til að leiða fólk fyrir sjónir mikilvægi þess að vinna að umbótum.

### Hæfniskröfur:

- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af gæðamálum
- Reynsla af verkefnastjórnun og skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Nánari upplýsingar veitir Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 16. ágúst nk. og skulu umsækjendur sækja um störf in á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).



VÍS er nútímalegt þjónustufyrirtæki með 43 þjónustuskrifstofur víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lyklatríði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheid. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS vill fela starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | [vis.is](http://vis.is)

## Starfsmaður í tæknideild

Tæknideild er hluti af starfsemi Actavis hf. og sér um viðhald og eftirlit með tækjabúnaði í verksmiðju og rannsóknarstofu fyrirtækisins, sem staðsett er í Hafnarfirði. Unnið er eftir skriflegum leiðbeiningum og öll viðhaldsvinna er skráð í þjónustuskýrslur/viðhaldsforrit. Um er að ræða vaktavinnu á tvískiptum vöktum, auk bakvakta.

### Helstu verkefni:

- Fyrirbyggjandi viðhald, viðgerðir, eftirlit og breytingar á tækjabúnaði framleiðslu- og gæðasviðs
- Skiptingar á milli vörutegunda og uppstart á pökkunarlinum
- Þátttaka í uppsetningu á fyrirbyggjandi viðhaldi og nýjum tækjabúnaði
- Þátttaka í gildingarvinnu og kvörðunum á tækjabúnaði Actavis

### Við leitum að einstaklingi

- með vélfræðimenntun eða sambærilega menntun
- með reynslu af viðgerðum á vélbúnaði, stýringum og rafbúnaði (nauðsynlegt)
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum
- sem er nákvæmur og sýnir sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- með góða ensku- og tölvukunnáttu



## Labelling Manager/ Labelling Scientist

Vegna aukinna verkefna leitum við eftir einstaklingum til starfa í lyfjaupplýsingadeild (Prescribing and Patient Information). Lyfjaupplýsingadeild tilheyrir skráningarsviði Actavis Group og ber ábyrgð á gerð lyfjaupplýsinga þegar verið er að sækja um markaðsleyfi fyrir lyf á alþjóðavísu sem og viðhald á lyfjaupplýsingum eftir veitingu markaðsleyfa. Til lyfjaupplýsinga telst samantekt um eiginleika viðkomandi lyfs, áletrun umbúða og upplýsingar í fylgiseðli sem ætlaður er notendum lyfsins.

### Helstu verkefni:

- Gerð lyfjaupplýsinga vegna umsókna um markaðsleyfi
- Viðhald lyfjaupplýsinga eftir veitingu markaðsleyfa
- Tryggja að reglum, leiðbeiningum og fyrirmælum ESB/EES sé fylgt hvað varðar lyfjaupplýsingar
- Eftirfylgni með að verklagsreglum Actavis sé fylgt hvað varðar lyfjaupplýsingar

### Við leitum að einstaklingum

- með háskólamenntun í lyfjafræði, læknisfræði eða öðrum heilbrigðis-/lífvísindum
- með mjög góða enskukunnáttu, önnur tungumálakunnáttu er kostur
- með reynslu af textagerð
- sem eru nákvæmir og sjálfstæðir í vinnubrögðum
- með góða almenna tölvukunnáttu
- með þekkingu á lyfjaskráningum, lyfjagát eða klínískum rannsóknum (Labelling Manager)



## Verkefnastjóri á sviði upplýsingatækni og innra eftirlits

Starfið tilheyrir samstæðu- og reikningshaldsdeild Actavis Group sem sér meðal annars um uppgjör á samstæðu félagsins. Starfið felur í sér að vera til stuðnings hvað varðar upplýsingatæknimál deildarinnar. Jafnframt felst í starfinu að hafa umsjón með og innleiða innri eftirlitsþætti í ferlum tengdum verkefnum deildarinnar. Actavis Group notar Cognos Controller við gerð samstæðuuppgjors og eru sum af dótturfélögum félagsins að innleiða SAP viðskiptakerfið.

### Helstu verkefni:

- Virk þátttaka í SAP innleiðingu félagsins
- Vinna með aðilum innan upplýsingatæknisviðs Actavis Group, bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi, að uppbyggingu á upplýsingakerfum félagsins
- Innleiðing og viðhald annarra kerfa sem notuð eru af deildinni
- Skilgreina og innleiða innri eftirlitsþætti í ferlum deildarinnar
- Önnur verkefni

### Við leitum að einstaklingi

- með háskólamenntun í viðskiptafræði, verkfræði, tölvunarfræði, upplýsingatæknikerfum eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi
- með reynslu í að vinna með SAP
- með reynslu í að vinna við reikningshald og innra eftirlit
- með reynslu af innleiðingu og/eða stjórnun á upplýsingakerfum
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum og er góður í hópi
- sem sýnir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- sem er skipulagður og lausnamiðaður



## Starfsmaður í pökkunardeild

Í pökkunardeild fer fram vélakeyrsla í kartona- og þynnupökkun, uppgjör eftir vinnslu og skjalfesting. Einnig tæknileg umsjón/aðstoð við uppsetningu auk breytinga og stillinga á pökkunarlinum. Starfsmenn í pökkunardeild vinna eftir skriflegum leiðbeiningum og fylgja verkferlum. Unnið er á þrískiptum átta tíma vöktum sem skiptast í dag-, kvöld- og næturvaktir og hver starfsmaður vinnur fjórðu hverju helgi og þá er unnið á tólf tíma vöktum.

### Við leitum að einstaklingum

- með almenna menntun og/eða starfsreynslu sem nýtist
- sem eru verklagnir og geta tileinkað sér nákvæm vinnubrögð
- sem eru góðir í að vinna í hópi
- sem geta unnið eftir nákvæmu skipulagi og fylgt reglum
- sem eru stundvísir og geta unnið vaktavinnu
- með ensku- og tölvukunnáttu

### Hjá Actavis bjóðum við upp á:

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mótuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjupjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag

Fleiri  
laus störf á  
[www.actavis.is](http://www.actavis.is)

Nánari upplýsingar veitir Jenný Sif Steingrimsdóttir, [jsteingrimsdottir@actavis.is](mailto:jsteingrimsdottir@actavis.is). Umsóknir óskast fylltar út á [www.actavis.is](http://www.actavis.is), undir Störf í boði fyrir 19. ágúst nk. Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.



## ÖRYGGISVÖRÐUR SECURITY GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst 2012.**

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:  
<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this position is **August 24, 2012**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:  
<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

Please send your application and resumé to :  
[reykjavikvacancy@state.gov](mailto:reykjavikvacancy@state.gov)

## TUZZI KRINGLUNNI

### Erum við að leita að þér?

Við leitum að konu...

- með brennandi áhuga á tísku, fólki og fatnaði
- með ríka þjónustulund
- þægilega og góða nærveru
- sem er jákvæð og drífandi
- samvisskusöm og stundvís
- sem getur hafið störf sem fyrst

**Hver erum við:**

Verslunin TUZZI er kvenfataverslun í Kringlunni sem býður upp á vandaðan þýskan og danskan kvenfatnað í stærðum 34-46. TUZZI er sennilega hvað þekktust fyrir að vera með frábærar buxur í góðum sniðum, flotta kjóla og vandaða leðurskó. Hjá okkur er lítil starfsmannavelta og góður starfsandi. Við leggjum mikið upp úr persónulegri og einlægrri þjónstu við viðskiptavinum okkar.

Ef þetta vekur áhuga þinn þá skaltu senda okkur atvinnuumsókn á [tuzzi@tuzzi.is](mailto:tuzzi@tuzzi.is) gott væri að fá ferilskrá með mynd.

Nánari upplýsingar veitir Ása Björk Antoníusdóttir í sama netfangi.



## GARÐUR

### Starfsmaður óskast í skólasel Gerðaskóla

Starfsmaður óskast í hlutastarf í skólasel Gerðaskóla skólaárið 2012-2013.

Um er að ræða gæslustarf með yngri nemendum skólans frá lokum skólalags til um kl. 16:00.

Óskað er eftir jákvæðum einstaklingi sem er tilbúinn í krefjandi og jafnframt gefandi starf með börnum.

Upplýsingar gefa skólastjórnendur í síma 422-7020.

Umsóknir skulu berast til skólastjóra í síðasta lagi 13. ágúst.

Sendu má umsókn rafrænt í netfangið: [skarpheiddin@gerdaskoli.is](mailto:skarpheiddin@gerdaskoli.is)



## TE & KAFFI

**Hjá Te og kaffi starfar fjöldinn allur af hressu og skemmtilegu fólki og nú vantar að bæta í þann góða hóp.** Við leitum að duglegum og áhugasömum einstaklingum til að takast á við spenandi verkefni með okkur á kaffihúsum okkar.

**Starfslýsing:**

- Almenn störf á kaffihúsum

**Hæfniskröfur:**

- Eldri en 22 ára
- Einungis fullt starf í boði, ekki hlutastarf

Umsóknir sendist á [atvinna@teogkaffi.is](mailto:atvinna@teogkaffi.is)

# VR auglýsir tvær lausar stöður sérfræðinga:

## Hagfræðingur hjá Landssambandi íslenskra verslunarmanna (LÍV) og á Þróunarsviði VR.

**Helstu verkefni hagfræðings verða:**

Verkefnastjórn hjá LÍV.

Að fylgjast með framvindu efnahagsmála og vera samninganefndum LÍV og VR til ráðgjafar í þeim efnum.

Almennar greiningar m.a. á vinnumarkaði og álitamálum tengdum kjarasamningum.

Almenn tölfraeðigreining, hagkvæmniútreikningar og önnur sérverkefni.

**Hæfniskröfur:**

Áskilið er a.m.k. BS-próf í hagfræði eða sambærileg menntun.

Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund.

Umsækjandi þarf að hafa gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku, og hæfileika til að setja fram fræðileg efni á skýran hátt.

Sveigjanleiki og færni til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð.

Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til [hagfraedingur@vr.is](mailto:hagfraedingur@vr.is) fyrir 22. ágúst 2012.

## Sérfræðingur hjá Landssambandi íslenskra verslunarmanna (LÍV) og á Þróunarsviði VR.

**Helstu verkefni sérfræðings verða:**

Verkefnastjórn á vettvangi starfsmenntasjóða.

Frumkvæði að þróun starfsmenntunar/fagmenntunar fyrir verslunar- og þjónustugreinar.

Samskipti við stofnanir á sviði endur- og símenntunar.

Almenn greiningarvinna, kynningarmál og hagsmunagæsla.

**Hæfniskröfur:**

Háskólapróf og/eða starfsreynsla á sviði starfsmenntamála.

Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund.

Sveigjanleiki og færni til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð.

Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til [serfraedingur@vr.is](mailto:serfraedingur@vr.is) fyrir 22. ágúst 2012.



## Starfsmaður í gestamóttöku

101 Hótel auglýsir eftir starfsmanni í gestamóttöku hótelsins

Unnið er á 2-2-3 vöktum allt árið um kring(8:00-20:00).

**Helstu verkefni**

- Móttöku gesta og önnur verkefni sem tilheyra móttöku hótelsins

Þarf að geta hafið störf sem fyrst

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af störfum í gestamóttöku
- Reynsla af Navision
- Góð tölvukunnátta
- Íslenska/enska skilyrði, önnur tungumálakunnátta kostur
- Snyrtimennska og stundvísi
- Sveigjanleiki í starfi
- Reyklaus

Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá á [job@101hotel.is](mailto:job@101hotel.is) merkt „101 Hótel Gestamóttaka“

Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst 2012

## Vaktstjóri í veitingasal

101 Hótel auglýsir eftir einstaklingi með reynslu af þjónustustörfum og verkstjórn til að sinna starfi vaktstjóra í veitingasal hótelsins.

Unnið er á 2-2-3 vöktum.

Aldurstakmark 25 ára.

Vinsamlegast sendið umsóknir með ferilskrá á [job@101hotel.is](mailto:job@101hotel.is).

Umsóknarfrestur er til 19. ágúst 2012

Capacent Ráðningar

## STÖRF HJÁ SAMSKIPUM

SAMSKIP

Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum heildarlausnir á sviði flutninga og flutningatengdrar þjónustu og veitir faglega og persónulega ráðgjöf. Hjá Samskipum starfar kröftugur hópur starfsfólks sem vinnur með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og við bjóðum upp á fyrirmyndar vinnuástöðu.

## SÉRFRÆÐINGUR Í MANNAUÐSDEILD

## Starfssvið

- Almenn launavinnsla
- Greiningar og úrvinnsla tölfraðilegra upplýsinga
- Skýrslugerð
- Upplýsingagjöf vegna kjara og réttinda
- Virk þátttaka í verkefnum á ýmsum sviðum mannauðsmála

## Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af launavinnslu æskileg
- Góð tök á íslensku og ensku
- Mjög góð tölvufærni
- Sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum
- Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna undir álagi
- Metnaður til að ná árangri í starfi

## HÁSETI Á FLUTNINGASKIP

## Menntunar- og hæfnikröfur

- Reynsla af sjómennsku er æskileg
- Réttindin; "Öryggisfræðsla" hjá Slysavarnaskóla sjómanna og "Hásetafræðsla – aðstoðarmaður í brú"
- Dugnaður, hreysti og heiðarleiki
- Góð samstarfshæfni
- Rík öryggisvitund

## RÁÐNINGAFULLTRÚI Í SKIPAREKSTRARDEILD

## Starfssvið

- Umsjón með ráðningum skipverja
- Yfirferð og flokkun ferilskráa
- Undirbúningur og framkvæmd viðtala
- Gerð ráðningasamninga
- Eftirlit og umsjón með réttindamálum skipverja
- Launaskýrslur
- Kostnaðareftirlit og skýrslugerð
- Önnur tilfallandi verkefni

## Menntunar- og hæfnikröfur

- Haldgóð þekking og reynsla af vinnuumhverfi skipa
- Reynsla í ráðningamálum
- Enskukunnátta nauðsynleg
- Mjög góð tölvufærni
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum



Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störf in á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.

Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

## Sölumaður markhópalista

Creditinfo leitar að öflugum og drífandi starfskrafti til að leiða sölu á markhópalistum fyrirtækisins.

Starfið felur í sér sölu og ráðgjöf við gerð markhópalista. Unnið er með viðskiptavinum fyrirtækisins við að skilgreina og útbúa rafræna útsendingarlista til álitlegra markhópa til þess að tryggja megi betri árangur í beinni markaðssókn.

Starfsmaðurinn aðstoðar viðskiptavinum við greiningu viðskiptasafns með það að markmiði að hámarka árangur í sölu- og markaðsstarfi.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Vilji og hæfni til að ná árangri
- Reynsla af sölu og ráðgjöf
- Þekking á íslenskum fyrirtækjamarkaði
- Samskiptahæfileikar, sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og ensku ásamt góðri tölvuþekkingu

Umsóknarfrestur er til og með 17. ágúst. Upplýsingar um starfið veitir Snorri Jónsson starfsmannastjóri, snorri@creditinfo.is eða í síma 550 9600. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á atvinna@creditinfo.is merkt „Sölumaður“.

Creditinfo er leiðandi fyrirtæki í miðlun fjárhags- og viðskiptaupplýsinga og veitir einnig fjölbreytta fjölmiðlaþjónustu.



Creditinfo Höfðabakka 9 Sími: +354 550 9600  
www.creditinfo.is 110 Reykjavík Fax: +354 550 9601

## Tannlæknastofa Hafnarfirði

Auglýsir eftir starfskrafti í 100% starf. Ath. að einungis vanur starfsmaður kemur til greina. Umsóknir með ferilskrá má senda á tannlaeknir@simnet.is



Akraneskaupstaður

### Staða sálfræðings

**Laus er staða sálfræðings (85%) við sérfræðiþjónustu skóla á Akranesi frá 1. september n.k..**

Um er að ræða afleysingastöðu til eins árs. Umsækjendur skulu hafa leyfi til að starfa sem sálfræðingar sbr. lög nr. 70/1976. Til greina kemur að gera verktaka-samning við sálfræðistofu.

**Umsóknarfrestur er til 22. ágúst.**

Laun skv. kjarasamningi SÍ og Sambands ísl. sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar gefur framkvæmdastjóri Fjölskyldustofu í síma 433 1000, netfang: helga.gunnarsdottir@akranes.is.

Umsóknir skulu sendar til Akraneskaupstaðar, Stíllholti 16-18, 300 Akranes.

Einnig er hægt að sækja um rafrænt á heimasíðu Akraneskaupstaðar [www.akranes.is](http://www.akranes.is).

## Leiðtogi innkaupateymis Fjarðaáls

Spennandi tækifæri fyrir reyndan sérfræðing í innkaupum

Leiðtogi innkaupateymis ber ábyrgð á innkaupaferlum Fjarðaáls og hefur mannaforráð í innkaupateyminu. Starfið heyrir undir innkaupastjóra Alcoa fyrir Noreg og Ísland. Í starfinu felst meðal annars stjórnun og þróun vöruleitar, útboða, samningagerðar, innkaupaferla og innkaupastefnu.

### Ábyrgðarsvið

- Leiða innkaupateymi Fjarðaáls.
- Stýra vöruleit og samningum sem varða rekstrarvörur og þjónustu.
- Styðja og innleiða alþjóðlega innkaupastefnu Alcoa.
- Vinna að stöðugum endurbótum og hagræðingu í innkaupum.
- Próa árangursríkt samband við birgja.
- Tryggja fylgni við innkaupareglur Alcoa.
- Mæta þörfum Fjarðaáls með skilvirkri stjórnun innkaupa.
- Önnur stjórnunarstörf tengd innkaupum.

### Hæfniskröfur

- Menntun í verkfræði eða viðskiptafræði og reynsla af innkaupastjórnun.
- Hæfileiki til að leiða teymi og starfa með fjölbreyttum hópi innkaupafólks Alcoa í Evrópu.
- Viðkomandi verður að geta ræktað góð tengsl við fjölmarga aðila innan og utan fyrirtækisins og þróað árangursrík viðskiptasambönd.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku er skilyrði.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Frekari upplýsingar veitir Magnús Þór Ásmundsson. Umsóknnum skal skilað á umsóknarvef Alcoa Fjarðaáls, <http://starf.fjarmaal.is>.

Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst 2012.

Alcoa Fjarðaál



Starfsmaður Alcoa Fjarðaáls, Hinrik Þór Oliverson, ásamt konu sinni Bryndísi og dóttur þeirra Huguínu Elfu í Eskifjarðarsundlaug.





# Hefur þú ástríðu fyrir upplýsingatækni?

Vegna góðrar verkefnastöðu og fjölgunar viðskiptavina leitum við að starfsfólki. Ef þú vilt starfa á líflegum vinnustað við hlið fagfólks í fremstu röð, þá erum við að leita að þér.

## Veflausnir - forritarar

Hér erum við að tala um snillinga í vefmálum til að vinna við forritun og uppsetningu vefja. Áhugi, þekking og reynsla af vefforritun skilyrði. Gott vald á .NET, CSS, HTML, XML, Javascript og jQuery er mikill kostur.

## ÓPUSallt - hugbúnaðarsérfræðingur

Við leitum eftir liðstyrk í öflugan hóp sérfræðinga í ÓPUSallt viðskiptalausnum. Starfið felst í þróun, forritun, ráðgjöf og innleiðingu á ÓPUSallt. Gerð er krafa um háskólapróf og gott vald á .NET. Þekking á MS SQL er kostur.

## Sérlausnir - forritarar

Við leitum að forriturum á sviði sérlausna. Um er að ræða spennandi verkefni í fjölbreyttu og krefjandi tækniumhverfi. Gerð er krafa um háskólapróf og reynslu af hugbúnaðargerð í .NET umhverfi.

## Veflausnir - verkefnastjóri

Verkefnastjóri stýrir stærri og minni verkefnum, þarfagreiningu, öflun verkefna, almennri ráðgjöf og þjónustu. Við leitum að aðila með háskólapróf. Reynsla af vefverkefnum, sérhæfing á sviði verkefnastjórnunar og reynsla af Agile aðferðum er kostur.

## Ráðgjafar - viðskiptaferlar/skjalastjórnun

Okkur vantar reynslubolta eða fólk með brennandi áhuga á að sinna ráðgjöf til viðskiptavina. Ráðgjöfin felst einkum í þarfagreiningu og útfærslu ferlamíðaðra kerfa í tengslum við vinnslu og meðhöndlun skjala. Gerð er krafa um háskólapróf og reynslu á sviði upplýsingatækni. Reynsla af Agile aðferðum er mikill kostur.

## Samþætting - sérfræðingur

Á sviði samþættingar vinnum við með fjölbreytta flóru af verkfærum, meðal annars webMethods, Tibco og Microsoft. Við leitum að öflugum aðila til að vinna við hönnun og útfærslu verkefna fyrir okkar stærstu viðskiptavinum. Gerð er krafa um háskólapróf, reynslu af hugbúnaðargerð og góða þekkingu á sviði gagnagrunna og/eða viðskiptakerfa.


## Viðskiptagreind - sérfræðingur

Við viljum ráða sérfræðing til að starfa við almenna ráðgjöf og þjónustu, ásamt hönnun og smíði viðskiptagreindarlausna með áherslu á Targit og Microsoft BI. Háskólapróf, reynsla af Microsoft Dynamics Ax eða Dynamics NAV og þekking á MS SQL er skilyrði.

Advania er jafnréttissinnað og fjölskylduvænt fyrirtæki sem hlúir vel að starfsfólki og býður frábært vinnuumhverfi. Hjá fyrirtækinu starfa 1.100 starfsmenn á 20 starfsstöðvum í 4 löndum.

Kíktu á [advania.is/atvinna](http://advania.is/atvinna) og fáðu nánari upplýsingar eða hringdu í síma 440 9000 og spurðu um Jónínu Guðmundsdóttur. Umsóknarfrestur er til 22. ágúst.





## Stjörnu-Oddi óskar eftir rafeindavirkjum og laghentum starfsmönnum

Óskað er eftir rafeindavirkjum og laghentum starfsmönnum sem hafa lokið grunndeild rafiðnaðar eða hafa reynslu af rafeindasamsetningu og lóðavinnu. Farið er fram á árangursmeðvitund, vandvirkni, samvirkusemi og stundvísi.

Stjörnu-Oddi framleiðir mælitæki fyrir alþjóðlegan markað sem eru aðallega notuð til umhverfisránsókna, til merkinga á dýrum og í iðnað.

Við bjóðum spennandi verkefni sem unnin eru með samstilltum hópi starfsmanna í fyrirtæki sem á mikla framtíðarmöguleika.

Umsóknin sendist með tölvupóst á [sigmar@star-oddi.com](mailto:sigmar@star-oddi.com), umsóknarfrestur er til mánudags 20. ágúst. Frekari upplýsingar veitir Sigmar Guðbjörnsson í síma 533 6060, heimasíða Stjörnu-Odda er [www.star-oddi.com](http://www.star-oddi.com).

## UNGBARNALEIKSKÓLINN BJARMI

Á Ungbarnaleikskólanum Bjarma í Hafnarfirði vantar starfsmann til að sinna eldhúsi og afleysingu inn á deild.

Viðkomandi þarf að búa yfir sjálfstæði og geta sýnt sveigjanleika í daglegu starfi. Einnig er kostur að vera jákvæður og líta lífið björtum augum.

Vinsamlegast sendið umsókn ásamt starfsferils-skrá á netfangið [bjarmi@bjargir.com](mailto:bjarmi@bjargir.com)

Nánari upplýsingar veitir Svava Björg í síma 695 3089

## DEBENHAMS

### Starfsmaður óskast í herradeild Debenhams

Í starfinu felast almenn afgreiðslustörf:

- Þjónusta við viðskiptavinum
- vörumóttaka og aðstoð við framsetningu vara
- almennt viðhald á útliti verslunarinnar

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Metnaður og stundvísi
- Jákvæðni
- Brennandi áhugi á tísku

Meðmæli eru skilyrði.

Umsóknir skulu sendast á [sigrídur@debenhams.is](mailto:sigrídur@debenhams.is) fyrir 20 ágúst 2012.

Gerðu lífið skemmtilegra



## DRÍFANDI OG SKAPANDI LEIÐTOGI ÓSKAST

### FORSTÖÐUMAÐUR MARKAÐSDEILDAR

Markaðsdeild er hluti af þróunar- og markaðssviði Arion banka. Markaðsdeild framfylgir markaðsstefnu bankans og sér um að markaðssetja vörur og þjónustu hans. Deildin annast einnig viðburðastjórnun, verkefni tengd samfélagslegri ábyrgð, innri markaðssetningu og önnur tengd verkefni.

Forstöðumaður hefur forystu um stefnumótun í markaðsmálum, annast áætlanagerð, daglegan rekstur deildarinnar, stýrir verkefnum og sinnir samskiptum við svið og deildir bankans, auglýsingastofu og aðra hagsmunaaðila.

Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst 2012.

### HÆFNISKRÖFUR

- ◆ Háskólanám sem nýtist í starfi. Sérhæfing í markaðsmálum er æskileg.
- ◆ Reynsla af markaðsmálum í meðalstóru eða stóru fyrirtæki.
- ◆ Hæfni til stefnumótunar og framkvæmdar stefnu.
- ◆ Stjórnunarreynsla.
- ◆ Sköpunargáfa og hugmyndaauðgi.
- ◆ Leiðtogahæfni og framúrskarandi samskiptafærni.
- ◆ Gott tengslanet.
- ◆ Frumkvæði, drifkraftur og metnaður í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jónas Hvannberg, starfsmannastjóri, í síma 444 6376, netfang [jonas.hvannberg@arionbanki.is](mailto:jonas.hvannberg@arionbanki.is).

Umsækjendur sækja um starfið á vefsíðu bankans, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is).

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ráðið hefur verið í starfið.



[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRÐUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

### Framtíðarstörf og afleysingar

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða fólk í störf á heimilum fatlaðs fólks í Hafnarfirði. Bæði vantar í störf þroskaþjálfara eða starfsfólk með sambærilega menntun og einnig vantar í störf ófaglærðra starfsmanna. Í boði er vaktavinna í mismunandi starfshlutföllum. Nánari upplýsingar er að finna á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is) undir auglýsingar.

Helstu verkefni:

- Veita íbúum stuðning við athafnir daglegs lífs.
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum og verklagsreglum.

Hæfniskröfur:

- Áhugi á málefnum fatlaðs fólks.
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framtakssemi og samvirkusemi.
- Viðkomandi verður að hafa hreint sakavottorð.
- Aldursskilyrði 20 ár.

Í boði er:

- Spennandi og lærdómsríkt starf
- Fjölbreytt verkefni

Upplýsingar um störf veita:

- Matthildur Sigurðardóttir, sími: 565-5344/664-5730, netfang: [matthildurs@hafnarfjordur.is](mailto:matthildurs@hafnarfjordur.is)
- Stella Á. Kristjánsdóttir, sími: 544-2360/664-5726, netfang: [stellak@hafnarfjordur.is](mailto:stellak@hafnarfjordur.is)
- Eydis Hulda Jóhannesdóttir, sími: 565-2545/664-5799, netfang: [eydisj@hafnarfjordur.is](mailto:eydisj@hafnarfjordur.is)

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til 20. ágúst 2012. Umsóknum skal skilað til viðkomandi forstöðumanns.

Fjölskylduþjónustan í Hafnarfirði

## Viltu ganga í lið með okkur?

### Leikskólinn Korpukot

Óskar eftir skemmtilegu og drifandi starfsfólki sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleika og frumkvæði.

Við leitum að:


- Leikskólakennara eða öðru uppeldismenntuðu starfsfólki
- Aðstoð matráðs

Áhugasamir hafi sambandi við Kristínu í síma

577 1900

Korpukot

Fossaleyni 12, Grafarvogi • 112 Reykjavík • Sími 577 1900  
kristin@korpukot.is



## Sálfræðingur Sálfræðipjónusta á geðsviði

Laus eru til umsóknar stórf sálfræðinga hjá sálfræðipjónustu geðsviðs Landspítala. Um er að ræða tímabundnar ráðningar. Leitað er að sálfræðingum með þekkingu og reynslu af greiningu og meðferð fullorðinna einstaklinga með geðraskanir, annars vegar til starfa í bráðþjónustu geðsviðs og hins vegar í endurhæfingu sviðsins. Störf eru laus nú þegar og fer starfshlutfall eftir samkomulagi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

